

Eins og strá svignar í vindi

Systkínin, traktor, Gas-jeppinn og Sámur sem urreði alltaf.



Þingmaðurinn, The Beatles, sveitly, amma og afi, pabbi og mamma

Skáldsaga. Höfundur Konráð Rúnar Friðfinnsson Mars 2010

Fjallar um þingmanninn
Frímenn Áka
og fjölskyldu hans.

Gerist 1964 á Íslandi.

Frásagan byggir ekki á
raunverulegum
persónum heldur eru allar
persónurnar
sem fram koma
skáldskapur.

Sagan er innlegg inn
í kristnina á Íslandi.

1 kafli.

Þingslit. Þingmenn fara í frí.

Forseti Alþingis stóð á fætur og bað sér hljóðs:

„Háttvirtir Þingmenn! Síðasta fundi Háttvirtis Alþingis íslendinga er lokið og er nú þingi slitið. Guð blessi ykkur sumarið og ég þakka ykkur vel unnin störf. Mér., afsakið., mig, hlakkar til að hitta ykkur næsta haust. Verið duglegir að heimsækja fólkið í kjördæmunum og að heyra í þeim hljóðið. „ – Forsetinn teygði sig í hamarinn og sló honum létt utan í bjölluna. Kunnuglegur, lágvær og mildur bjölluhljómur kvað við og eins og undirstrikaði orð mannsins. Hefð var fyrir þessum bjölluhljómi í sölum Alþingis bæði í Efri- og Neðri deildum þingsins.

Skarkali varð í salnum er menn drógu til stóla og stóðu á fætur. Allt í bland við ræskingar og hósta og skjáf í blöðum. Samantekin blöðin hurfu af borðunum og ofan í skjalatöskur þingmanna. Samspil raddanna inni myndaði klið sem fyllti salinn enda á milli. Hlátrar, handabönd, klapp á axlir, árnaðaróskir og faðmlög. Margir á staðnum höfðu lengi starfað saman og þekktust orðið allvel í þessu endalausá ölduróti stjórnmálanna sem aldrei líkur og sífellt er hægt að endurbæta og lagfæra og líka klúðra svo herfilega að lengi er í minnum haft. Þrátt fyrir að þingmennirnir hafi oft verið ósammála á liðnum vetri skildu þeir bestu vinir. Eins og heiðursmönnum líka sæmir.

Feitlaginn ljósmyndari frá dagblaðinu Tímanum var þarna. Maðurinn var með þrjónahúfu á höfði og klæddur þykku ullarvesti. Ljósmyndarinn var á sífelldri hreyfingu og mundandi vopn sitt til hægri og vinstri, upp og niður til að ná eins góðri mynd og mögulegt var. Maðurinn varð að hugsa hratt og ákveða sig fljótt.

Ljósmyndarinn hafði metnað og lagði sig fram í sinni ljósmyndun. Blaðamaðurinn sem skrifaði fréttina nyti góðs af vinu hans. Aldrei var að vita nema ein af þessum myndum hafnaði á forsíðu Tímans. Blaðamaðurinn var annarstaðar í húsinu með þingmann Akurflokksins í viðtali ásamt einum af ráðherrum ríkisstjórnarinnar úr Arnarflokki, hinum armi ríkisstjórnarinnar. Smellimur frá myndavélinni og leifturljósið frá flassinu blandaðist saman við orðræðuna inni.

Það sem blaðamaðurinn vildi vita um var barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum húsakosti almennings í landinu til að hreysin og restin af bröggunum legðust af og menn gætu flutt inn í félagslegar íbúðir og leigt þær af borginni. Í nokkur ár hafði verkalýðshreyfingin hamrað á stjórn málanum og útlit fyrir að slíkar byggingar risu í brekkunum hinum megin við Elliðaá.

Eins og aðrir í salnum stóð Frímann Áki Úlfarsson líka upp úr stól sínum með blaðabunka sinn ofan í skjalatösku. Nýja testamentið hans lá allajafna ofan á borðplötunni sem honum var úthlutað er mönnum var raðað niður í þingsalinn í upphafi þinghalds. Og í Guðs Orðið gluggaði hann í þegar stund gafst milli stríða. Sem var misjafnt og fór eftir efninu sem verið var að ræða og svona hitanum og stemningunni í þingsal. Í því sem hann er að láta Nýja testamentið ofan í brjóstvasa jakkans brá feitlagni ljósmyndarinn sér að honum og smellti af og sást Guðs Orðið greinilega í blaðinu næsta dag komið hálf ofan í jakkavasa þingmannsins. Líklegt er að þeir sem afgreiddu fréttina og myndina hafi ekki tekið eftir bókinni og því „svona óvart“ látið hana fylgja téðri frétt. Frímanni Áka þótti það ekki miður. Enda stoltur af Jesús og verkinu sem hann vann fyrir mannkynið á krossinum með dauða sínum og upprisu.

„Ha ha ha, „ - „ Þú segir ekki. „ - „ Brosa.“ - „ klikk klikk klikk. „ - „Bara eina enn „ - „ Svona „ Ææ. - Flassið mitt bilaði. „ Sjálfhætt var hjá ljósmyndaranum. Hann rauk út og hraðaði sér upp á blað til að framkalla ljósmyndirnar á framköllunarstofu Tímans. Dimma herberginu.

Allt var þetta þó góðu lagi. Vel lá á öllum. Þingmennirnir komnir í frí frá argaþrasi stjórnmalanna og gátu stundarkorn um frjálst höfuð strokið með sínum nánustu.

Vinna sumarsins var framundan með heimsóknnum til fólksins og fundarhöldum í litlum og stórum samkomuhúsum í sveitum kjördæmisins og kaupúnum landsins.

Staddur innanum alla þingmennina þakkaði Frímann Áki starfsbræðrum sínum samfylgdina um veturinn með þeim orðum að vera hvíldinni fegin og að hann hlakkaði til að bregða sér austur fyrir fjall og í Flóann og upplifa sveitasæluna, og fékk að heyra samsvarandi kveðjur frá hinum mönnunum, sem sjálfir ætluðu að verja ögn meiri tíma með sínum þó kannski ekki í sveitinni líft og Frímann talaði um en þá með öðrum hætti.

Foreldrar Frímanns Áka bjuggu á Hrafnakoti í Flóanum þar sem hann ólst upp og bjó uns hann kvæntist og fluttist til borgarinnar. Hrafnakot var meðalbú með 14 mjólkandi kúm og 250 kindum, hænum, hundi og fjórum hestum út í haga. Fólkið hans var allt mikið Deutz fólk sem taldi þann traktor bera af öðrum traktorum í gæðum og endingu. Sumir bændur í sveitinni voru þó hrifnari af Massey Ferguson. Og svo voru einstaka menn sem aðhyllist John Deere og svoleiðis dót. Að ekki sé talað um aðdáendur International, þá hávaðamaskínu alla og aðhlátursefni og svo þungt í stýri að til hreinna vandræða horfði og oftast nær með öll bretti skröltandi utan á sér. Nei það var Deutz sem blífir fyrir bóndann.

Fyrir suma bændanna var það gersamlega óskiljanlegt að menn veldu fyrir sig að vaða yfir lækinn til að sækja vatn þegar ljóst var að Deutz- vélin var svarið. Þetta var borðleggjandi. Fór sú vél enda ávallt í gang á fyrsta starti á meðan aðrar vélar þurftu sitt fjallstart til að fá hreyfst og að standa í brattri brekku á milli þess sem ekki var verið að brúka þær. Ef Deutsinn fór ekki í gang var næsta víst að gleymst hefði að setja eldsneyti á tankinn, sem trauðla var hægt að skrifa á vélina og ágæti hennar heldur klaufaskap og kæruleysi mannanna. Það ætti hver maður að geta séð og líka viðurkennt.

Ákveðin dráttarvélarpólitík var stunduð í sveitinni, þótt mest væri hún nú á léttu nótonum og í gamni sögð. - En samt til staðar.

Frímann Áki gat ekki varist brosi er hugur hans stefndi inn á þessar brautir og það rifjaðist upp fyrir honum orðræða bændanna um ágæti síns traktors, heyvagns, heyhleðslu- og rakstrarvéla.

Þingslitin á vordögum 1964 voru í engu öðruvísi heldur en þingslit árána á undan.

Hann var á sínu fyrsta ári sem þingmaður og náði kjöri í síðustu kosningum sem fram fóru á vordögum 1963. Akurflokkurinn fékk 28,2% atkvæða og 19 þingmenn.

Áður en Frímann Áki hellti sér á fullum krafti út í stjórn málin var hann til sjós á fragtskipum í eigu Eimskipafélagsins en ákvað að söðla um og koma sér í land. Stjórn máli höfðu verið honum lengi hugleikinn. Þessi áhugi mannsins leiddi hann oft á fundi Akurflokksins. Einnig kom fyrir að hann ynni ýmislegt fyrir flokkinn í fríum frá sjómennskunni. Pólitískar skoðanir mannsins og hversu hann gat verið fastur fyrir gerði að verum að engin sem til hans þekkti varð undrandi er hann steig skrefið til fulls og bauð sig fram til þings og náði kjöri í kosningunum 1963. Ríkisstjórnin hélt að vísu meirihluta sínum. En svona gengur þetta bara fyrir sig í pólitíkinni.

Fegins andvarp barst frá hjarta hans á þessari stund. Hann var og handviss um að svipað væri uppi á teningum hjá öðrum þingmönnum. Mest hlakkaði hann til að komast í sveitina og hjálpa til við bústörfin, þó ekki væri nema í hálfsmánaðar tíma og kannski þrjár vikur.

Þorbjörn kom til hans. Þorbjörn hafði ásamt honum lagt fram þingsáliktunartillögur sem hlutu þó ekki náð í augum þingheims. Þó að Þorbjörn starfaði ekki fyrir Akurflokkinn heldur

Sósíalístaflokkinn áttu þeir margt sameiginlegt og hugsuðu um margt á svipuðum nótum:

„ Jæja,“ - sagði Þorbjörn:

„ Þá er það sveitin heima, kýrnar, mjaltirnar og að marka lömbin og reka þau á fjall þegar gróðurinn þar er orðin nægjanlega mikil til að fæða hjörðina.

„ Oh - ætli ekki það. „ Sagði Frímánn Áki.

Þorbjörn hélt áfram:

„ Ég er að hugleiða að skella mér á síldveiðar fyrir austan land í svona mánaðartíma og ná mér í eilítinn aukapening. Ég get alltaf talað við minn gamla skipstjóra. Hann hefur oft verið liðlegur við mig þó ekki sé á vísan að róa hér fremur en annarstaðar í lífinu. En ég er alvanur veiðum í nótt sem eru mín meðmæli þarna. Alltaf gott að eiga góða að og að heyra hvað sjómennirnir eru að hugsa. Þingmaður þarf að fá vitneskjuna beint í æð frá fólkinu. „

„ Sammála. Sammála. „ - Frímánn Áki tók í hönd forseta Alþingis sem í þessu gekk framhjá á leið sinni út úr byggingunni:

“ Áttu ennþá Rússajeppan sem þú keyptir þér fyrir hvað þrem árum? Hvað árgerð er hann aftur? „

„ Þú meinar GAZ- inn minn. Hann er árgerð 1956. og stendur hér fyrir utan með sína blæju uppspennta. Að vísu er rafgeymirinn orðin svolítið slappur en sveifin bjargar þá bara málunum og ég kemst mína leið.

Næst er að hitta krakkanna og kíkja svo upp á sjúkrahús á konuna áður en við skellum okkur austur og hittum pabba og mömmu. Konan kemur svo fljótlega á eftir okkur. „

„ Hvernig líður konunni þinni? „

„ Þetta er búið að vera henni erfitt en ígerðin í handleggnum er sigruð og hún útskrifast af sjúkrahúsinu í seinasta lagi eftir þrjá daga. Og þar sem það var hennar eindregna ósk að við drifum okkur austur strax að loknum þingstörfunum er víst eins gott að hlýða því. Enda eiga foreldrar mínir von á okkur og járnið á þak hússins heima komið í hlað og bíður eftir því að veita sína vörn upp á þaki íbúðarhússins. Því fyrr sem það gerist því betra. Ég skutlast svo bara eftir henni þegar hún er tilbúinn. Málið er ekki alvarlegt og hún í góðum læknahöndum. „

„ Ég bið að heilsa Huldu og hafði það sem allra best í sumar: „

„ Sömuleiðis vinur og Guð blessi þig „

„ Ha. – Já. – Hérna. – uhh - Sömuleiðis. „ – Dálitið hik kom á þingmanninn Þorbjörn sem teygði sig í skjalatöskunni á gólfinu og gekk rösklega út.

Hreinn Ólafsson forsætisráðherra gekk að og kvaddi Frímenn Áka með þeim orðum að stjórnin þyrfti á góðum og málefnalegum stjórnarandstæðingum að halda og að hann skyldi því halda sér vel við í sumar. Mennirnir hlógu.

Fyrir utan Alþingishúsið staldraði hann stundarkorn til að anda að sér hreinu og tæru lofti. Vörubíll af gerðinni Ford, dökkblár á litinn, árgerð 1962 stóð hinum megin við götuna. Bifreiðinni hafði verið lagt hálfri upp á gangstétt. Vélin var í gangi. Bílstjórinn sat undir stýri og beið. Pallur bifreiðarinnar var fullur af fóðri sem bóndi hafði pantað sér og þyrfti flutning á heim á bæ. Segl var streng yfir pallinn til hlífðar fóðrinu. Undan seglinu aftast á pallinum glitti í girðingarstaura. Vörubifreiðin skyldi nýtt til fulls.

Dyr verslunar opnaðist. Drengur kom út með poka í hendi og hélt rակeitt að vörubifreiðinni og settist í farþegasætið. Brak heyrðist í

gírkassanum og bifreiðin rann af stað, jók ferðina og var horfin örskömmu síðar.

Er vörubifreiðin var farin blasti þá við bekkur og á bekknum þrjár konur sem sátu þar í mestu makindum og sleiktu jafnmarga ísa í brauðformi á milli þess sem þær spjölluðu saman. Kannski voru þær að fjalla um þingslitin í húsinu gegnt þeim, kannski um töluðu þær um allt annað. Ekki var gott að segja. Umræðuefnin á Íslandi eru mörg og misjöfn.

Frímenn Áki stóð enn við húsið og bara naut þess að vera til. Eilítil bensínfnykur frá útblæstri vörubifreiðarinnar gat ekki skemmt fyrir honum unaðslega tilfinninguna sem hann upplifði utandyra.

Fólk var á ferli í ýmsum erindum eins og gengur í vaxandi borg með sínu fjölskrúðuga mannlífi og mismunandi þenkjandi einstaklingum. Kona með barnavagna gekk framhá honum og karl á hraðferð. Öllu ægði saman. Hvert höfuð bar sínar eigin, sjálfstæðu hugsanir. Og var hann bara einn þeim.

Frímenn Áki gekk fyrir hornið og í átt að bílaplaninu bak við húsið. „Rússinn“ beið hans frá því um morgunninn. GAZ-inn hafði verið honum gagnlegur frá því að hann komst í eigu fjölskyldunnar og engar alvarlegar bilanir komið fram.

Hann horfði í átt að Iðnó og svo út á tjörnina. Endurnar höfðu þjappað sér þar saman og svolgruðu í sig brauð sem vegfarandi kom með og fleygði til þeirra í litlum bitum, einum og einum í einu. Vængjasláttur, bægsлагangur og andagarg barst yfir svæðið. Brabrabra kvað við. Hver önd kvartaði yfir frekjunni í hinni. Tillitsemi þekktist ekki hjá fuglum tjarnarinnar.

Bifreiðir þingliðs og ráðherra hurfu af stæðinu og voru fáir eftir er Frímenn Áki fór í vasa sinn og tók upp lykilinn að jeppanum sínum. Það átti eftir að koma í jós hvort rafgeymirinn megnaði að snúa

mótornum nógu lengi og nógu hratt til að fara í gang. Lengi mátti vona og lengi var von á einum.

Hann settist undir stýri, stakk lyklinum í og þrýsti með fætinum á start pinnann sem stóð uppúr gólfinu vinstra megin. Vélin snérist hægt, órugg og höktandi. Allt útlit var fyrir að rafmagnið væri ekki nóg:

„Ææ! Ekki núna! Vertu nú Sovétríkjunum til sóma! Ekki hefna þín á Leoníð Brésnef æðstaritara Sovéska kommúnistaflokksins og neita að fara í gang. P-l-í-s. „ – það Frímenn Áki í hálfgerðri örvæntingu. Og víti menn! Um það bil sem geymirinn virtist ætla að gefast upp hóstaði vélin einu sinni og hrökk svo í gang og malaði eins og köttur í sínum lausagangi:

„Ég vissi að þú myndir ekki bregðast mér og neyða sveifina í hönd mína. „ – Frímenn sló glaðlega í stýrið, setti í gír og ók af stað með síðustu mönnum í átt að Lækjargötu framhá Íðnó. Maðurinn með brauðið stóð enn á bakkanum með sína kvakandi og syndandi fuglahjörð fyrir framan sig sem endalaust virtist fá tekið við og brabraað.

Strætisvagnarnir óku sínar leiðir um borgina og til Kópavogs og Hafnarfjarðar og stoppuðu við hverja stoppistöð sem fólk var við. Merktir leigubílar stóðu í stæðum bíðandi eftir viðskiptavinum. Flestar leigubifreiðanna voru Amerískar knúnir öflugum mótorum 6 og 8 strokka og sumir með yfir 200 hestöfl undir húddinu. Franskur 6 manna bíll af gerðinni Simca Ariane var um tíma vinsæll á meðal stéttarinnar en vinsældir bílsins fóru minnkandi og Simcunni tókst ekki að skjóta rótum í þeirra röðum þó enn mætti sjá nokkuð af henni á götum borgarinnar með „Taxi „ merkið á áberandi stað.

Lögreglan klædd einkennisfatnaði embættisins ók um á „ Svörtu Maríu „ og gætti laga og reglna á götunum sem menn eins og Frímenn settu. Þeir sem hugðust brjóta lögin tóku viðbragð er ábúðarmiklir lögregluþjónarnir sáu með lögreglustjörnuna á báðum hliðum farartækisins.

Umhverfið allt var merkt kyrrðinni. Gróandinn kominn vel áleiðis og fuglasöngur barst úr mörgu trénu sem öndvert sýndu eigið líf á greinum sem voru tilbúnar til að fæða af sér mörg laufblöð.

Skaparinn sást hvarvetna í umhverfinu.

Frímenn ók til hægri meðfram tjörninni. Heima biðu börnin. Þau voru áreiðanlega orðin yfir sig spennit eftir að komast til afa og ömmu í sveitinni og að hitta Sám, smalahundinn, sem þau höfðu ekki séð síðan í fyrrasumar.

Brauðgjafarmaðurinn hafði lokið sér af og stakk brauðpokanum í vasa sinn. Endurnar syntu í burtu en fylgdust grannt með bakkanum. Aldrei var að vita nema fleiri brauðgjafa bæri að og eins gott að synda ekki of langt frá bakkanum.

Skammt frá Frímenni var bíll hálfur upp á gangstétt og stóð húddið opið og maður bograndi þar undir. Er hann kom nær þekkti hann gripinn. Þorbjörn bograði þarna með skiptilykil og skrufjárn.

Frímenn Áki renndi framfyrir, stöðvaði og gekk til starfsbróður síns:

„ Hvað kom nú fyrir. „ - sagði hann hressilega:

„ Kveikjuþræðirnir eru eitthvað að stríða mér. Það er eins og þeir gefi ekki nógu gott samband. „ - sagði hann og kippti einum úr og skoðaði endann. Spansgræna blasti við:
„ Ertu með vasahníf á þér. „

Frímenn hljóp að bílnum sem gekk sinn hægagang og kom til baka með uppspenntan hníf sem hinn greip og skóf spansgrænunna af blés á endann og stakk þræðinum aftur í kveikjulokið. Sömu meðferð fengu hinir þrír sem eftir voru:

„ Þá er að prófa hvort aðgerðin dugi ekki. Ertu nokkuð með spotta í bílnum ? „

„ Auðvitað! Sérðu ekki hverskonar bíl ég ek á? „

Þorbjörn hló, sjálfur á Volgu árgerð 1960 en spottalaus, sem var vanhugsuð aðgerð af hans hálfu miðað við bíltegund og bilanatíðni.

Þorbjörn tók verkfærin skellti niður húddinu og settist í bílstjórasetið. Frímenn gerði sig líklegan til að færa bifreið sína nær og gera reipið klárt til brúkunnar er hinn kallaði á eftir honum og bað hann bíða augnablik. Aldrei var að vita hvað gerðist.

Hann sneri lyklinum. Hálfótur rafgeymirinn náði að snúa mótornum í einn hring áður en allur kraftur var úr honum.

„ Má ég núna sækja spottann. „ – sagði Frímenn.

„ Ekki málið. Gerðu svo vel „

Rússajepinn færðist nær Volgunni uns spottinn náði á milli. Þegar allt var tilbúið og merki komið úr Volgunni setti Frímenn í gír og ók rólega af stað með stefnuljósinn blikkandi til hægri. Það strekktist á bandinu og báðir bílarnir komust út á akbrautina. Þegar nægilegum hraða var náð kom smá kippur og Volgan hrökk í gang. Það þurfti ekki meira.

Eftir búið var að fjarlægja bráðnaudsýnlegan spottann og koma honum fyrir í Rússajepnum sagði Þorbjörn:

„ Ég var heppinn að þú skyldir yfirgefa þinghúsið á eftir mér. Ég veit ekki hve margir bílstjórar hafa ekið framhjá án þess að bjóða mér aðstoð: „

„ Einn fyrir alla og allir fyrir einn. Eða hvað? Fólkið er önnum kafið og þú ekki beint staðsettur á besta stað í bænum til að stöðva bifreið á: „

„ Já, þetta er víst rétt hjá þér. Ég tók nú bara svona til orða. „ – Þorbjörn setti í gír kvaddi og hélt sína leið.

Frímanni hafði seinkað örlítið. Við því var fátt að gera nema gefa í og flýta sér heim í Hlíðarnar. Hann stöðvaði bifreiðina fyrir utan heimili sitt. Eva dóttir hans beið þar eftir honum svolítið súr á svip:

„ Hvað er að sjá þig. Vertu glöð. Nú ætlum við að hitta afa og ömmu og skoða öll litlu lömbin sem kominn eru í heiminn. „ -

Synir hans Hannes og Kári komu út á tröppurnar haldandi hvor á sinni tösku. Sú stutta stóð á fætur og hljóp inn og sótti sitt. Frímánn Aki fór og inn og kom fljótlega út aftur með sínar ferðatöskur sem hann lét í jeppann ásamt hinum töskunum:

„ Já þu börn. Þá skulum við hitta mömmu á spítalann áður en við brunum austur í Flóa. „

Hulda Jósefsdóttir hitta sitt fólk þar sem hún sat fram á gangi og fletti í dagblaði. Allir fengu koss og faðmлаг. Krakkarnir voru glaðir yfir að hitta móður sína og hafði Eva litla ýmislegt við hana að tala. Verst þótti þeim að móðir þeirra gæti ekki orðið þeim samferða austur en glöddust samt yfir því að hún kæmi fljótlega á eftir þeim.

Klukkustund síðar stóð fólkið enn við bifreiðina tilbúið í ferðalagið yfir fjallið. Er borgin var að baki og Geitháls framundan barst hljómur frá litlu snældutæki um bílinn og á góðum styrk:

„ Ææ Hannes minn. Gastu nú ekki gleym kassettutækinu þínu heima? „

„ Þabbi ég náði að taka upp úr útvarpinu tvö nýjustu bítlalögin af Hard Days Night plötunni. Þau eru ofsa flott. Og svo er búið að gera bíómynd með sama nafni. Ég vona að hún verði sýnd í Reykjavík. „

„ Bitlar. Ertu að meina þessa þarna fjóra lubba frá Liverpool. Þeir eru áreiðanlega lúsugir: „

„ Pabbi! Þeir heita Bítlarnir, ekki Bitlarnir. „ – Hannes var tilbúin til að verja sína menn:

„ Bítlarnir eru bestir og ekki lúsugir. „ - áréttaði Kári og skoðaði kassettutækið af áhuga.

„ Allt í lagi, allt í lagi. En þeir eru samt með of mikið hár og spila of háværa tónlist fyrir allt sómakært fólk. Lækkaðu svo þetta Bitlagarg.

„

„ Bítlarnir pabbi. Bítlarnir. „

2 kafli

Ferðin austur í Flóa

Bítlarnir bauluðu sem mest þeir máttu og glöddu ungvíðið með hljómfalli og söng. Söngvarnir voru í sífellu endurteknir. Með tæmdri rafhlöðu komst á ró og yngstu farþegarnir ákváðu að festa blund með vélarhljóðið eitt í eyrum sér. Engin Bítlaóður sefur undir tónaflóði þeirra.

Vegurinn var þokkalegur. Við Skíðaskálann í Hveradölum tók við þvottabretti á stuttum kafla en samt nógu löngum til að GAS þingmannsins dansaði skrykkjóttan jeppadans á veginum og skvetti afturendanum. Kambarnir voru framundan, brattir og sumpart glannalegir.

Á Kambarún ók Frímenn Áki út í vegkantinn, stöðvaði bifreiðina og tók fram Nýja testamentið. Lítil lóa settist á þúfu rétt við bifreiðina og söng sitt durrindí og flug svo í lágflugi burt og hvarf. Kyrr bifreiðin vakti sofandi börnin í aftursætinu sem spurðu hvort þau væru kominn heim til afa og ömmu.

Faðir krakkanna sagði svo ekki vera en að þeim miðaði. Og bætti svo við:

„Núna hins vegar ætlum við að lesa svolítið í Nýja testamentinu og hafa stutta bænastund á eftir eins og við yfirleitt gerum efst á fjallinu.

Hannes minn ert þú ekki til í að taka lesturinn að þér? Þú lest svo prýðilega. „ – Frímenn rétti elsta syni sínum bókina sem fann staðin sem faðir hans benti honum á.

Hannes las:

„ Verið ávallt glaðir í Drottni. Ég segi aftur: Verið glaðir. Ljúflynndi yðar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. Verið ekki hugsjúkir um neitt, heldur gjörrið í öllum hlutum óskir yðar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu yðar og hugsanir yðar í Kristi Jesú. Að endingu, bræður, allt sem er satt, allt sem er göfugt, rétt og hreint, allt sem er elskuvert og gott afspurnar, hvað sem er dyggð og hvað sem er lofsvert, hugfestið það. „ (Fil 4:4-8)

Frímann tók við bókinni:

„ Börn! Mikilvægt er að vera ekki hugsjúkur um neitt heldur hughraustur. Öruggasta leiðin til þess er að treysta Drottni. Sá sem treystir Drottni mun komast klakklaust frá hverri viðureign og verk hans verða til heilla og blessunar fyrir hann sjálfan og marga aðra. Og viljum við það ekki? „ - Allir inn í bílnum voru sammála og sögðu í einum háværum kór:

„JÚ“

„ Nú skulum við fara með stutta bæn. Eva mín og Kári. Þið eruð svo bænheit. Biðjið nú Guð. „

Börnin spenntu greipar og lokuðu augunum. Eva bað af sinni barnslegu einlægni:

„ Kæri Guð. Viltu vernda okkur sem hér erum og varðveita alla aðra líka sem eru á ferð um veginn. Viltu gæta mömmum á spítalanum, pabba, Hannesar, Kára og líka mín, afa og ömmu og Sáms sem mig hlakkar svo óskapleg mikið til að hitta og öll lömb afa og ömmu sem nýlega eru fædd. Í Jesús nafni. Amen.“

Samstillt amen kvað við í bílnum.

Í því sem Frímánn Áki ætlaði aftur út vegin brunaði framúr þeim rúta á leið austur. Rútan var full af farþegum sem allir átti sinn sérstaka viðkomustað á þeirri leið sem þessi áætlunarrúta fór. Í hópnum voru börn og unglíngar á leið í sveitina til sumardvalar í bland við fullorðið fólk. Í farangursgeymslu rúttunnar voru merktir þokar með fötum í fyrir sumarið. Sumir þessara unglíngja voru að fara að heiman frá sér í fyrsta sinn, óvissir, svolítið kvíðnir en líka spenntir fyrir sumrinu og sveitabænum sem þeir mundu vera á til hausts. Aðrir farþegar voru á heimleið eða vildu heimsækja skyldmenni og ættingja. Ýmsar ástæður lágu til grundvallar veru fólksins í rauðmáluðu rúttunni sem ók svo geyst. Ekki óku nefnilega allir íslendingar eigin bíl og urðu að láta sér áætlunarbifreiðirnar duga:

„ Meiri hraðinn á bifreiðinni. Ég bara vona til Guðs míns að allir komist klakklaust niður fjallið: „ – Frímánn sá hvernig rútabifreiðin snar hægði ferðina og var kominn á viðráðanlega ferð í fyrstu beygju:

„ Pabbi! Kallinn sem keyrir rúttuna er glanni. „ – Evu fannst bifreiðastjórinn aka of hratt og var þar sammála föður sínum:

„ Hann er það að minnsta kosti núna. Allajafna eru rútabílstjórar ábyrgðarfull stétt. Mann greyið hefur verið annars hugar. En nú er allt komið í lag, sé ég: „

„ Það er sko gott og svo það ég líka Guð áðan um að vernda alla. Pabbi! Varstu nokkuð búinn að gleyma því? „

„ Pabbi gleymir aldrei bænunum hennar Evu. En nú skulum við halda ferðinni áfram. Og af stað nú. „ – Frímánn setti bifreiðina í fyrsta gír, gaf stefnuljós til hægri og sveigði út á brautina. Rússajepinn rann af stað og jók ferðina. Nokkrir bílar voru á ferð. Mest þó á suðurleið. Þetta voru drossíur, jeppar, vöru- og rútabílar og var bifreiðin sem fyrst kom á móti þeim upp Kambanna þúströrslaus og hávaðinn ægilegur:

„ Má ég heldur biðja um Bitlagargið þitt Hannes minn heldur en þetta: - Sagði Frímenn Áki hlæjandi.

Hannes gaf ekkert fyrir ummæli föður síns en þrýsti á play takka tækisins til að freista þess að fá út úr því þó ekki væri nema einn tónn. Því var ekki að heilsa. Rafhlaðan var tóm.

Vindhviða skall á blæju bílsins og myndaði gamalkunnug hljóð. Miðstöðin blés hraustlega á móti og góður hiti hélst. Gömlu Kambarnir lágu samhliða þeim nýju og sást lögun vegarins vel út um glært plastið á hliðum blæjunnar.

„ Svakalega hafa gömlu Kambarnir verið mjóir „ - sagði Kári sem annað veifið leit upp úr myndabókinni „ Tarsan apabróðir „ sem hann dáðist að og einkum því að hann réð við ljón gat talaði við apa og verið konungur apanna:

„ Og líka brattir.“ – bætti Hannes við:

„ Rosa sé ég langa leið. Langt út á sjóinn „ - sagði Eva eitt bros í framan. Börnin voru spennt og fylgdust vel með öllu sem gerðist í kringum þau:

Ég sé ref, ég sé ref. Hann hleypur þarna á harðaspretti. „ - Kári benti út á hraunið vinstra megin.

Frímenn snar stöðvaði bifreiðina:

„ Hvar, hvar? „

„ Þarna „ – drengurinn benti.

„ Nú hvarf hann á bak við stein. Hann var með eitthvað í kjafinum. Kannski lóuna sem við sáum áðan? „

„ Það vona ég svo sannarlega ekki „ – sagði Eva og ein augu og með öll skilningarvit sín vel vakandi reynandi að koma auga á kvikindið.

Frímann teygði sig í hanskahólfið og sótti gamla kíkin sinn og skoðaði svæðið sem sonur hans hafði bent á. Eftir skamma stund sást kvikindið hlaupa á harðaspretti með fugl í kjaftinum og hverfa. Hann sást ekki meira:

„ Ekki er um að villast að þarna var refur á ferð með bráð. Það er aldeilis að rebbi er farinn að færa sig upp á skaftið. Mér var ekki kunnugt um að Helligheiði væri refasvæði. Það er eitthvað nýtt. „

Þar sem þeir gátu lítið aðhafst ók Frímann aftur af stað. Á leiðinni niður Kambanna sagði hann:

„ Ekki var óalgengt hér áður fyrr að fólk færi úr bifreiðinni á Kambabrún og gengi niður brekkurnar á sléttlendið. Maður fór svo sem nokkrum sinnum þennan veg og stundum stóð manni hreinlega ekki á sama yfir vetrarmánuðina þegar ís og snjór lá yfir öllu og kannski flughált í ofanálag og hávaðarok. En samt lét maður sig nú hafa þetta. Vitaskuld urðum við að treysta bílstjóranum að hann anaði ekki út í neitt sem hann ekki réði við. Og svo átti maður til Guð sem vitaskuld gaf manni hughreysti. Og trúíð mér börn að oft bað ég í hljóði á meðan bifreiðin sniglaðist niður allar þessar bröttu brekkur í sínum eintómum hlykkjum og „S“ beygjum. Kambarnir nú eru hreinn barnaleikur miðað við það sem áður var. Ýmislegt hefur áunnist góðs sem Akurflokkurinn á sinn þátt í. „ – Frímann Áki setti í efsta gangstig. Stjórnmálamaðurinn hafði stungið upp kollinum:

„ Pabbi! Þú ert besti stjórnmálamaður í öllum heiminum! „ – sagði Eva og meinti hvert orð.

„ Oh, ekki segi ég það nú. Maður reynir sitt besta. „ – Frímann Áki greip til hógværdarinnar en kunní þessum orðum dóttir sinnar vel. Flestum mönnum líkar betur lof en last.

Bifreið fjölskyldunnar rann niður síðustu brekkuna og ók eftir sléttlendinu með fjallið í baksýnispeglinum.

Hvergerði blasti við á vinstri hönd og sveitabær örlítið fyrir framan bílinn á hægri hönd í dálftilli fjarlægð frá aðalvegnum austur. Gufa liðaðist upp úr fjölda hvera og einkenndu þetta svæði. Litla sjoppa og bensínafgreiðslan var á sínum stað í einföldu timburhúsi staðsettu við vegamótin til Þorlákshafnar. Bifreið af gerðinni Chevrolet stóð við bensíndæluna. Afgreiðslumaður dældi eldsneyti á tankinn og fylgdist um leið með teljaranum sem snérist á ógnarhraða. Annar maður stóð við kassann inni og tók við greiðslum. Hjón úr Hafnarfirði, eigendur bifreiðarinnar, voru inni ásamt tólf ára syni sínum. Fólkið hafði keypt sér sína flöskuna hvort af Kók sem það þambaði á meðan afgreiðslumaðurinn afgreiddi bifreiðina. Kókpambið bjó til loft í maganum sem á endanum braust út.

Frímenn og fjölskylda hélt ferð sinni áfram. Er þau áttu skammt eftir til Selfossar tók Hannes skyndilega eftir vatnsgufu sem liðaðist upp undan húddinu. Og mikið rétt. Hitamælirinn í mælaborðinu hækkaði og sýndi hættuástand. Ekki var um annað að ræða en að aka út í kannt, stöðva og slökkva á mótornum:

„Jæja börn. Nú þurfum við víst að ganga það sem eftir er heim á bæinn. „ - sagði Frímenn glettnislega við krakkanna sem öll skiptu litum og leist fremur illa á svo langa gönguferð:

„Pabbi þetta eru fleiri kílómetrar eftir. “ - Hannes maldaði í móinn.

„Við fáum úr því skorið þegar athugininni er lokið hvort við komumst lengra bílnum. Sem ég reyndar geri fastlega ráð fyrir. „ - sagði hann, mest til að róa krakkanna sem tóku orð hans alvarlegra en hann reiknaði með.

Er krækjunum tveim sem héldu húddinu á sínum stað höfðu verið losaðar og vélarhlífir komin í efstu stöðu sást að viftureimina vantaði.

Nú voru góð ráð dýr. Þriggja kortera gangur var til bæjarins hið minnsta og engir bílar sjáanlegir.

„ Pabbi er gamli bíllinn okkar núna ónýtur? „ - spurði Eva og tók stein upp úr götunni og henti honum eins langt og hún gat:

„ Af hverju segir þú það barn?

„ Kára finnst við eiga svolítið gamlan bíl. „ – álit eldri bróðurins vó þungt hjá telpunni:

„ Þetta er ekkert alvarlegt væna mín. Bara slitin viftureim. Versta er að ég á enga varareim til. Þetta kennir manni að byrgja brunninn. Kveikjuhamar, kveikjulok, kerti og viftureim er lágmark. Ekki satt Hannes? „

„ Jebb “

„ Merkir þetta já?“ –

„ Yes. Við lærum ensku í skólanum. „

„ Já, svoleiðis. Og þú vilt æfa þig í ensku? Tölum heldur íslensku hvorn við annan? „-

„ Ætli að sé ekki best. Ég kann hvort eð er bara nokkur orð. „ – Hannes horfði með föður sínum á vélinni sem enn rauk úr frá vatninu sem sauð. Á meðan upphugsaði faðir hans leið til lausnar.

Hann strauk eftir bindinu og leit hugsandi upp í loftið:

„ Bindið. Já, auðvitað. Heyrðu sonur. Ég held ég sé kominn með lausn á vandanum: „

„ Við höfum enga viftureim. „ –

„Hér er víftureimin „ – sagði Frímánn og losaði af sér bindið:

„ Pabbi minn! Nú ertu kominn með hita. „ – Hannesi fannst hugmyndin fráleit og gersamlega glótuð.

„ Alþingismenn ganga ávallt um í vönduðum fatnaði og er bindið í þeim flokki og væntanlega til ýmsa og óvæntra hluta brúklegt, vona ég. Réttara sagt, trúi ég. „

Yngri krakkarnir voru komnir í hópinn. Þau höfðu klifrað upp aurhlífina hinum megin og lágu á maganum og fylgdust spennt með. Af og til þrýsti gufan sér upp um tappann á vatnskassanum og hvæsti á viðstadda eins og reiður og hræddur köttur. Eftir því sem vatnið kólnaði hætti þetta hvæs.

Hvort föður þeirra tækist að búa til víftureim úr fallega bindinu sínu varð að spennandi umhugsunarefni í þessum tveimur litlu og óreyndu hjörtum. Miklar vangaveltur og umræður spunnust. Framgangur málsins varð fróðlegur, að ekki sé fastara að orði kveðið.

Frímánn teygði sig niður með mótornum að framanverðu, kom bindinu fyrir undir hjólinu neðst og svo aftur um vatnsdæluna og rafalinn og strekkti svo vel á öllu og bað Hannes son sinn um að þrýsta á hnútinn þegar hann segði til. Er allt var tilbúið sagði hann:

Þrýsta á. Og ekki sleppa fyrr heldur en ég segi. Skilið? „

„ Yes. Eh ég meina já. „

Settu puttann á og haltu þéttingsfast. „ – fremsti hluti fingursins fór þangað sem hann átti að fara og roðnaði undan þrístingnum. Núna gafst föður hans tími til að gera seinni helming rembihnútsins:

„ Sleppa. „

Hannes kippti fingrinum frá. Hnúturinn hertist að og gaf hvergi eftir. Frímánn bætti öðrum við til öryggis. Hann tók á bindinu sem nú var umbreytt í viftureim. Strekkingin var góð og aldrei að vita nema þetta dygði til bráðabirgða:

„ Kári! Hlaupu aftur í bílinn og sæktu mjólkurflöskuna sem þar er og sæktu vatn í skurðinn þarna. Og ekkert sull í vatninu. „

Kári fór af stað og með honum Eva. Þau komu að vörmu spori með fulla flösku af vatni úr þessum skurð. Aðra flösku þurfti til svo að geymirinn fylltist.

Krakkarnir hlupu aðra ferð. Skyndilega kvað við hlátur og svo grátur frá skurðinum. Eva hafði fest skóinn sinn í leðju sem kallaði fram hjá henni grátur en öndvert hlátur hjá Kára. Fríamann Áki hljóp til og tók barnið í fangið og huggaði. Telpan lagði höfðu sitt á axlir föður síns, ósköp lítil í sér:

„ Þér hefði verið nær að aðstoða systir þína heldur en að bregðast við með hlátri. Skammastu þín bara. „

„ Fyrirgefðu pabbi en mér fannst þetta bara svo fyndið: „

„ Það er í lagi Kári að finnast eitthvað fyndið. En það er líka í lagi að aðstoða systur sína: „

„ Pabbi! Ég var búinn að segja fyrirgefðu. „ – sagði Kári svolítið skömmustulegur.

Dálitin tíma tók að róa barnið. Þegar allt var orðið eins og áður var hægt að vinda sér aftur í viðgerðina:

„ Jæja þá er að prófa hvort að bindið geri sitt gagn „ – spenningur myndaðist hjá öllum í kring. Atvikið við skurðinn gleymdist.

Frímann settist í bílstjórásætið. Bifreiðin hrökk samstundis í gang. Og viti menn. Bindið snéri öllum hjólunum. Réttur hiti hélst á vélinni.

„Jah hérna. „ - sagði Frímann. „ -

„Ýmislegt er nú hægt maður minn „ – Hann var jafn undrandi og hinir.

Tilraunin heppnaðist fullkomlega:

„Drífum okkur af stað og komum við á bensínstöðinni á Selfossi og fáum okkur reim áður en bindið slitnar. Það er stutt þangað. „

Nokkrum mínútum síðar ók Rússinn yfir Ölfusárbrú og framhjá Kaupfélagi Árnesinga og staðnæmdist við bensínstöðina. Bindið hélt og var órækt merki um gæði tausins:

„Sæll Frímann. Þingmaðurinn bara mættur á svæðið á leið heim í foreldrahús, þykist ég vita. „ - Bárður bóndi í Keldnakoti var kominn á gamla Landrovernum sínum:

„Oh ætli ekki það. „ –

Mennirnir heilsuðust:

„Hvað er að fréttu af störfum Alþingis? Tókst ykkur í stjórnarandstöðunni að snúa upp á eyru stjórnarinnar og svínbeygja ykkar vilja fram? „ - Bárður bóndi stakk hendinni í vasa sinn og dró upp minnismiða sem frúin hafði rétt honum áður en hann fór af bæ:

„Og Eva litla. Orðin svona stór. Og Hannes og Kári líka. Aldeilis að hefur tognað úr krökkunum síðan ég sá þau síðast. Þau eru að verða að fullorðnu fólki. „

„ Hæ Bárður. Það slitnaði víftureimin í jeppanum. Og veistu hvað...? Hann pabbi... „

„ Svona, svona Eva mín. Ekki meira „ - sagði faðir hennar.

„ Svo það fór hjá þér reim. Komum inn í kaupum nýja víftureim. Ég hjálpa þér svo að setja hana í. Það tekur enga stund. En hvernig komstu? Varla hefur þú ekið bílnum reimlausum hingað?, –

„ Pabbi notaði bindið sitt „ - sagði Eva og horfði á eftir hundi sem hljóp í dálítilli fjarlægð.

„ EVA! „ - Frímenn horfði á dóttir sína strangur á svipinn.

„ Bindið! Hvernig er slíkt nú hægt? „ - Aldrei áður hafði Bárður heyrt viðlíka fjarstæðu. En aldrei skal segja aldrei og bóndi sem ekki kann að bjarga sér á staðnum og úr ólíklegustu aðstæðum er engin bóndi.

Mennirnir gengu inn í verslunina. Krakkarnir komu á eftir.

Hannes handlék rafhlöður passlegar í kassettutækið. Frímenn benti honum á að taka með sér þrjá umganga en gat þess jafnframt að hann mætti ekki að spila of hátt.

Eva Og Kári gengu út úr búðinni og að Landróver Bárðar. Loðin hundshaus gæðist upp. Hann hafði legið í aftursætinu og beðið húsbónda síns og orðið umgangsins var.

„ Þetta er Lappi. Hann er orðið svolítið gamall greyið en voða góður: „

„ Gerum eitt. „ – Kári fékk hugmynd.

„ Bendum bæði með hendinni í sömu átt og sjáum hvernig Lappi bregst við. Þegar ég segi núna skulum við bæði benda. „ –
prakkaralegt bros lék um varir Kára:

Kári blístraði og náði athygli seppa sem spertti eyrun og dillaði rófunni:

„ Einn, tveir og núna „ - báðir krakkarnir reistu hönd sína með þeim gleðilegu viðbrögðum dýrsins að það leit í allar áttir og spenntist allt upp og fór í hringi inn í bifreiðinni.

Krakkarnir skellihlógu yfir viðbrögðum skepnunnar. Svona bendingar voru fyrir honum sama og að nú ætti hanna að eltast við kindur. Vandamálið var að engin kind var sjáanleg og hann lokaður inni. Þetta ruglaði blessaða skepnuna í ríminu.

Þau endurtóku hreyfinguna en þá gerðist það sem mátti ekki ske. Að vísu hring snérist hundurinn inn í bílnum en byrjaði svo að gelta og góla sem öndvert kallaði húsbóndann sem samstundis sá í hverju geltið fólst, og allt komst upp:

„ Krakkar mínir! Ekki stríða Lappa. Farið heldur inn til hans og strjúkið honum svolítið um bakið. Hann kann því vel.

Lykt af kúm, kindum og öðru tilheyrandi sveitinni kom á móti þeim inn í bíl Bárðar. Hey á gólfinu og verkfæri ýmiskonar og poki með tvisti í og strigapoki aftast með nokkrum reifum sem höfðu gleymst í síðasta rúningi og ílengst í jeppanum.

Heldur betur lifnaði yfir hundinum við komu krakkanna sem rauk til og sleikti hendur þeirra og dillaði rófunni í fögnuði sínum. Skottið gekk stöðugt í bak sætisins eins og Lappi vildi um leið dusta rykið af þessu sætisbaki. Eftir nokkrar strokur velti hann sér við með allar fjórar fætur upp í loft tilbúinn í það besta, magastrokurnar.

Eva og Kári sáu út um bílgluggann er karlarnir komu með viftureimina. Hannes var með þeim.

Áður en langur tími leið var ný viftureim kominn á sinn stað á vélina.

Bárður lagði til að Frímenn yrði gerður að sérstökum erindreka bænda á hinu háa Alþingi. Bænda með ráð undir rífi hverju er ávallt finndu leið út úr sínum vanda. Allt vegna bindisins. Frímenn Áki gleypti ekki hugmynd Bárðar hráa og leist ekki allskostar á hana.

Ferðin austur í Flóa hélt áfram. Hannes kom fyrir rafhlöðunni og spólaði snældunni til baka.

Er Frímenn Áki sveigði Gaz-inum inn heimreiðina að Hrafnakoti var „Is spina hard deys næt“, sungið þríraddað í aftursæti Rússajeyppans. Loforð um að stilla styrknum í hóp var gleymt. Bítílótt ungvíði gleymir ýmsu undir tónaflóði átrúnaðar síns.

Heima í Hrafnakoti.

Rússajepinn hallaðist lítillga í beygjunni til hægri inn heimreiðina. Hrafnkot blasti við. Fólkinu hlakkaði til að renna í hlað og teygja úr stirðum limum. Fólkið í aftursætinu vissi hvorki um stund né stað. Öll athygli var tengd hljómfallinu sem barst úr litlum hátalara kassettutækisins.

Íbúðarhúsið á Hrafnakoti var svolítið farið að láta á sjá og þurfti viðhald. Málning lyfti Grettistaki og nýr gluggi í eldhúsið. Nýju þakplöturnar á hlaðinu sögðu þá sögu að tími gömlu járnplatanna væri liðinn. Betra þótti að gera verkið áður en húsið skemmdist af vatni og leka. Glugginn biði líklega betri tíma og kannski til haustsins. Ekki var gott að segja. Fólkið var af gamla skólanum og ekki hrifið af bankalánnum og að standa í óþarfa afborgunum. Reglulegur sparnaður var betri. Að eiga fyrir því sem var verslað er prýðileg hagfræði sem stenst veður og vinda og ástæðan fyrir að þakið beið þar til nú:

„Að skulda er eitru í mínum beinum „ - sagði Úlfar oftsinnis og varð svona hans taktur og lífsstíll.

Úlfar Eysteinnsson hafði tekið við af föður sínum. Er Eysteinn faðir hans, afi Frímanns, eignaðist Hrafnkot mætti ekki bara með honum eiginkona heldur líka 6 myndarleg börn. Seinna bættust við fjögur til viðbótar. Eitt þeirra var Úlfar, faðir Frímanns.

Hannes leit upp:

„Við erum að verða kominn. „ - sagði hann og slökkti á tækinu.

Eva stakk höfðinu á milli framsætanna og leit út um framrúðuna eftir Sámi:

„Ég vona að Sámur sé hættur að urra „ - sagði hún: -

„ Það er svo leiðinlegt að heyra í honum urrið. „ – Augu telpunnar skimuðu til hægri og vinstri.

Undursamleg og hvílandi þögn ríkti í huga Frímanns Áka sem ekki var alveg eins upptekinn af Bítlunum og frægðarsól þeirri út í hinum stóra heimi og ungvíðið. Honum sem foreldri leist ekki nógu vel á síðhærðu mennina frá - þarna - Englandi og fannst þeir hafa miður góð áhrif á æsku heimsins. En ólíkt mörgum öðrum foreldrum vissi Frímann um vörnina sem trúin fær gefið. Vissi um Jesús sem hefur lofað að vel fyrir sjá og ekki bara vernda þau hjónin á persónulegan hátt heldur líka afkvæmin. Hugsunin styrkti hjarta hans. Sem foreldri leiddi hann huga sinn að framtíð barnanna og spurði sig sjálfan hvernig þeim reiddi af í hörðum og grimnum heimi sem engu vægir og bara heimtar. Vörn hans í málinu og það sem hann gat gert með bestum árangri var að stinga boðskapnum reglulega að krökkunum og reyna fá þau til að vera beinir þátttakendur til að trúin kviknaði. Drottinn viðhéldi svo eldinum. Frímann Áki var bara maður. Engin Guð. En hann vissi af Guði og þekkti Jesú Krist.

Honum var umhugað að krakkarnir sæju trú hans ekki bara í orði heldur einnig í hverju sem hann tæki sér fyrir hendur. Allt skildi benda á Jesús. Margar leiðir voru færar. Eins og agi, kurteisi, stundvísi og vera maður orða sinna, að nokkur atriði séu nefnd. Í þessu voru hjónin samstíga. Börnin vissu að heimili þeirra var kristið heimili. Þarna lágu gríðarleg verðmæti sem krakkarnir gætu nýtt sér í framtíðinni. Fyrirmyndirnar eru margar út í hinum stóra heimi og börn og unglingar sogast inn í allskonar hringiðu sem verður til í kringum hinn ýmsa félagsskap. Með Jesús Krist sem grunn undir lífinu var vel pláss fyrir Bítla. Með aldrinum mundu þeir hvort eð er rjátlast af og börnin finna styrk í eigin trú. Bítlar eru bara menn og hvorki betri né verri menn en aðrir menn. Bara venjulegt fólk sem nýtur velgengni.

Þingmaður Akurflokksins Frímann Áki Úlfarsson trúði á þessa leið. Sjálfur hafði hann gengið veg Krists í mörg ár. Hann vissi um hvað

hann talaði. Í hjarta sínu var hann trúboði. Þessi áhugi hans skírði meðal annars Nýja testamentið sem gjarnan lá á borði hans í Efri- og Neðri deildum þingsins og hann blaðaði stundum í milli stríða í þingsölunum.

Bifreiðin ók heimreiðina sem var bein braut um hálfur kílómetri inn á landareignina. Hliðið sem oft var haft lokað stóð opið upp á gátt og eins og bauð fjölskylduna úr Reykjavík velkomna. Hannes slapp í þetta skipti við að fara út úr bifreiðinni til að opna og loka þessu hliði. Brautin var mjó. Bílar áttu í erfiðleikum með að mætast á tveim stöðum þar sem ekki var unnt að beygja útaf veginum og hleypa umferðinni á móti framhjá. Ekki var þó um verulegt vandamál að ræða. Heimilisfólkið sjálft fór mest téðan veg og gestir í heimsókn.

Tveir skurðir lágu meðfram veginum sitt hvoru megin í um tvo metra frá. Skurðirnir voru tveggja metra djúpir og söfnuðu í sig vatni af túnunum í kring og fleyttu burt til að nytjatúnin héldust þurr og hæf til ræktunnar og að bera sinn ávöxt og þungar dráttarvélar og fulllestaða heyvagna sem óku um þau á sumrin án þess að allt sykki og festist og ylli spjöllum á gróðrinum. Þið vitið! Spól og spotti, hróp og köll í bland við setningar sem ekki voru hafandi eftir og handahreyfingar sem bendu til þirrings manna. Skurðirnir á landareign bóndans á Hrafnakoti komu í veg fyrir að svona ástand skapaðist í önnum heyskaparins á vertíð íslenska bóndans og mesta álagstíma hans. Nægt hey í hlöðunni tryggði skepnum vetrarins fæðu fram til vorsins. Mikið lá því undir og mikilvægt að vel tækist til með þurrkunina og verkun töðunnar.

Girðing var báðum megin við veginn og grösug tún. Þráðbein stauralína klædd vírneti með gaddavír efst og neðst hindraði skepnur í að fara út á aðalveginn eða lenda ofan í djúpum skurðunum. Hinum megin við aðalveginn var meira landrými í eigu jarðarinnar, tún og engjar. Engjarnar voru stundum slegnar og fór þá fólkið með kaffi með sér á brúsum og bakkelsi í boxum og töskum til sinnar vinnu. Of langan tíma tók að skreppa heim á bæ fyrir hálf tíma

kaffihlé á meðan engjaslátturinn stóð. Betra var að nýta tímann á engjunum sjálfum uns dagur var að kveldi kominn.

Talsvert af fé var á túninu hægra megin við heimkeyrsluna og lömb sem sugu mæður sínar eða hlupu um í ærslum og leik ungvíðarins. Jarm barst úr mörgum áttum ýmist dimmraddað frá fullorðnu fé eða lömbum ögn skrækari. Mæður kölluðu á lömbin sín til baka hættu þau sér of langt. Ekki þurfti að kenna fénu slíka aðgæslu. Þjó hún í móðureðli skepunnar. Afkvæmið kom fyrst svo móðirin. Þannig virkar þetta í ríki dýranna.

Sauðburðinum var lokið nema fimm sex kindur sem enn létu bíða eftir sér. Þær voru hafðar á húsi. Lamb í móðurkviði leitar út. Annað var óhjákvæmilegt. Stórkostlegt. Næsta stóra verkefnið hjá fjárbóndanum var rúningurinn og að hleypa fénu á afréttina, í frelsi fjallanna:

„ Þarna er kindin mín. „ - Kári benti á flekkótta, kollótta kind sem borið hafði tveim lömbum. Sú flekkótta lá í makindum nálægt girðingunni með lömbin sín liggjandi við hlið sér og jórtraði. Annað lambið var biksvart eins og kolamoli en hitt bar sama lit og móðirin:

„ Og nennir ekki að hreyfa sig. „ - sagði Hannes og geispaði:

„ Jú, þarna standa lömbin á lappir og taka undir sig stökk og núna móðirin „ – bætti hann við.

„ Ég sé hvergi mína kind. „ - Eva leit yfir hópinn án þess að koma auga á gripinn sem afi hennar gaf henni þegar hún var bara þriggja ára. En nú var hún orðin sex ára og kindin hennar borin í fyrsta skipti einu lambi:

„ Eva mín. Ertu viss um að þú þekkir hana þótt þó kæmir auga á kindina þína? „ - Spurði Frímam Áki.

„Nei, ekki alveg viss. En hún er með svartan blett á enninu „, - sagði telpan og reyndi enn að finna kindina sína í öllum þessum grúa kinda og lamba sem röltu fram og aftur um túnblettinn.

Geltandi hundur kom á harða spretti á móti þeim og fylgdi bifreiðinni heim á bæ og lét stöðugt í sér heyra. Voff, voff. Sámur var kominn í leitirnar. Hann hafði legið í geymslunni á bak við fjós eins og stundum áður og ekki orðið bifreiðarinnar var er hún beygði og ók inn heimreiðina. Öllum getur orðið á í messunni. Allt getur sofnað á verðinum. Líka þjálfaði smalahundurinn á bænum sem reyndar var orðin svolítið lúinn og kominn til ára sinna greyið.

En hvað var nú þetta? Nokkra mánaða gamall hvolpur af skosku fjárhundakyni fylgdi hinum hvert fót máll:

„ Afí og amma eru búinn að fá sér hvolp. „, - sagði Kári og veifaði seppunum út um gluggann sem hlupu geltandi við hlið bílsins:

„ Og þegar búinn að læra af Sámi ósiðinn að elta og gelta á bíla. „, – sagði Frímánn og gaf jeppanum í botn til að leyfa hundunum að hafa örlítið meira fyrir lífinu. Hundarnir drógust afturúr og skokkuðu svo á eftir. Einstaka gelt barst frá þeim.

Maður sást stinga höfði sínu út um útihurðina á bænum og horfa niður heimreiðina. Úlfar vissi af komu sonar síns og barnabarna og hugði að bifreiðinni sem þarna ók. Hann hvarf aftur inn og hurðina hallaðist sjálfkrafa aftur. Úlfar steig út og var þá kominn í gúmmískó og úlpu og beið fólksins við hlið Willys- jeppans sem hafði fylgd honum í mörg ár og var gott ef ekki frá stríðsárunum:

„ Komið öll blessuð og sæl og velkominn í Hrafnakot. „, - sagði Úlfar brosandí er fólkið byrjað að tynast út úr bifreiðinni stirt og svolítið þreytt en glatt.

Hundarnir komu með lafandi tunguna. Sámur þefaði af fólkinu og svo sá litli sem var sprækari og flaðraði upp um fólkið og dillaði

rófunni. Þegar Eva vildi strjúka Sámi urraði hann eins og alltaf án þess þó að sýna tennur eða gera sig líklegan til að bíta. Þetta var svona vörn seppa gegn krökkunum til að þau gengju ekki of langt:

„Hættu þessi urri!!! „ – Úlfar hastaði á Sám sem leit á húsbónda sinn og lagði niður rófunu og varð skömmustulegur og svolítið móðgaður.

Droplaug Halldórsdóttir, kona Úlfars og amma krakkanna, kom brosandí út. Hún var klædd hnésíðum kjól með svuntu bundna framan á sig sem hveiti loddí við. Hér var bakstur í gangi og gamla góða bændagestrisnin í hávegum höfð. Ilmur af bakkelsi barst út til þeirra gegnum opnar útidyrnar. Ekki var laust við að ilmurinn úr bakaraofninum kveikti upp lítilsháttar hungur hjá ferðalöngum.

Krakkarnir hlupu til og föðmuðu ömmu sína að sér. Hvolpurinn fylgdi á eftir og tók þátt í kveðjunum með því að rísa aftur upp á afturfæturna og styðja framfótunum á gestina eins hátt og hann gat. Hann heimitaði sína athygli og lét í sér heyra. Sámur fylgdi á eftir og reisti sig upp við Droplaugu og beið eftir stroku niður bakið. Hann hélt sér við sitt heimafolk. Gestir voru jú í lagi en heimilisfólkið samt það sem var hans:

„ Afi! Þú ert kominn með hvolp. Hvað heitir hann. „ – Eva strauk eftir baki dýrsins sem lét sér vel líka.

„ Þetta er tík og heitir Glufa „ - sagði Afi og gekk með Frímanni Áka sýni sínum að jeppanum til að bera inn með honum töskurnar.

„ Sæl Glufa og mikið er nú gaman að kynnast þér. „ - Hannes strauk eftir baki hennar og gekk svo að bílnum til að aðstoða við tösku burðinn. Ein ferð á mann dugði.

Græni Deutz traktorinn stóð upp við fjósið með kerru tengda við beislið. Hann var í gangi og klár til notkunar:

„ Ertu að fara eitthvað á vélinni? „ – spurði Frímann faðir sinn um leið og þeir gengu hin í kotið:

„ Ég þarf rétt sem snöggvast að skreppa í Kaupfélagið og sækja tjörupappa á þakið sem dróst að senda mér þangað til í dag. Ég legg í hann undireins og við höfum fengið okkur eilítla hressingu. „

Krakkarnir heyrðu á tal afa síns:

„ Afi! Megum við koma með?. Við getum alveg setið í sætinu sem er á brettinu þó að við séum tvö, „ – Eva og Kári biðu spennit eftir svari:

„ Ég heyrir að þið eruð ekki heyrnarlaus. Jú ætli það ekki. En spyrjið fyrst föður ykkar. Hann þarf víst að veita sitt samþiggi: „

„ PABBI!!! „ – fjögur biðjandi augu mændu á hann:

„ Allt í lagi. En komið fyrst inn og þiggið matarögn. Svo finnum við skjólgóðar flíkur, húfu og vettlinga til að ykkur verði ekki kalt á leiðinni. „

„ JibbiJei „ – krakkarnir hættu að klappa Glóru og hlupu á eftir fólkinu inn í bæ. Hvolpurinn fylgdi á eftir en stoppaði við útidyrnar. Hans staður var þar og í mesta lagi forstofan innan um skófátnað fólksins sem honum var bannað með mörgum hvössum og háværum orðum að naga ekki, og hafði lært sína lexíu. Skórnir fengu orðið fullan frið fyrir tönnum hvolpsins og gríðarlegum áhuga.

Droplaug var kominn inn í eldhúsið. Vöflustafli stóð rjúkandi á diskum á borðinu. Allt nýbakað og ný unnið og gert. Ferskari gat sykrað fæðan ekki verið. Bakstursilmurinn mætti fólkinu er það settist.

Kvöldmaturinn lá á stálfati við hlið vasksins undir lélegum eldhúsglugganum. Flökuð ýsa frá öldruðum sjómanni á Eyrabakka

sem annað veiðið réri til fiskjar með nokkur bjóð sem hann lagði skammt frá landi. Afraksturinn flakaði hann svo og seldi bændum í nágrenninu og átti orðið sína föstu kúnna á bændabýlunum allt austur til Hellu:

„Ég sé að Hreinn Valsson hefur verið á ferðinni. „ - Frímann sá fiskinn og grunaði hvernig í málinu lá:

„Karlinn er trúfastur og hefur komið til okkar árum saman með fisk. Úrvals vara hjá honum. Enda nýveiddur og ferskur. „ - Úlfar smurði vöfflu með sultu og skelli skeið af rjóma ofan á og braut bakkelsið saman og stakk upp í sig. Sötur hljóð heyrðist er hann bar brennheitt kafið upp að vörum sér. Rjóminn þrýstist út og lak rjómasletta ofan á taudúkinn á borðinu:

„Afi? Það lekur hjá þér. „ – sagði Kári og skelli tönnum í sína rjómaskreyttu vöfflu.

„Og líka hjá þér. „ - Afinn svaraði um hæl. Hlátur kvað við er tvær rjómaklessur blöstu við á borðinu þar sem þeir sátu:

„Lagsmaður! Nú lágum við í því. Tveir menn sekir við þetta litla borð um að útbía borðdúkinn. „ – Hann stóð á fætur:

„Drífið okkur. Ég þarf að komast sem fyrst af stað. Kaupfélagið er lokað á ákveðnum tíma og eftir það er tilgangslaust að berja á dyr verslunarinnar eða lagerhússins. Skiljið! Allt harð læst. „ – Úlfar talaði með fullan munninn. Hann var að flýta sér. Krakkarnir hertu sig líka.

Útvarpið lék lög á léttum nótum. Bítillæði með Ómari Ragnarssyni skemmtikrafti hljómaði í viðtækinu og var hans nýjasta lag og vel við eigandi:

„Nú get ég bitið í hárið á mér „ – söng Frímann Áki með Ómari og horfði á Hannes son sinn sem brást við með því að strjúka fingrum

sínum í gegnum hárið sem að margra áliti var orðið svolítið sítt að aftan og komið langleiðina niður fyrir eyrun.

Kjammur hreyfðust í kappi við tímann og svo var öllu kyngt og skolað niður með rjómalögðu kakói og í tilfelli afa bleksvörtu og sykrudu kaffi. Eva og Kári vildu ekki fyrir nokkurn mun missa af skemmtilegri ferð á traktorsbrettinu þó svolítið hart væri undir. Ýmislegt mátti leggja á sig fyrir spennandi ferðalag. Hannes sætti sig við dvölina á bænum. Enda eldri og kominn með sumpart annan hugsanagang heldur en yngri systkini sín.

Töskunum var komið fyrir í herberginu sem hjónunum hafði verið úthlutað. Krakkarnir þrír höfðu saman herbergi við hlið þeirra. Frímanna tók fram réttan fatnað og klæddi þau. Húfan fór á sinn stað, úlpan og svo vettlingar. Ullarsokkar drógust upp á fætur og öllu lokað með glænýjum gúmmístígvélum sem hindraði vatn og aur í að kæla tærnar.

Á hlaðinu beið Úlfar. Hann sat í ekilsæti dráttavélarinnar sem gekk mjúklega undir honum. Og ekki við öðru búist. Droplaug kom út ásamt krökkunum með gæru sem hún lagði í sætið með þeim orðum að allt væri betra en hart og kalt járníð.

Eva og Kári klifruðu á sinn stað og komu sér þægilega fyrir. Dráttarvélina rann af stað og ók niður heimreiðina í átt að þjóðveginum og jók smá saman hraðann. Skröltið í kerrunni barst til fólksins á hlaðinu. Sámur og Glóra ætluðu með en skipun frá Droplaugu snéru þeim samstundis aftur við.

„Haldið ykkur fast í handriðið og verið stillt. „ - hrópaði Frímanna Áki á eftir hópnum. Krakkarnir stungu handleggjunum undir handriðið til hliðar við sig og festu sig við vél og vagn.

Dökkgræn sendibifreið hægði ferðina og beygði inn afleggjarann heim á Hrafnakot. Úlfar ók út í kant stöðvaði vélin og beið aðkomumanns. Þeim vitanlega var ekki von á neinni sendingu.

Sendibifreiðin stöðvaðist við hlið dráttarvélarinnar. Greinilegt var að samtal átti sér stað á milli bílstjóra og bónda. Skömmu síðar héldu báðir sína leið.

Græna bifreiðin renndi í hlað. Hér var kominn sölumaður úr bænum um þrítugt sem ók um dreifðar byggðir landsins til að selja fatnað af allskonar gerðum og með margskonar munstrum á. Sjálfsgagt þótti að maðurinn sýndi heimilisfólki varning sinn. Innanum og saman við buxur, kjóla pils og blússur leyndist forláta svart leðurvesti sem sölumaður kynnti sem Bítlavesti og nyti vinsælda hjá ungu fólki um þessar mundir. Þetta vakti áhuga Hannesar sem hvatti föður sinn að kaupa handa sér vesti og jafnvel á sig sjálfan, sem Frímánn reyndar tók ekki í mál.

Sölumaðurinn tók viðbragð við áhuga drengsins og hóf að útlista gæðin vestisins:

„ Vestid er úr ekta leðri og er saumar og allur frágangur til fyrirmyndar. Engin handarbakavinna á þessum skal ég segja þér. Þú færð 40% afslátt og gerir kostakaup. „

Hannes fékk að máta eitt sem smellpassaði á hann:

„ Ef vestin eru til í öllum stærðum skal ég kaupa af þér þrjú stykki. Ég á yngri krakka líka sem þurf þá sín eigin vesti. „

Þrjú vesti á einum bretti. Þetta vakti áhuga sölumanns um allan helming. Hann vatt sér að einum fatakassanna í bílnum gramsaði í honum og dró fram tvö af áður uppgefnum stærðum:

„ Þetta lofar góðu um framhaldið. Á fyrsta viðkomustað sel ég þrjár flíkur. „ - Maðurinn tók við upphæðinni úr hendi Frímánn Áka sem þakkaði fyrir sig og gerði sig líklegan til hverfa inn í bæinn.

„ Heyrðu „ – sagði maðurinn.

„ Ert þú ekki Frímann Áki og einn af þingmönnum Akurflokksins á Alþingi. „

Frímann Áki snéri sér við:

„ Rétt til getið. En hver er maðurinn? „

„ Jóhannes Jensson ættaður úr Garðabæ. Kallaður Jói sölumaður. „

„ Gaman að kynnast þér Jóhannes. „ - Frímann tók í hönd mannsins.

„ Þú ert pottþéttur gæi. „ - Maðurinn rétti þumalfingur sinn upp til staðfestingar og undirstrikunnar orðum sínum:

„ Ég sá einmitt mynd af þér í Tímanum og fannst ég kannast við manninn sem verslaði af mér þrjú Bítlavesti. Blöðin og myndirnar í þeim opinbera marga: „

„ Já, það er víst svo. „

„ Ég tók einnig eftir Nýja testamentinu sem þú varst um það bil að stinga í brjóstvasa jakkans. Fátítt er að sjá þingmenn bera á sér bók bókanna. Ertu kannski trúaður? „

„ Ég hef lengi trúað og treyst Jesús og ég vona að sama sé uppi á teningnum hjá þér: „ -

„ Sölumaður! Má ekki bjóða þér kaffisopa. „ - Droplaug sýndi eðlislæga gestrisni íslensku sveitamanneskjunnar.

„ Ómögulega takk. Ég þarf að hala inn meira af money - peningum - og þræða sveitabæina allt til Kirkjubæjarklausturs:

„ Pottþéttur gæi. „ – Jói sölumaður settist brosandi inn í græna sendibílinn og ók af stað. Hundarnir hlupu á eftir bílnum og geltu

hver í kapp við hinn. Hannes var hæstánægður og var amma hans honum sammála um að Bítlavestið færi honum bara vel.

Og Kúnum hleypt út

4 kafli

Hljóð frá dráttarvél barst heim að bænum. Börnin sátu á gærinni ofan á bretti dráttarvélarinnar og ljómuðu öll í framan. Fólkið var rjótt í kinnum og hraustlegt í andlitinu eftir ferðalagið í kaupstaðinn. Tjörupappi lá í rúllum í kerrunni í nægjanlegu magni á allt þakið. Droplaug sá ein um mjaltirnar. Hún tók ekki í mál að gestirnir hjálpuðu sér. Þeim veitti ekki af hvíldinni. Eftir langan og strangan vetur hjá þingmanninum og argaþras stjórnmalanna gerði dálítil afslöppun í sveitinni honum bara gott. Frímenn Áki var eins og einn af vorboðunum fyrir fólkið á Hrafnakoti.

Úlfar tók sveig í átt að íbúðarhúsinu stöðvaði vélin, setti í bakkgír og bakkaði vél og kerru fast upp að fjósveggnum og skellti fótbremsunni niður og festi. Krakkarnir klifruðu af Deutz vélinni. Þau voru svolítið stírd eftir alla setuna á hörðu traktorsbrettinu. Úlfar fór beint inn í fjósið til að hjálpa konu sinni við rest. Krakkarnir gengu í gangstæða átt til að hitta föður sinn sem sat á kolli hægra megin við innganginn og fletti í gömlum Tíma sem hann greip með sér á leiðinni út.

Hannes fór með ömmu sinni í fjósið til að heilsa upp á kýrnar og svona skoða aðstæður inn í hlöðunni. Aldrei var að vita nema kaðallinn sem faðir hans batt eitt sinn upp í rjáfrið hengi þar enn með öllum sínum óteljandi hnútum.

Kári og Eva höfðu margt að tala um við pabba sinn. Þeim var ekkert kalt hvorki á höndum né fótum en svolítið aum í rassinum eftir aksturinn á holóttum veginum. Fyrir þeim var ferðin eitt stórt ævintýri. Meira segja mættu þau Bárði á Keldnakoti sem ók gamla Land Rover jeppanum sínum með Lappa sitjandi í framsætinu og starandi á allt sem hreyfðist.

Er sögur barnanna höfðu gengið um stund stóð Frímanna á fætur og bað krakkanna að fylgja sér inn í herbergið sem þeim hafði verið úthlutað. Þar var að hans sögn óvæntur hlutur sem hann vildi að þau sæju. Krakkarnir litu hvort á annað og settu upp spyrjandi svip. Engin svipbrigði sáust á Frímanni sem gaf þeim minnstu vísbendingu um hvað hann ætti við. Allt varð málið leyndardómsfullt. Hvað var pabbi með upp í erminni sem hann ætlaði draga fram og sýna þeim inn í herberginu? Eva kippti í peysu Kára og lagði mun sinn upp að eyra hans og hvíslaði. Hvíslið vakti þeim báðum hlátur. Þau gengu á eftir föður sínum inn ganginn og staðnæmdust á miðju gólfi herbergisins. Og með krakkanna standandi þar og enn ekki vitandi hvað um væri að vera gekk pabbi að fataskápnnum og kom með tvö svört leðurvesti innpökkuð glært plast sem hann bað þau að máta:

„ Rosa flott vesti. Förstu í bæinn eða var maðurinn á sendibílnum með þau? „ - sagði Kári um leið og hann fjarlægði plastið utan af flíkinni og klæddi sig í hana.

Vestin voru vel við vöxt. En það gerði ekkert til. Börnin uxu hratt og myndu von bráðar smellpassa í þessi vesti. Og ekki rýrnaði verðgildi vestanna er pabbi upplýsti þau um að vestin væru Bítlavesti og úr ekta leðri og að Hannes bróðir þeirra ætti eitt alveg eins. Nú var ekki lengur spurt heldur glaðst. Bítlavesti var sko fengur í augum krakkanna. Svo glöð varð Eva að hún spurði pabba sinn í fullri alvöru hvort hún mætti ekki sofa í vestinu sínu í nótt en fékk það svar til baka, og sér til armæðu, að slíkt kæmi ekki til greina. Náttföt væru til að sofa í á nóttunni en Bítlavesti klæddist maður á daginn:

„ En Pabbi? Mig langar svo! „ - Eva suðaði og setti upp kunnuglegan svip suðarans tilbúinn til að beita öllum tiltækum þrístingi sem stundum bar árangur og stundum ekki.

„ Kemur ekki til mála. „ – Frímanna var ákveðinn og ósveigjanlegur í afstöðu sinni.

„ En þið megið vera í þeim við matarborðið á eftir. Eru það ekki ágætis býtti? „

„ JibbiJei. „ - hrópuðu drengurinn og telpan og þutu út úr herberginu. Fyrir framan spegilinn á ganginum stoppuðu þau og skoðuðu vestin á sér og mátu hvernig þau færu:

„ Er ég nokkuð hallærislegur í vestinu? „ – spurði Kári systur sína og strauk vestið niður eftir sér með flötum lófa. Og bætti svo við án þess að gefa Evu fyrst svigrúm á að svara:

„ Ég ætla að hengja upp Bítlamynd fyrir ofan rúmið mitt. „ - Kári hnepti efstu tölunni:

„ Ég líka. En nú mann ég. Ég gleymdi að taka hana niður af vegnum í herberginu mínu heima áður en við fórum. Oh. Ég gleymi því alltaf. „ - Eva varð súr á svipinn.

„ Engar áhyggjur ég er með tvær myndir. Þú getur fengið innrömmuðu Bítlamyndina mína. Fyrir ofan þitt rúm er meira að segja nagli og allt tilbúið ha! „ –

„ JibbiJ.... „ -

„ Krakkar! Skreppum út í fjós og heilsum upp á kýrnar. Kannski er kominn nýr kálfur. Á morgun verður gaman því þá verður kúnum hleypt út. „ - Frímann Áki stóð á hlaðinu íklæddur gúmmístígvélum og ullarpeysu er krakkarnir komu hlaupandi út til hans í nýju vestunum utanyfir peysuna.

Veðrið var dásamlegt. Allur gróður að koma til. Gróðurilmur lá í loftinu og ekki laust við að kýrnar væru orðnar svolítið órólegar og stirðar í öllum liðum eftir að hafa verið bundnar vetrarlangt á bás. Lyktin sagði þeim hvaða árstími væri og þær vildu út. Töluvert grængresi var komið á túnin:

„ Kýr! Komið nú! Græna grasið bíður eftir hrjúfum tungum ykkar. „
 - Engu var líkara en að sjálft vorið kallaði á tjóðraða gripina í fjósinu og gerði þínu spennta. Blessaðar skepnurnar skynjuðu breytingar út í náttúrunni.

Fjosið á Hrafnakoti stóð á hlaðinu og þurfti aðeins að ganga yfir planið til að komast þangað. Nýleg steinsteypt heyhlaða var til hliðar við fjosið og sex ára gamall steinsteyptur súrheysturn. Turninn var kringlóttur og stóð marga metra upp í loftið og rúmaði töluvert magn af sýrðu heyi sem kýr hafa svo gott af að éta og eykur í þeim nytina. Segja að minnsta kosti spekingarnir í ráðneytinu.

Frímann Áki tók í hurðarhúinn. Hurðin laukst upp en var svolítið stíf í karminum. Nokkrar ferðir með hefli breytti þessu og gerði hurðina meðfærilegri. Ýmis verk biðu handlaginna manna á Hrafnakoti.

Inni mætti þeim þessi sérstaka lykt sem einvörðungu finnst í fjósum. Innri dyrnar stóðu galopnar og blöstu hausar gripanna við. Þeir átu heyið sem búið var að bera í þá. Kýrnar litu upp sem ein væri og horfðu í átt að hljóðinu sem til þeirra barst við opnun úthurðarinnar. Sumar hættu að éta en aðra létu sér fátt um finnast og héldu átinu áfram þótt smávegis hik kæmi á þær.

Mjólkurhúsið stóð við lítinn gang vinstra megin á ganginum. Beint framundan var sjálft fjosið. Hægra megin var gluggalaus geymsla, ruslastía - eins og Droplaug kallaði hana, og vantaði hurðina fyrir. Hurðin lá uppreist við vegginn innanverðan og var þessari hurð stundum skellt fyrir opið og tveim nöglum snúið sitt hvorum megin efst á dyrastafnum. Einfaldur búnaður sem þó gerði sitt gagn en var samt hálfgerð „fjallstart."

Úlfar og Droplaug voru inn í mjólkurhúsinu. Droplaug þreif mjaltaráhöldin og sigtið sem síaði óhreinindin úr mjólkinni. Element tengt með gúmíslöngu við kalt vatn úr krana var ofan í einum brúsa og snérist þar og kældi mjólkina. Kæling mjólkurinnar tók sinn tíma. Einfaldur búnaður með mikla gagnsemi. Úlfar færði fullan

mjólkurbrúsa nær dyrunum sem lágu út á hlaðið. Með því að opna þessar dyr var hægt að koma mjólkurbrúsunum beint út á kerruna og áfram á brúsapallinn:

„ Jæja bæjarfólk og þú þingmaður. Eins og þú sérð er hér á bæ allt með svipuðu sniði og áður. Rétt fyrir mjaltir bar Skjalda gamla kálfi og verður hægt að bjóða ykkur ábresti í eftirrétt eftir matinn. Ábrestirnir standa í mjólkurfötunni þeirri arna . „ – Úlfar benti á járnfötu sem stóð á borði með gulleitum vökva í:

„ Komum börn og skoðum kálfinn. Er hann boli eða kvíga? „ - Frímenn Áki gekk fram:

„ Boli „ – Úlfar lauk við að færa brúsann og kom spenahylkjunum fyrir á mjólkurhúsveggnum. Allt hreint og fínt og klárt fyrir næstu mjaltir. Hann færði elementið yfir í síðasta brúsann og fór inn á eftir þeim.

Droplaug yfirgaf staðinn og hélt heim til að gera matinn tilbúinn og setja ábrestinn í pott og sótti flösku af berjasaft og eigin framleiðsla frá liðnu sumri. Saftið var geymt í búrinu innaf eldhúsinu. Berjasaft fór ágætlega með ábresti og þótti ómissandi á heimili þeirra hjóna ásamt kanilsykri.

Undireins og komið var inn í fjósið blasti við grindverk sem hindraði fólk í að ganga beint inn á fódurganginn. Til að komast um fjósið og inn í hlöðuna varð að ganga fyrir aftan kýrnar eftir mjóum steinsteyptum gangvegi meðfram veggnum. Flórinn var samhliða gangveginum og jafnlangur básaröðinni. Geldneytið hafðist við inn í gömlu byggingunni áfastri fjósinu. Og þaðan var hægt að komast inn í hlöðuna. Kúamykjunni var ekið út í hjólbörum kvölds og morgna og sturtað á fjóshauginn sem sífellt gildnaði og óx og teygði sig niður túnið. Enda ekki lengur nýttur sem túnáburður. Tilbúin áburður hafði tekið öll völd í sveitinni og þótti betri til sprettu.

Gluggar þöktu fjósveggina sitt hvoru megin á húsinu með jöfnu millibili og voru í um hundrað og fimmtíu sentímetra hæð frá gólfi. Fjósgluggarnir gáfu daufa birtu inn í fjósið en voru samt til gagns. Haugskítugt glerið hindraði birtuna í að komast inn. Kústi dýft í vatn og strokið eftir þessu gleri breytti miklu varðandi birtustigið inni.

Nýfæddur kálfurinn var bundin hjá móður sinni og lá í heyinu á fóðurganginum. Gamla kýrin hnusaði af afkvæmi sínu án þess að hæga á átinu. Þetta tvennt fór ágætlega saman hjá kúnni.

Það rumdi lítillga í Skjöldu er fólkið nálgast. Kálfurinn stóð á fætur og strekkti í bandið. Hann leitaði eftir spena. Þótt ungur væri, bara nokkra klukkutíma gamalla, var hann staðinn á fætur og hinn styrkasti og vissi hvað mjólk var.

Hannes, sem sér til ánægju sá að kaðallinn hékk enn á sínum stað í hlöðunni, kom til fólksins. Hann hafði tekið nokkrar sveifluæfingar á þessum kaðli sér til ómældrar gleði og skemmtunar. Peysan hans var með stráum í eftir fall á bakið ofan í mjúkt heyið sem hann náði ekki að burstu úr en myndi fullgera verkið áður en hann færi inn í íbúðarhúsið er. Sem og amma krafði sitt fólk um:

" Ekkert hey inn á mín gólf " - sagði amma margoft.

Eva og Kári stóðu við hlið kálfsins og struku honum. Kálfinum virtist láta sér á sama standa um stökur barnanna og baulaði ámátlega og heimitaði örlítið meiri fæðu. Örlítið meiri mjólk. En varð eins og hinir níu kálfarnir í fjósinu að bíða til næstu mjalta. Þessi kálfur var sá tundi. Frá áramótum voru bara fjórar kýr óbornar í fjósinu:

„ Afí! Látum kálfinn heita Bláma. „ – Kári kom með uppástungu að nafni:

„ Blámi já. Er einhver ástæða fyrir þessu nafni Kári. Blámi er frekar sjaldgæft orð og sjaldgæft nafn á búpeningi. „ - Afi klóraði sér í höfðinu:

„ Hvað segir þú Eva? Hvað eigum við að skíra kálfinn? „ –

„ Bjöss.. Nei. Ehh.. - Ég veit það ekki. „ - Eva varð hugsandi á svip.

„ iii. Glatað. „ - heyrðist í Hannesi.

„ Ehh. Mér er eiginlega alveg sama og svo er Blámi fallett nafn. „ – Eva gekk til föður síns og tók í höndina á honum og fann styrkinn streyma yfir til sín:

„ Þá er það samþykkt. Blámi skal hann heita. Og mundu það Kári að þú stakst upp á nafninu og hinir samþykktu. Sammála Hannes!? „

„ Jepp. Eh ég meina yes - eh jú: „ –

„ Hvað á að verða úr þessu hjá þér drengur minn? „ - sagði Frímann Áki hlæjandi.

„ Þá er málið afgreitt og við getum yfirgefið fjósið og tekið okkar sæti við eldhúsbordið. „ – Úlfar nuddaði saman höndunum og gekk í fararbrjósti eftir gangveginum. Maginn rak á eftir öllum. Honum skildi sinnt án frekari tafa.

Súpukjöt kraumaði á eldavelinni í stórum potti. 6 matardiskar voru lagðir á borðið. Allt var klárt til að hefja málsverðinn undireins og fólkið kæmi úr fjósverkunum. Ábrestirnir voru að verða tilbúnir og yrðu frambornir eftir aðalréttinn.

Glufa hafði læðst inn og stóð nú í eldhúsdyrnum og mændi á húsmóðurina sem stóð við pottinn og færði kjötbita upp á flangt, rósótt leirfat. Aldrei var að vita nema Droplaug stingi upp í hana smá

kjötbita sem hún gæti gætt sér á við fætur fólksins. En því var ekki að heilsa. Að vísu fékk hún sinn skammt ásamt Sámi en ekki inni heldur úti á hlaði þar sem þau vanalega átu er veður var gott.

Kvöldið kom og fólkið á Hrafnakoti undirbjó sig í að taka á sig náðir. Börnin deildu saman herbergi og faðir þeirra öðru herbergi við hlið þeirra. Kári og Eva fengu að lúra hjá pabba sínum. Bítlavesti krakkanna lágu á rúmum tilbúinn til notkunar strax næsta dag.

Frímenn Áki kraup við rúmið sitt og allir krakkarnir með honum:

„ Kæri Jesús. Ég þakka þér fyrir daginn og að koma okkur heilum á áfangastað. Ég bið þig að vernda bæði mig, konu mína og börnin og gefa okkur öllum góða nótt og góða drauma. í Jesú nafni. Amen. „

Hannes yfirgaf herbergið, bauð góða nótt og lagðist í sitt rúm hinum megin við vegginn en skildi dyrnar fram á ganginn eftir opnar.

Fólkið féll fljótt í fasta svefn og þeir sem hrutu byrjuðu brátt að hrjóta.

Vindurinn lék við tún og byggingar Hrafnakots þessa nótt eins og aðrar nætur en fór mildilega yfir svæðið. Myrkið grúfði yfir. Enda ekki en orðið fullbjart.

Sjö um morguninn heyrðist umgangur frammi. Úlfar og Droplaug voru vöknuð og farinn að undirbúa sig fyrir fjósverkin. Lykt af hafragraut barst frá eldhúsinu og glamur í diskum þegar húsfreyjan lagði á borðið.

Frímenn Áki opnaði fyrst annað augað og svo hitt. Hann geispaði og langaði til að sofa ögn lengur en Eva sem líka var vöknuð var næstum búin að klæða sig. Frímenni Áka var ekki lengur til legunnar boðið. Kári svaf enn eins og steinn og einnig Hannes hinum megin við vegginn.

„ Góðan daginn Eva mín. Þú ert fyrst á fætur eins og stundum áður. „
– sagði Frímenn og smeygði sér í gallabuxurnar og hneppti að sér
buxunum og strengdi um sig beltið.

Góðan daginn pabbi minn. Og veistu hvað? Mig dreymdi Jesús.
Hann hélt í hönd mína og leiddi mig: „

" Sagði Jesús eitthvað við þig? „ – spurði Frímenn dóttir sína.

„ Ehh. Ég held ekki. Ég mann það þá ekki. En draumurinn var svo
fallegur og mér leið svo vel á göngunni með honum. „

„ Kæra barn! Þennan draum skaltu varðveita í hjarta þínu. Jesús vill
leiða þig alla þína ævi. „ – sagði Frímenn og lauk við hneppa að sér
skyrtnuni.

„ Ég veit það pabbi. „ -

Kári bylti sér í rúminu og lauk upp augunum:

„ Er kominn nýr dagur „ - sagði hann og nuddaði augun.

„ Já og nú drífum við okkur á fætur. „ - Frímenn Áki sat á rúminu og
smeygði seinni sokknum á fót sinn og var þá fullklæddur. Eva beið
eftir honum við dyrnar. Hrotur heyrðust úr herbergi Hannesar.

„ Eva! Farðu og vektu Hannes. Hann hefur gott að þvi að vakna
snemma. „

„ Telpan tiplaði að rúmi bróður síns og Frímenn heyrði hana segja. „
Hannes! Veikop. „ – og gat ekki annað en brosað vegna allra
enskusletna krakkanna sem var eins og bylgja í samfélaginu og
tengdist líklega Bítlaæðinu.

Eftir mjaltirnar átti að hleypta kúnum út í ferskt loftið. Úlfar og Frímánn Áki sáu um að losa keðjurnar af hálsi dýranna. Undireins og dyrunum út var lokið upp vissu blessaðar skepnurnar hvað til stóð og létu ófriðlega á básunum og loks ætlaði allt vitlaust að verða og kýrnar bauluðu hver í kapp við aðra svo að mikill hávaði varð innandyra að ekki heyrðist mannsins mál. Slíkur var atgangurinn.

Droplaug ásamt börnunum biðu fyrir utan.

Fyrsta kýrin kom út. Hún hnusaði út í lofti og var í fyrstu lítið eitt ringluð en tók svo að stíga nokkur klaufaleg dansspor á jörðinni sem leiddi til þess að hún féll kylliflöt og rann á síðunni eftir grasverðinum nokkra metra. Fáeinum mínútur síðar voru allar 14 kýrnar komnar út og hlupu um og skvettu upp rössum og klaufum. Geldneytið inni lét og í sér heyra en þeirra tími var ekki enn kominn.

Skjalda gamla sem alla jafna gekk síðust bæði út úr fjósi og inn í fjós réði sér ekki fyrir fögnuði og hljóp um eins og kálfur og setti hausinn í þúfu og reyndi með látum að rífa hana upp. Hún spólaði á sínum fjórum fótum og linnsti ekki látum fyrir heldur en þúfan lá með moldina upp en grasvörðinn niður:

„ Afí afí. Sjáðu Skjöldu. Hún vill hjálpa þér við að slétta túnið. „ - sagði Kári og fannst mikið til afsl kýrinnar koma.

Evu fannst atgangurinn vera orðin fullmikill og fann sér skjól og sitt öryggi í örmum föður síns sem eins og aðrir á heimilinu fylgdist með skepnunum leika listir í trylltum fögnuði frelsisins.

Kindurnar og lömbin fyrir neðan bæ urðu látanna ekki varar og létu sér fátt um finnast. Þær bara sinntu sínum lömbum og jörmuðu þau til sín hvenær sem litlu lömbin bárust of langt frá þeim.

Er kýrnar höfðu ólmast og dansað nóg fór smá saman að og hægjast um í hópnum og urðu þær flestar aftur eins og áður. Rólegar og yfirvegaðar og svolítið letilegar í framan.

Túnspildan sem þeim var ætluð til næringar, til að byrja með, var skammt fyrir ofan bæinn.

„ Hó hó „ - heyrðist í afa sem gekk niður fyrir hópinn til að koma honum saman og stefna í rétta átt. Verkið reyndist ekki erfitt. Skepnurnar rötudu veginn og gengu sínum rólegu skrefum. Smá galsi var þó enn í yngstu kúnum en þær eldri höfðu misst galsann. Hjörðin mjakaðist sinn veg með fólkið gangandi á eftir sér.

Hliðið var opið og gekk hjörðin inn á túnblettinn sem þakin var grænu freistandi grasi. Þarna mundu þær dveljast yfir daginn. Úlfar lokaði hliðinu á eftir síðustu kú.

Á leiðinni heim benti Hannes skyndilega upp í loftið:

" Hæ og hó! Sjáið örninn sem flýgur þarna! „

Úlfar myndaði skyggni með hendi sinni á enninu og skoðaði fuglinn sem sveif um þöndum vængjum. En komst að raun um að fuglinn væri trauðla nógu stór til að vera örn:

„ Þetta er líklega ugla. Þær hafa sést hér í Flóanum þótt sjaldgæfar séu og berast með vindinum yfir hafið og eru svona flækingsfuglar. Held ég. „

„ Þabbi minn. Branduglan er staðbundin fugl sem lifir á Íslandi og verpir í þessu landi. Branduglan, fuglinn yfir höfðum okkar, byrjar að verpa í kringum miðjan maí og stendur varpið yfir fram í júní. Snæuglan sést hér annað veifið og hefur verpt hér. En Snæuglan er hvít þannig að fuglinn í háloftunum er ekki Snæugla heldur Brandugla. Það er ljóst. „ – Frímenn Áki kom með leiðréttingu inn í málið.

„ Kannski það. Kannski það. Þú veist aldeilis mikið. „ – Úlfar snýtti sér með fingrunum.

Eva, Hannes og Kári fylgdust svolitla stund í viðbót með fuglinum og drógust afturúr. Þau vildu komast að því hvert Branduglan stefndi. Er fuglinn hvarf þeim sjónum tóku þau sprettinn á eftir fullorðna fólkinu.

Hulda var öll að koma til. Ígerðin sigruð og bólga að hverfa. Allt með hjálp fúkkalyfjanna og bænarinnar. Henni hlakkaði til að hitta fólkið í sveitinni.

Við útidyrnar tóku mennirnir af sér stígvélin. Ilmurinn af nýuppáhelltu kaffi kitlaði nefið. Síminn hringdi langt, stutt, langt. Tvær langar og ein stutt. Allskonar hringimál var í gangi í símkerfinu og átti það við þennan eða hinn sveitabæinn.

Stutt, löng, stutt, stutt, barst til fólksins. Úlfar stóð á fætur og tók upp símann:

„Halló. Já sæl og blessum Hulda mín og mikið er nú gaman að heyra í þér. Jújú maðurinn þinn er hér og börnin líka og öllum líður vel. Eva er kominn hingað. Viltu ekki spjalla svolítið við hana? „ - Úlfar rétti telpunni símtækið: „Mamma þín er í símanum. „ - sagði hann.

„Hæ mamma. Veistu hvað? Skjalda er kominn með kálf og Kári gaf honum nafnið Blámi. Svo er hér líka hvolpur sem heitir Glufa. Við vorum að hleypta út kúnum og ég var ekkert hrædd. Ehh nema pínulítið. Kýrnar létu líka svo illa. Bless mamma og komdu fljótt: „ -

Frímann Áki sem nú var kominn tók við símtækinu úr hendi dóttur sinnar og spjallaði stundarkorn við konu sína og það undirstrikað að hann drifi sig í bæinn næsta dag og sækti hana á sjúkrahúsið.

5 kafli.

Hulda losnar af spítalanum

Ábrestirnir brögðuðust vel og ekki skemmdi heimagerða saftið bragðinu né kanilsykurinn. Frímenn Áki minntist á það við matborðið að einungis þegar hann kæmi í sveitina gæti hann átt von á að fá bragðað svona hrossgæti sem alla jafna væri ófánlegt í mjólkurbúðum bæjarins:

„Ég sendi ykkur nú stundum flösku með ábresti viti ég um ferð í borgina og kýr á bænum er nýborinn. Ekki gleyma því. „ - Faðir hans minnti son sinn á að hann væri nú ekki alveg gleymdur:

„Ég átti ekki við það heldur hitt að maður vill kannski fá að smakka ábrestina oftar: „

„Það er annað mál.“ - Úlfar keyrði höfuðið afturábak og drakk síðasta sopann úr kaffibollanum. Glamur heyrðist er bollinn skall á undirskálina:

„Jæja, nú ætla ég að leggja mig smá stund. Á eftir huga ég að fénu og skoða hvort restin sé ekki borin. „ - Úlfar stóð upp frá borðinu og gekk inn í herbergi þeirra hjóna. Hurðin lokaðist á eftir honum. Droplaug stóð við vaskinn og handlék leirtauið ofan í volgu sápuvatninu:

„Vilt þú ekki líka halla þér stundarkorn „ - spurði Droplaug son sinn sem jánkaði og stóð á fætur.

Krakkarnir fóru og inn í sitt herbergi og dunduðu sér þar. Droplaug varð ein eftir með lágværa tónlistina úr gamla lampatækinu leikandi um eyru sín. Henni fannst þægilegt að vinna undir lágværri tónlist.

Kári afhenti Evu innrömmuðu Bítlamyndina sem undireins kom henni fyrir á naglanum ofan við rúmið sitt. Hún gætti þess vandlega að myndin hallaðist ekki hvorki til hægri né vinstri. Verkið krafðist nákvæmni. Örlítið upp til vinstri. Nei. Aðeins niður aftur. Svona. Þarna koma það. Eva nuddaði saman höndunum og tók til við fyrri iðju.

Hannes sótti kassettutækið ofan í skúffu og skipti um snældu. Hann þrýsti play-takkanum niður. Hófstillt eldri Bítlalög hljómuðu um herbergið.

„Sí lofs jú, je je je „ - barst úr hátalara tækisins. Blístur úr munnni Hannesar fylgdi laginu eftir og svo frá Kára og loks Evu. Þrefalt blístur frá þeim þrem og Eva nýbúin að læra að flauta og var afar stolt af að geta fylgt bræðrum sínum eftir og haldið lagi engu síður en þeir. Allt á meðan krakkarnir dunduðu sér við sitt.

Hannes lá upp í rúmi með hendur undir höfði og horfði upp í loftið á flugu sem hljóp þar um og flaug svo og settist á þráðinn sem ljósaperan hékk í.

Kári sat á stól við gluggann og las í skræðu sem hann fann í bókaherberginu og Eva lá gólfinu með hvítt blað fyrir framan sig sem hún dró línur á úr gulum blýanti þvers og kruss en samt skipulega.

Droplaug birtist í dyrunum með lítið skilti sem á stóð „ Drottinn blessi heimilið „ – Skiltið hengdi hún á nagla í veggnum vinstra megin við herbergisgluggann. Far var við hlið naglans sem eindregið benti til þess að sá sem hamrinum mundaði hafi ekki hitt á naglahausinn og hamarinn skolið í mjúkt texklætt þilið af talsverðu afl og skilið eftir sig þetta far sem kom fram í hvert sinn sem skiltið var tekið niður. Engin hafði hingað til játað á sig verknadinn. Hver kom naglanum fyrir var enn óútkljáð í Hrafnakoti en þó talið líklegt að farið at tarna væri eftir Frímann Áka sem oft á sínum yngri árum tók fram hamar og negldi margan naglann í bæði vegg og spýtur innandyrna sem utan. En naglin var þarna og bar uppi hina fögru

áletrun sem lengi hafði fylgt íbúum Hrafnakots og blasti við úr herbergisdyrunum og þjónaði enn fyllilega tilgangi sínum. Guðsorðið í hávegum haft. Gott mál. Dældin í texplötunni var ekki daglegt umræðuefni á heimilinu en alltaf öðru hvoru og mest þá til skemmtunar.

Hjónin á Hrafnakoti voru bæði trúuð og höfðu lengi sungið í kirkjukórnum í sveitakirkjunni við messur og aðrar athafnir. Úlfar var annar af orgelleikurum kirkjunnar en Droplaug sá að mestu um að æfa kórinn og reyndi að stunda sitt starf eftir föngum. Sem reyndist oft vera erfiðleikum bundið á álagstímum á býlinu yfir sumarmánuðina. Eins og sauðburð og stífar heyannir þegar regn var yfirvofandi og hey lágu þurr á túnnum og mikilvægt að hafa hraðar hendur til koma þeim í hlöðuna eða sæta og breiða striga yfir áður en allt gegnblotnaði af ofankomunni. Þá gat vinnutíminn orðið langur og strangur.

Þótt amma kæmi inn þagnaði hvorki Bítlalagið né flaut barnanna. Þau flautuðu áfram en fylgdust samt með verki ömmu. Skjöldinn þekktu þau vel og vissu að hann átti heima á þessum nagla.

Áður en amma yfirgaf herbergið sagði hún:

„Börn! Ekki gleyma Jesús og trúnni sem hann vill gefa ykkur:

„Ókei „ – sagði Hannes og skoðaði miðann innan á nýja vestinu sínu sem meðal annars sýndi framleiðslulandið og sá sér til gleði að vestið var framleitt hvorki meira né minna heldur en í Liverpool, í heimaborg og fæðingarstað Bítlanna.

„ Amma láttu ekki svona. Ég fer með bænirnar á hverju kvöldu „ – sagði Kári og fletti í bókinni sem lá á hnjám hans.

„ Ég líka og ætla alltaf að gera. Bless amma „ - Eva hélt áfram blístri sínu þar sem frá var horfið og skoðaði Bítlamyndina sem hékk ofan við rúmstæðið þess á milli þess sem hún teiknaði á blaðið sem

hún fékk hjá föður sínum áður en hann fór inn í herbergið og lagðist upp í rúmið. Myndin á veggnum var eins og mynd á vegg á að vera. Þráðbein og hallalaus. Hún dró blýantinn eftir blaðinu og gerði sitt besta til að teikna mynd af afa og sjálfri sér og Kára bróðir sínum sitjandi á gærinni á aurlíf Deutz- dráttavélarinnar á leiðinni í kaupstaðinn. Á síðari stigum myndarinnar bættust svo við Bárður í Keldnakoti og Lappi hundurinn hans í Land Rover jeppanum. Hundinn lét hún styðjast við staf inn í bílnum með svartan lepp fyrir öðru auganu. Leppurinn var merkið um hversu gamall hann greyið var og áreiðanlega líka byrjaður að missa sjón. Var alltént mat Evu.

Fullgerð myndin kallaði á skoðun systkinanna sem sáu þetta kannski ekki alveg sömu augum og telpan. En hver veltir slíkum smámunum fyrir sér? Myndin benti alltént til ákveðins hæfileika telpunnar til að teikna:

„ Æfingin skapar meistarann. „ - Sagði amma oft við þessa sonardóttir sína:

„ Kári! Innan í vestunum okkar er miði sem segir að þau séu framleidd í Liverpool. Ætli Bítlarnir sjálfir hafi búið þau til? „

Kári leit upp frá lestrinum og sótti sitt vesti og skoðaði það. Og mikið rétt. Liverpool stóð á taumiðanum.

Eva efaðist reyndar um að Bítlarnir stæðu mikið í saumaskap því að þeir yrðu að hafa tíma til að semja nýja söngva og æfa lögin sín því að þeir væru svo frægir:

„ Mér finnst Ringó bestur. „ - Eva gaf út yfirlýsingu á meðan hún vandaði sig með eitt af strikum myndarinnar. Tungubroddurinn skaust út um hægra munnvikið og benti til gríðarlegrar einbeitingu.

„ iiii „ - sagði Kári.

„Ringo er bara trommari. John semur flest lögin og spilar svo vel á gítarinn og syngur best allra. „

„Ekki gleyma Paul og bassanum „ - sagði Hannes. Hann vildi halda uppi heiðri síns hljómsveitarmeðlims. Hann stakk vísifingri upp á aðra nösina á sér og sneri honum þar.

Eva lagði frá sér bréfsefnið, stóð á fætur og lagðist upp í rúmið sitt. Hún vildi leggja sig ögn eins og allt fullorðna fólkið á bænum. Myndin var enda fullgerð. Eða svo til. Í bili í það minnsta.

Kári lagði frá sér bókina og teygði sig í myndabókinni um Tarsan Apabróðir. Hann var svolítið heillaður af afrekum Tarsans og fannst hann mikill kappi. Að ráða við ljón og gorillur var mikið afrek í augum níu ára gamals stráks. Að sveifla sér létt og leikandi frá einum kaðli yfir á annan í öllum þessum trjám í skógum Afríku var ekki heiglum hent. Að getað talað við alla þessa gargandi og taugaveikluðu apa var frábært, áleit Kári.

Tíminn leið. Rólegt og hljótt varð í húsinu. Droplaug lagði sig líka að uppþvotti loknum. Tónlistin frá gamla lampatækinu var þögnuð. Allt heimilið var í hvíld að gömlum og góðum sveitasið. Snældan komst á enda. Smellur heyrðist er play- takkinn skaut upp. Nú barst ekkert hljóð úr smágerðu tækinu. Krökkunum rann í brjóst.

Hrotur heyrðust úr herbergi föður þeirra en þögnuðu á milli eftir lítilsháttar hóstakast og byltu.

Vindurinn lék sér við tún og engi og féð og lömbin sem ýmist lágu hjá mæðrum sínum eða röltu um svæðið. Kýrnar hámuðu í sig grængresið af túninu og sveifluðu hölum þegar við átti.

Hurð heyrðist opnast. Afi steig fram, geispaði og girti sig og stakk fingrunum í gegnum grátt hárið aftur á hnacka og hárgreiðslan var kominn sem hann notaði svona dags daglega. Frímánn Áki kom

einnig fram og strauk sér um augun. Öllum á heimilinu hafði tekist að festa blund.

„Jæja „ – sagði Úlfar:

„ Skyldan kallar og komin tími fyrir verkinn kæru börn. „ – Úlfar opnaði munn sinn og tók út úr sér efri góminn, hristi hann og lét buna á hann úr kalda krananum og stakk honum svo aftur upp í sig.

Eva gekk til afa síns og læddi litlum lófa sínum í hrjúfa og sigggróna hönd bóndans.

„ Hvernig líður kindinni minni og nýfæddu lambinu „ – spurði telpan.

„ Hún er heilbrigð og lambið hennar líka. Við sjáum þau rétt bráðum. „ –

„ Kári! Þú veist að þín bar tveimur vænum lömbum? „

„ Ehhe „ - Kári nikkaði höfðinu sem sitt svar:

„ Þeir nenna ekki orðið að svara þessir krakkar „ – sagði Úlfar hlæjandi.

Úlfar stakk tám í gúmmískó og fór í þá. Klæddi sig svo í gæruesti og hnýtti utan um sig snærisspotta. Krakkarnir fóru í gúmmístígvél ásamt föður sínum. Evu hlakkaði til að sjá kindina með svarta blettinn á enninu og lambið sitt. Engin furða þótt hún sæi ekki skepnuna á túninu er bifreiðin ók heimreiðina. Ætlunin var að sleppa henni til hinna í þessari ferð. Svæðið sem féð hafði til umráða var allstórt og gaf skepnunum sitt rými en samt markað af girðingum á allar hliðar. Frelsið sem þær höfðu var því ekki algert eins og til fjalla.

Úlfar gekk í hina áttina og leit til kúnna ásamt Evu. Kýrnar voru hinar spökustu og allar lagstar og jórtrandi. Þetta var merki um að þeim liði vel og hefðu fengið magafylli af grængresi þann daginn.

Jarm og svo meira jarm barst til þeirra af túninu. Allt var í besta lagi og engin ástæða til að dvelja lengur. Glufa og Sámur fylgdu fólkinu og urraði Sámur gamli í hvert sinn sem Eva vildi strjúka honum. En Glufa var öllu sprækari og heimtaði strokur og mikið af þeim.

Vissulega hlakkaði öllum í Hrafnakoti til morgundagsins og að fá liðsauka í Huldu konu Frímanns og móðir barnanna þriggja. En það var ekki fyrr heldur en á morgunn.

Fjórhusið á Hrafnakoti var öðrum fjórhusum líkt. Jötur og grindur á gólfinu og haughús undir. Frekar tómlegt var um að litast. Örfáar kindur voru eftir í húsinu. Sumar bornar en aðrar komnar að burði og aðeins tímaspursmál hvenær þær síðustu kæmu með sín.

„Svartenna „ var þar sem Úlfar hafði sett hana. Lambið var við hlið hennar. Ærin króaði lambið af út í einu horninu króarinnar til varnar og voru eðlileg viðbrögð dýrs með afkvæmi:

Eva lagðist á efstu spýtuna á fóðurganginum og horfði á dýrið:

„Komdu kindin mín og leyfðu mér að klappa litla lambinu þínu, - ég meinti mínu. „ – sagði Eva.

„Hallærislegt! Hvað heldur þú að kind sé? Skilji mannamál eða hvað? „ – Hannes lagði sitt á vogarskálarnar:

„Hún kemur stundum til mín þegar ég kalla „ – sagði telpan og hélt áfram að tala við skepnuna sem brást við með því að stappa niður öðrum framfætinum og hegða sér á vissan hátt ógnandi:

„ Hún vill bara verja lambið sitt Eva mín. Þér er alveg óhætt að klifra yfir grindverkið ef þú villt. Hún gerir þér ekkert mein. „ – sagði afi.

Frímann Áki tók telpuna í fang sitt og fór yfir til ærinnar sem hring snérist þar sem hún var og reyndi að vera skjöldur fyrir lambið.

Frímann beygi sig niður og tók lambið upp og sýndi telpunni:

„ Rosa er lambið fallett en samt svolítið skítugt á lærunum og kviðnum, „ – Eva strauk lambinu eftir bakinu. Móðirin varð óróleg, jarmaði en gerði ekki neitt og lét sér nægja að hnusa og ganga í kringum fólkið.

Kári kom til þeirra og svo Hannes. Fjölskyldan var nú öll samankominn í litlu krónni sem hindraði „Svartenu“ í að fara lengra en grindurnar heimiluðu. Afi stóð í fóðurganginum og fylgdist brosandí með.

Þröstur söng á sperru uppundir lofti og flaug á milli um allt húsið eins og til að leita að útgönguleið. Hann settist á nýjan leik á sömu sperru og lét í sér heyra:

„ Hjálp!! Ég rata ekki út! Hjálp!! Ég er villtur. „ – gæti hann verið að segja.

Úlfar klifraði yfir og leysti bandið sem hélt grindinni og dró hana til hliðar og opnaði leið fyrir ána út. Svartenna skynjaði hvað um var að vera og tók á rás með lambið hlaupandi við hlið sér. Tvær kindur til viðbótar fengu og sitt frelsi og voru því fegnar að komast út undir bert loft.

Nú voru aðeins þrjár kindur óbornar í fjárhúsinu. Sauðburði á Hrafnakoti var nánast lokið.

Dagurinn leið við ýmis viðvik, mest í kringum skepnurnar.

Nýr dagur rann upp.

Úlfar og Droplaug gengu til mjalta og fór morgunhaninn Eva með afa sínum og ömmu en Kári og Hannes fengu að líra áfram á sín eyru. Þeir yrðu ræstir eftir mjaltirnar og á meðan Úlfar og Eva röltu á eftir kúnum í hagann sinn ofan við bæinn og Droplaug tók til morgunmatinn.

Frímann Áki gerði sig kláran í að sækja frúnna. Hann ætlaði og að koma við á skrifstofu Akurflokksins til að heyra í mönnum hljóðið og hvað væri efst á baugi þar á bæ. Ýmislegt var að gerast í samfélaginu. Síldarbátarnir að gera sig klára til síldveiða fyrir norðan og austan land með sínum hasar og látum og miklu vinnu bæði til sjós og lands og miklu streymi aðkomufólks til austfjarða og norður í landi til sumardvalar. Margir litu síldina sem sitt gullgrafarævintýri. Vissulega gaf hún mönnum sitt. Vinnuálagið var samt mikið. Engin þrætti fyrir það.

Frímann Áki var enn með lélega geymirinn tengdan í Rússajeppanum. Faðir hans bjargaði málnum og lánað honum ágætan geymi sem stóð upp á borði í geymslunni ofan við fjósið en minnti hann jafnframt á að nota nú ferðina og fá sér nýjan í umboðinu í Reykjavík. Þegar geymaskiptin höfðu átt sér stað var fátt eftir nema þvo sér um hendurnar, raka sig, fara í betri föt og bruna svo í bæinn.

Gazinn – hrökk í gang, sprengdi tvisvar og malaði eins köttur á mjúkri rekkjuvoð. Eva kom hlaupandi úr fjósinu til að kveðja pabba sinn. Frímann Áki steig út úr jeppanum og tók dóttur sína í fangið. Hún minnti hann á refinn sem þau sáu á leiðinni austur og bað hann að segja sér þá frá því kæmi hann auga á rebbann. Frímann Áki lofaði að gefa henni skírslu þegar hann kæmi aftur til baka:

„ Þú mátt ekki skjóta hann. „ - Eva horfði á föður sinn alvarlegum augum. Hún lét tilfinningarnar leika svolítið með sig.

„Skjóta rebba litla. Væna mín! Á því er engin hætta. Riffillinn varð eftir heima. Refnum er alveg óhætt. Aldrei er samt að vita nema ég grípi riffilinn með mér í bakaleiðinni. En drífdu þig nú aftur inn til kúnna og mundu eftir að skila kveðju til bræðra þinna þegar þeir vakna á eftir.“

Eva tók sprettinn. Í fjósdýrunum snéri hún sér við og veifaði föður sínum. Hún horfði á eftir jeppanum aka á rólegri ferð niður eftir heimreiðinni. Eftir að hafa horft nægju sína fór hún inn í fjósið en skildi útihurðina eftir opna. Fjósverkinn voru enn í fullum gangi.

Frímann leit í baksýnispegilinn. Bærinn blasti við og var ákveðinn ró yfir íbúðarhúsinu sem hann hafði alist upp í og kom reglulega til eftir að hann fór að heiman, gifti sig og þau hjónin eignuðust eigin íbúð í Hlíðunum. Og svo komu börnin eitt á eftir öðru. Blessunin frá lifandi Guði.

Margar minningar sóttu á huga mannsins sem sat einsamall í bifreiðinni.

Lítill umferð var á veginum suður og einstaka bíll á stangli. Kambarir voru auðveldir yfirferðar og svolítið annað en var yfir vetramánuðina er stórhrið geisaði efst á fjallinu þótt sitt hvoru megin væri ágætis veður. Átta gata kaggi kom á eftir honum og tók framúr þar sem brekkan var bröttust. Amerískir bílar með þessa vélarsterð höfðu nægan kraft. Brattar brekkur eins og eitt stykki Kambar voru þeim lítill fyrirstaða. Stoltur bifreiðareigandinn horfði yfir til bíls þingmannsins og gaf eilítið meira í og skaust framúr.

Sem fyrr var heiðin einmannaleg. Fuglar sáust varla á flögri og engan sá hann refinn þótt hann skimaði eftir honum efst á fjallinu. Mest þá fyrir dóttir sína. Kannski var búið að fella kvikindið. Kannski lá hann ofan í einhverri holunni og beið eða kjamsaði á bráð.

Rússajepinn skrólta þetta af gömlum vana og lét vel að stjórn þótt ekki færi hann hratt yfir og náði um 90 kílómetra hámarkshraða á klukkustund með allt í botni og stýri og grind titrandi og skjálfandi af átökunum. 60 – 70 kílómetra hraði var svona meðalhraði fyrir slíkan bíl. Siður Gaz var að skila sínum á leiðarenda. Sem var aðalmálið fyrir þingmanninn Frímenn Áka Úlfarsson?

Borgin blasti við framundan. Umferðin jókst. Reykjavík var óðum að breytast úr borg yfir í stórborg með ýmis merki stórborgarinnar í sér. Togari sigldi út höfnina og skip frá skipafélaginu Eimskip beið eftir tollafgreiðslu svo að það gæti lagst að bryggju og kaupandinn fengi sitt að utan og svo almenningur.

Á móti honum ók rúta full af farþegum. Rútan var í áætlanafærð með endastöð á Hornafirði. Farþegum rútnunnar beið löng ferð sem tæki þá allan daginn.

Hulda átti von á manni sínum. Hún var sem vonlegt er orðin svolítið óþolinmóð og hlakkaði mikið til að komast í sveitina og hitta fólkið sitt. Þaðan sem hún sat mátti sjá yfir hluta bílaplansins og bílanna sem þangað komu.

Hún sá er Rússneskur jeppi af gerðinni Gaz- kom og bifreiðastjóran finna sér stæði og nema staðar í þessu bílastæði. Út steig ökumaður. Hann var svolítið stíður í liðum. Honum hlakkaði til að hitta eiginkonu sína og gladdist yfir því að ígerðin í handleggnum var sigruð og hún sem óðast að ná fullum bata. Hulda sá mann sinn og henni ekki lengur til setunnar boðið. Hún tók töskuna við hlið sér og dreif sig út í góða veðrið. Höndin sem ígerðin hafði verið í var enn í fatla en fatlinn myndi fljótlega fara. Eftir mesta lagi tvö daga. Sögðu lækarnir:

„Komdu sæl og blessuð elskan mín og mikið er nú gaman að sjá þig. Öllum fyrir austan hlakkar til og bíða eftir þér og orðin spennt að sjá þig. „ – Frímenn Áki heilsaði konu sinni með virktum og fékk sömu svörum frá henni.

Eftir faðmlög og nokkra kossa og spurningar almenns eðlis um hvernig gengi var fátt eftir nema drífa sig af stað. Hulda vildi koma við heima og skoða vegsummerki: „Hvernig líður börnunum? – Hulda tók fram spegill upp úr tösku sinni og skoðaði andlit sitt í honum og fann á vinstri augabrúninni full langt hár og kippti því burt:

„Ái „

„Hvað! Hvað geðrist? Er eitthvað að hjá þér væna mín. „ - Spurði eiginmaðurinn með svip á andlitinu sem benti til áhyggna:

Nei, nei. Ekkert svoleiðis. Ég var bara að taka svolítið til í andlitinu á mér. „ – Hulda hélt áfram að skoða stöðuna í speglinum og annað langt hár fékk sömu útreið og hitt og hafnaði á gólfinu:

„Nú svoleiðis.

Jæja. Þá erum við kominn heim. Kíkjum inn. „

„Heima er best. Heima er sko allra best. „ - Hulda teygði úr sér á stéttinni fyrir framan húsið sem hún hafði svo lengi búið í og átt svo marga góða daga.

6 kafli.

Snúist í borginni

Hversu yndislegt var ekki að stíga inn á gólfið sem hafði svo lengi borið Huldu og allt hennar fólk. Í þessu húsi hafði hún búið ásamt manni sínum sem nú sinnti þingstörfum á Alþingi íslendinga. Hérna hafði henni liðið eins og drottningu. Hérna lagði hún línur og hélt utan um hluti sem viðkomu heimilismönnum. Og heimili hafði hún búið fólki sínu sem því leið vel á og fann sig öruggt í. Alveg eins og hún sjálf gerði:

„Frímánn Áki. Samvinna er málið. Samvinna. „ – sagði Hulda og sté dansspor á stofugólfinu og raulaði lítinn lagstúf fyrir munni sér.

„Hví segir þú þetta kona góð. Hef ég verið með einhverja stæla hér eða reynt að hindra ferðir þínar eða krakkanna með einhverjum óeðlilegum hætti. „ – Frímánn Áki botnaði ekki alveg í þessum orðum og setti sig í ósjálfráða varnarstöðu.

„Alls ekki. Ég varð bara svo glöð þegar ég steig aftur fæti mínum inn í þessar vistarverur og varð það á að hugsa upphátt eitt augnablik. „ – Hulda gekk að einum blómapottinum, stakk vísifingri í moldina og komst að raun um að moldin var skraufpurr. Þessi uppgötvun dró hana að eldhúskrananum þar sem vatnið var og vökvaði blómið sem blöðin voru farin slúta á af vatnsskortinum. Við lá að hún heyrði rætur blómanna svolgra í sig tæran vökvann sem rann úr könnunni:

„Heyrðu! Ég ætla sem snöggvast að skreppa niður á flokkskrifstofu. Kemur þú með? Fólkíð fyrir austan bíður eftir að hitta þig og krakkarnir eru orðnir spenntir og tími okkar í borginni knappur. „

„ Já, ég kem. „ - Hulda gekk um húsið og aðgæti alla glugga hvort að þeir væru örugglega kræktir aftur. Gluggi í herbergi Hannesar stóð opinn upp á gátt og eins gott að Hulda fór í sína venjubundnu eftirlitsferð.

Inn í herbergi Evu og Kára sá hún að Bítlamyndin sem telpan tók vanalega með sér hékk enn á naglanum á veggnum:

„ Jæja. Ætli sé ekki best að taka myndina með sér austur. Eva verður glöð að fá hana til sín.

Og þó:

„ Frímenn Áki!! „ – hrópaði Hulda.

„ Já. „

„ Hvernig standa Bítlamyndamál krakkanna. „

„ Hvað ætli ég viti um það. Er ég einhver sérfræðingur í Bítlamyndamálum þeirra? „ - Dálítils parrings gætti í röddinni. -

„ Ef ég mann þetta rétt þá eru þau öll með sína Bitla... - Bítlamynd fyrir ofan rúmið sitt.

Hví spyrðu? „

„ Ég sé að Eva hefur gleymt uppáhalds myndinni sinni. „ -

„ Kári lánaði henni innrömmuðu myndina sína. Komdu nú. Drífum okkur af stað. „

„ Er að koma, væni minn. Rólegan æsing: „

„ Ég er ekkert æstur, bara eilítið að flýta mér. „

Hulda lauk yfirferðinni og skellti á eftir sér útidyrarhurðinni og gætti þess að húsið væri örugglega læst. Henni rann blóðið til skyldunnar:

„Heyrðu! Ég þarf sem snöggvast að tala við nágrana konuna og biðja hana um að líta eftir íbúðinni og vökva blóminn og svoleiðis á meðan við erum fyrir austan. Hún er með lykil að húsinu: „

„Já, gerðu það en vertu fljót. Tíminn er eins og á harðahlaupum. Svei mér þá. „ - sagði Frímenn Áki sem í sama mund leit á úrið og stakk hendinni ofan í buxnavasa sinn og tók upp bíllyklana.

Hlíðarhverfi var kyrrlátt hverfi. Indælir nágrannar og krakkarnir ágætis vinir sem léku sér mikið saman við allskonar leiki. Vinátta þeirra styrkti heildarmyndina í hverfinu. Nóg af leiksvæðum og víða hægt að þríla og sparka knetti í mark. Eina sem þurfti voru fjórir steinar tveir fyrir hvort mark, hæfilegt millibil á milli markanna og uppblásinn knött og knattspyrnuleikurinn gat hafist með tilheyrandi hrópum og hvatningarorðum. Eins og:

„Þú getur það. Gefðu ann á mig. Ég er í dauðafæri. NÚNA. Oh. Klaufi. „ - Sá sem sparkaði knettinum hafði ekki sérlega gott vald á tuðrunni og boltinn neitaði að fara þangað sem hann átti heldur í þetta skipti fyrir fætur andstæðings sem sá sitt færi hljóp upp völlinn og skoraði. Knattspyrnumaðurinn gekk skólaus á öðrum fæti eftir sparkið og hoppaði þangað sem skórinn lá. Hvítur sóli gúmmískósins eins og brosti við eiganda sínum þar sem hann lá í mjúku og svolítið röku grasinu. Markmaðurinn hafði aðeins brugðið sér frá til að skoða skringilega lagaða spýtu sem hann skyndilega sá. Hann spurði sjálfan sig hvort spýtan sú arna væri fornmunir. Sem gat svo sem vel verið. Og forvitni drengsins var vakinn og gerðist óstöðvandi. Að lokum héldu honum enginn bönd og hann yfirgaf stundarkorn svæði sitt, með sínum vitaskuld afleiðingum:

„Bannað að fara í verkfall í miðjum leik! „ - hrópaði Palli eldrauður í framan af hita og ærslum knattspyrnuleiksins. Allt voru þetta þó smámunir sem fráleitt hindruðu börnin í að halda leik áfram og

endurtaka sitt spark á nýjum degi og kjósa í lið sem urðu þá andstæðingum á vellinum og spyrna knetti. Leyfði veðrið útileiki.

Rússajepinn stóð gegnt hliðinu heima. Jeppinn var orðinn eilítið rykugur og þyldi vel kúst tengdan vatnsslöngu, fráskrúfuðum vatnskranum og strokur eftir hliðum sínum. Engar áætlanir lágu fyrir um alþrífnað á bifreiðinni. Planið á Hrafnakoti við mjólkurhúsið var ágætis staður til allra þrifa og tíminn nægur þegar austur kæmi.

Þrösturinn sem lengi hafði gert sér hreiður í garði þeirra lá á eggjum og lét sér í léttu rúmi liggja þótt fólkið gengi undir trúna sem hann var búinn að eigna sér til viðhalds þrastarstofninum. Kannski þekkti hann orðið fólkið og treysti því. Aldrei var að vita. Þessi þrastarhjon höfðu komið út mörgum ungum í trúna á liðnum árum sem sjálfir áttu egg í hreiðri í nágrenninu. Eðli kattarins á sífelldu vappi í hverfinu er blóðugt og allt sem hreyfist vekur áhuga og skott byrjar að hreyfast og augu að stara, miða út og stökkva á réttu andartaki og hárbeittum klóm svo læst í fiðrað hold og horfið aftur inn í runnann og þaðan á öruggari stað með bráðina í kjaftinum.

Frímann Áki stakk kveikjulyklinum í og snéri honum. Engu var líkar en að allir mælar mælaborðsins fengju líf sem risu af straumnum sem skyndilega flæddi eftir leiðslunum. Ökumaðurinn steig á hnappinn í gólfinu og jeppinn hrökk í gang á fyrsta starti eftir venjubundna sprengingu og dökkan reyk út um þúströrið:

„ Hvað! Bara búin að kaupa nýjan rafgeymi! Engin sveif heldur fullt start! Aldeilis munur! „ – frúin veitti þessu athygli.

„ Það var gott að þú minntist á rafgeyminn. Ég var búinn að gleyma honum. Þessi er í eigu þabba. Minntu mig að koma við í umboðinu áður en borginni sleppir. „ -

Öldruð hjón gengu hjá í þann mund sem Frímann lagði á stýrið og ók út á akbrautina. Hjónin bjuggu örlítið ofar í götunni í nokkurra húsa fjarlægð og voru ágætis kunningjar þingmannsins og hans fólks þótt

Landsflokkurinn væri þeirra stjórn mála flokkur og karlinn yrði stundum snarpheitur í umræðum í málum sem honum þótti brýn og knýjandi og voru af pólitískum toga. Hulda og Frímenn vinkuðu fólkinu sem vinkaði brosandir á móti.

Garðarnir við þessa götu voru allir að koma til. Í sumum sást fólk vinna við tiltekt, ruslasöfnun sem tilheyrir vorkomunni. Einstaka var með gaffal sem hann stakk moldina upp með til að setja í kartöflur, rófur, næpur og annað matarkyns. Aðrir garðar lágu vanhirtir eins og árin á undan. Garðáhugi manna er enda misjafn sem og hirðusemin í kringum þetta. Veturinn skilaði allskonar dóti inn í þessa garða sem komu í ljós með vorinu er snjórinn hropaði og hlýindin komu.

Drengur og telja renndu sér niður götuna á heimagerðri hjólatök og stökk sá sem ekki stýrði af endrum og sinnum og ýtti á til að ferðin héldist. Til síðs var að skiptast á að stýra en gerðist þó yfirleitt ekki fyrr en eftir margar beiðnir þess sem ýtti. Ökumaðurinn hafði tilhneigingu til að sitja sem fastast og átti það til að breytast í versta þvegirðing en varð samt á endanum að gefa sig vegna stöðugs þrístings frá hinum og taka stöðu þess sem ýtti. Óneitanlega var meira gaman að stýra heldur en að ýta með sínu puði. Á milli mátti heyra mikil hlátrasköll frá tvíeykinu sem benti eindregið til skemmtunarinnar sem uppátækið gaf því. Orð eins og:

„Stökktu af og ýttu á. Og hlaupa svo. „ – glumdu.

Hjól farartækisins voru af gömlum barnavagni á heimili drengsins sem hætt var að nota.

Yfirbyggður Trader sendibíll árgerð 1960 beygði inn götuna og ók á eftir þeim með búslóð í. Fólkíð var nýbúið að selja húsnæði sitt í Hlíðunum og kaupa sér annað örlítið stærra í Kópavogi. Salan kom til vegna stækkandi fjölskyldu. Tvíburarnir sem nýlega höfðu bæst við gerðu að verkum að ekki var lengur til setunnar boðið og íbúðin sett á söluskrá. Var það enda sprungið utan af fjölskyldunni. Og við því þurfti að bregðast.

Maðurinn starfaði á ms Rangá, fragtskipi í eigu Hafskipa. Þetta skip hafði bæst við í skipaflota félagsins á liðnu ári og var hið þriðja í eigu Hafskipa. Maðurinn valdi að taka sér frí einn túr til að koma fjölskyldunni fyrir á nýjum stað og hjálpa til við uppsetninguna. Margir glöddust yfir framtaki Hafskipsmanna og töldu það leiða til lækkunar vöruverðs í landinu. En sumir voru efins og leist ekkert á blikuna. Vissulega hafði málið ratað inn á Alþingi þótt fyrir tíma Frímanns Áka væri.

Skyndilega tók Frímann viðbragð steig á hemlanna og bifreiðin snarstoppaði og sveigði til vinstri að aftan með þrjú hjól læst og fjórða hjólið svona hálfvirkt. Traderinn rétt náði að stöðva áður en hann skall á bifreiðinni. Bílstjórinn flautaði og kona í framsætinu sást þurrka svita af enni sér. Ástæðan sat á götunni fyrir framan jeppann og sleikti framfæturna eins og væri hún ein í heiminum. Um var að ræða svartan og hvítan fresskött sem lallaði sér undan einum bílnum og kunní augljóslega ekki að hræðast og hegðaði sér því nákvæmlega eins og honum sjálfum lysti og setti sig jafnvel í stór hættu með uppátæki sínu. Eftir nokkur hressileg bílflaut frá rússneskum jeppa var eins og kisa rumskaði af dvala með skyndilegu stökki og hvarf á nýjan leik undir bifreiðina og þaðan inn í næsta garð eins og eldibrandur:

„Honum er ekki annt um lífið þessum. Og miðað við hraðan á kettinum stöðvast hann líklega ekki fyrir heldur en á Neskaupstað. Hinum megin á landinu.“ – sagði Frímann Áki:

„Oh ætli það. En minnstu mátti muna að þú ækir yfir skepnuna.“ – Hulda horfði aftur fyrir sig og sá að flutningabifreiðin rann af stað eins og þau og að allt virtist vera í lagi. Hér hafði hurð skolið nærri hælum.

Unglingsstúlka klifraði yfir grindverk skammt framundan og hrópaði:

„Brói Brói. Hvar ertu.“

Hún veifaði hendinni til bílstjórans um að stöðva.

Frímann skrúfaði niður rúðuna:

„ Hvað get ég gert fyrir þig stúlka mín? „ -

„ Hefurðu nokkuð séð hann Bróa? „ -

„ Hver er Brói? „ -

„ Ó fyrirgefið. „ – sagði stúlkan:

„ Brói er kötturinn minn. „ -

„ Er hann kannski svartur og hvítur. „ – spurði Frímann unglinginn og hnyklaði augabrynnar. Munnurinn breytist í beint mjótt strik:

„ Passar. „ - Stúlkan byrjaði að ljóma í framan en fölvi kom á ljómann við svarið:

„ Ónei það höfum við sko ekki gert. „ -

„ Frímann Áki þó. Láttu ekki svona: - Hulda beygði sig fram í sætinu og talaði til stúlkunnar sem leitaði vinar síns, hins loðna og ferfætta Bróa:

„ Væna mín! Kötturinn þinn stökk inn í garð hér örskammt frá. Þú finnur hann áreiðanlega ef þú ert snögg. „

Sendiferðabifreiðin tróðst framhá fólkinu á þröngri götunni og hélt ferð sinni áfram. Súr svipur á andliti bifreiðastjórans lýsti að nokkru hugarástandi mannsins vegna endurtekinna tafa bifreiðarinnar á undan. Tími hans voru peningar og allar tafir vægt til orða tekið óæskilegar. Vélstjórinn ók á eftir sendiferðabifreiðinni á eigin bíl

með aðra fjölskyldumeðlimi og fáeina pappakassa, restina af búslóðinni í skottinu:

„Takk fyrir. „ - Sagði telpan. Og svo var hún rokin:

„Ekkert að þakka. „ - Frímenn snéri sveifinni og halaði rúðuna upp en skildi eftir litla rifu efst. Og ferðin hélt áfram þrátt fyrir óvænt atvik hér og þar.

Umferðin um göturnar var eins og búast mátti við á þessum tíma dags. Strætisvagnar á sínum áætlunarleiðum, rútur á leið út á landsbyggðina, vörubifreiðar með ýmsan varning á pöllunum, eins og fiskúrgang úr frystihúsunum sem fara átti til bræðslu. Blái Hafnarfjarðarstrætóinn ók sína leið. Allt var þetta í bland við einkabifreiðar sem óku fram og til baka og gangandi vegfarendur og hjólandi fólk og unglinga á skellinöðrum.

Bifreið Formanns Akurflokksins stóð fyrir utan flokksskrifstofuna. Dyrnar stóðu opnar og sást inn til formannsins sem sat á bak við skrifborð og blaðaði í skjólum. Frímenn Áki og Hulda stigu út úr bifreiðinni og gengu inn:

„Góðan daginn! Þú ert bara kominn í bæinn úr sveitinni svo skjótt. Ég reiknaði með að þú yrðir að minnsta kosti í þrjár vikur fyrir austan, á þínum uppeldisslóðum. – sagði Hafsteinn Bóasson flokksformaður Akurflokksins og reis á fætur til að heilsa gestunum: „Það er einmitt verið að hella upp á könnuna og ef þið megið vera að því að bíða stundarkorn fáid þið þann besta kaffisopa sem vol er á. Er ekki svo Brynhildur mín? „

„Río kaffið frá Ó Johnson & Kaaper bregst nú ekki. Framleiðslan mætti samt vera í eilittlu meira jafnvægi þar á bæ því að stundum þarf ég að setja talsvert meira magn í pokann til að fá sama styrk og manni rennur hreinlega í grun að hráefnið sem þeir setja í kaffipokanna sé uppsópið af gólfunum. Og hana nú. Getu Akurflokksmenn ekki stuðlaða að því að önnur kaffibrensla komist

á koppinn í landi voru?„ – Brynhildur hló og fólkið á skrifstofunni einnig:

„ En kaffið er rétt ókomið. Slakið bara á og fáið ykkur sæti. „

„ Þú mátt ekki gleyma Kaffibrennslu Akureyrar og þeirra ágæta Bragakaffi. Þeir eru líka til og senda framleiðslu sína í verslanir hringinn í kringum landið og þaðan inn á heimilin. Þú ættir kannski að prófa það næst er þú gerir kaffiinnkaup fyrir Akurflokkinn. „ - Hafsteinn rak upp mikinn hrossahlátur:

„ Ó, fyrirgefið. Ég gleymdi þeim þarna fyrir norðan. Það er eins gott að þeir frétti þetta ekki og að kosningar eru ekki á næsta leiti. „ - Brynhildur kom inn með kaffibrúsa og þrjá bolla á fati og lagði fyrir gestina. Mjólkurkex var og borið fram ásamt íslensku smjöri og osti.

Hafsteinn tók til máls:

„ Vorsíldin er komin og íslenski síldarflotinn að tygja sig af stað til sumarsíldveiðanna. Nokkrir bátar eru þegar farnir og hefur frést af góðum afla við suðurland. „ – Hafsteinn og hellti sér Ríó kaffi í bollann sinn:

„ Þetta eru vitaskuld góðar fréttir sem skaffar fjölda manns góðar tekjur í sumar við síldarsöltun. Eitthvað af þessari síld fer vitaskuld í salt þótt megnið endi í bræðslunni og henni verði umbreytt í mjöl. Ég las í einhverju dagblaðanna að það lóðaði á mikið magn á þessu svæði og vonandi að menn verði fljótir að gera skip sín klár í slaginn. Engin fiskar við bryggju. „ - Hafsteinn smurði sér kex og sneiddi ost út á.

Glamur í leirtaui barst til þeirra úr eldhúsinu:

„ Með síldinni kemur alltaf líf. Ekki getur maður neitað því. Að allt þetta magn skuli veiðast við landið er ótrúlegt. Það virðist engin

endir vera á þessu og veiðin eykst bara með ári hverju. „ – Frímánn Áki sötraði á sjóðheitu kaffinu:

„ En hvað er að fréttá af þér Hulda mín. Ég sé að höndin er ennþá í fatla. Losnarðu ekki fljótlega við duluna þá arna? „

„ Á morgunn. Í seinasta lagi hinn. Læknarnir vilja fara varlega og ekki flana að neinu. „ - Frímánn Áki tók kaffibrúsann og hellti í fyrir konu sína og smurði kexköku með osti:

„ Það er hyggilegt hjá lækninum. Og dagurinn til eða frá skiptir engum sköpum í svona málum. Aðalatriðið er sárið fái nægan tíma til að gróa og allt sé rétt gert til að höndin verði aftur heil. Ekki satt? „

„ Sannarlega. „

Volga ók í staði skammt þar frá sem fólkið var. Ungur maður steig út en frúin varð eftir inni. Frímánn Áki sá undireins hver var á ferð og stóð á fætur gekk til dyranna og hrópaði til mannsins:

„ Þorbjörn!. Hvert er verið að fara. Kíktu sem snöggvast við og segðu okkur einhverjar fréttir. „

Þorbjörn snéri sér í átt að hljóðinu:

„ Hvert þó í...! Sjálfur Frímánn og strax kominn úr sveitinni!

Sælt veri fólkið „ – Þorbjörn gekk inn og tyllti sér:

„ Hvernig gengur? „

„ Vel. Ég er að fara á sjóinn og ætla að veiða svolítið af síld. „ – Frímánn gerði sig líklegan til að hella í bolla handa honum en Þorbjörn bandaði hendi og afþakkaði gott boð með þeim orðum að

hann væri að leggja í hann eftir hálf tíma og hefði engin tók á að spjalla mikið lengur:

„ Ferðu með sama skipstjóra og áður? „ – spurði Frímann:

„ Nei því miður. Það var ekki hægt núna. Þess í stað fer ég á Ingvar Guðjónsson sem liggur í Reykjavík. Þar er allt orðið klárt. Nótin kominn á sinn stað á bátadekkinu. Ingvar Guðjónsson er fínt pláss. Góð áhöfn og veiðinn skipstjóri og frábær kokkur:

„ Er Ingvar Guðjónsson ekki stórt tréskipið? „

„ Rétt til getið. Jæja mér er ekki lengur til setunnar boðið. Gaman að hitta ykkur og gangi ykkur allt í hagin „ – Þorbjörn stóð á fætur og hélt til dýra.

„ Guð blessi þig og efi góða veiði „, - Sagði Hulda.

„ Sömuleiðis. „ - Þorbjörn var rokin yfir götuna og inn í verslunina sem þar var og kom að vörmu spori út aftur með litinn poka sem hann hélt á. Volgan beið með vélina í gangi. Kannski var geymirinn enn ólagi og hann af þeim sökum ekki þorað að slökkva á vélinni til að forða vandræðum. Mikið var enda í húfi og heill bátur með allri áhöfn beið. Áður en varði var Volgan kominn á fleygiferð niður á bryggju þar sem báturinn lá við festar og vaggaði mjúklega við bryggjukantinn.

„ Mikill hraði á mínum. Svona er þetta stundum hjá okkur. En Hulda mín er ekki rétt að við drifum okkur til fólksins í sveitinni. Þau bíða spennt eftir að hitta þig. „ - Frímann Áki tók í hönd formannsins með þeim orðum að vera í sambandi síðar.

Nýr rafgeymir var keyptur í umboðinu og haldið sem leið lá austur fyrir fjall. Sámur og Glufa urðu bifreiðarinnar fyrst vör og þutu sem fætur toguðu til að gelta. Þetta vakti athygli krakkanna sem sáu að foreldrar sínir voru að renna í hlað. Brosandi barnsandlit mættu

þreytum og svolítið stíðum ferðalöngum er þeir stigu út úr bifreiðinni. Eva sagði móðir sinni frá Svartenu og lambinu, þegar kúnum var hleypt út, frá uglunni sem sveif yfir höfðum þeirra og ýmsu öðru á meðan þær gengu saman inn í bæinn. Hannes og Frímenn báru inn farangur Huldu og komu töskunum fyrir í herberginu sem þeim hafði verið úthlutað. Eftir faðmlög og kossa og vinalæti fólksins var komið að næsta skrefi. Nýbakaðri og volgri brúntertu og kakói ásamt að skiptast á fréttum yfir matarborðinu.

Við skipshlið.

Þorbjörn ók inn á bryggjuna. Ingvar Guðjónsson var tignarlegur og stóð hátt á flóðinu með háreist og mikilúðlegt stefnið horfandi til vesturs. Nótin lá tilbúin á bátadekkinu. Áhöfnin stóð í röð á bryggjunni og handlangaði kostinn til kokksins. Handlöngunin gekk vel. Kokkurinn tók við öllum þessum kössum og pokum og raðaði þeim í hirslurnar um borð. Allt fór á sinn stað sem tilheyrði eldhúsinu.

Bryggjukallinn sá um að fylla vatnstankinn. Stúturinn stóð ofan í rörinu sem stóð uppúr dekkinu fyrir ferskvatnið. Lífgefandi vatnið streymdi ofan í tankinn sem dálítinn tíma tók að fylla. Þurfti hann enda uppfylla þarfir mannskapsins í nokkra daga. Vatn og vistir. Það var málið.

Á sama tíma dældi olúbílinn olfu um borð. Mörg tonn af eldfimum vökva runnu í sinn tank undir þiljum handa aðalvéi og ljósavélum.

Bílstjóri olúbílsins tók ofan húfuna og sló henni aftur og ítrekað utan í stuðara bílsins á milli þess sem hann skoðaði koll hennar. Þegar hann var orðin ánægður sett hann lokið aftur á höfuð sitt og strauk á sér hökutoppinn. Geitaskeggið lafði spísslaga niður hökuna. Hann teygði sig brjóstvasa skyrtunnar og tók fram pakka af sígarettum. Horfði svo á bílinn og eins og rumskaði og stakk pakkanum aftur á sig. Dælan sá um sitt og teljarinn taldi. Bílstjórinn beið og hugsaði sitt.

Fyrir aftan Ingvar Guðjónsson lá fagurgrænn stálbátur sem einnig gerði sig kláran fyrir síldveiðarnar. Þessi bátur var smíðaður í Noregi 1962 og gerður út frá nágranabænum Hafnarfirði. Sá græni hafði siglt yfir til Reykjavíkur snemma um morguninn eftir nóttinni. Áhöfn bátsins var að ljúka við að koma henni um borð og myndi svo

strax að verki loknu sigla útfyrir hafnarkjafinn og líklega á undan Ingvari Guðjónssyni.

Þorbirni var ekki til setunnar boðið. Hann kvaddi kærustu sína með kossi og dreif sig út. Fatnaður, stakkur og klofstígvél og annað fatakins var komið. Sjógallinn hékk á snaga í stakkageymslunni en guli sjópokinn lá í kojunni í klefanum sem hann yrði í tímann sinn um borð. Hann horfði á eftir Volgunni aka í burtu. Ekki var laust við að söknuður fyllti hjarta hans þar sem hann stóð þarna á bryggjunni:

„ Það er ekkert smáræði sem þið ætlið að eta af lambakjöti strákar. Bara veisla í hvert mál. Saltkjöt og baunir, læri, hryggur og svo framvegis. Svona á þetta að vera piltar. Hvergi skorið niður við nögl í mat. „ – sagði bryggjukallinn sem kom gangandi til þeirra og saug upp í nefið:

„ Þar sem vel og mikið er unnið þarf að vera til góður og kjarnmikill matur. Þetta tvennt helst ágætlega í hendur „ – sagði skipstjórinn og horfði á snör og fumlaus handtök kallanna sinna út um brúargluggann og sló úr pípunni í utanverðan brúarvegginn. Askan hrundi niður á dekkið:

„ Vatnstankurinn fer að fyllast. Þið þurfið alltént ekki að bíða eftir vatninu. „ - Bryggjukallinn leit á slönguna og sá að vatnið streymdi upp um yfirfallið við hlið stútarins. Tankurinn var fullur. Undireins og hann hafði skrúfað fyrir og gengið frá slöngunni á sínum stað var verki hans við síldarbátinn lokið. Ekkert annað skip þurfti vatn og hann gat rölt sér upp í skúr og tyllt sér niður og flett í blaðinu.

Bílstjóri olfubílsins halaði inn slönguna og fyrsti vélstjóri tók við afriti af nóttunni og stakk í möppu.

Fagurgræni báturinn úr Hafnarfirði leisti landfestar og sigldi rólegri siglingu út úr höfninni.

Nokkrum mínútum síðar komst allur kostur skipsins um borð. Skipskrúfan snérist og skipið tók viðbragð og sigldi út fyrir hafnargarðanna og tók svo stefnunna á miðinn á fullri ferð í humátt á eftir græna bátnum.

Tvö skip Eimskipafélagsins voru í höfn. Annað skipanna hafði komið daginn áður en hitt um morgunninn.

Rindlarnir birtast á Hrafnakoti.

Heima í Hrafnakoti gæddi fólkið sér á nýbökuðu bakkelsi og kakói. Hulda var kominn af spítalanum. Nærvera hennar gladdi Hrafnakotsbúa. Hún var partur af heildinni. Fjölskyldan var sameinuð í sveitinni og samankomið á helsta stað heimilisins, við matborðið í eldhúsinu þar sem maturinn var eldaður og svo framborinn.

Kaffikarlarnir Fríamann Áki og faðir hans Úlfar sátu við sinn steðja og sötruð bleksvart kaffi. Kakó var að þeirra áliti hálfgerst sull sem maður fékk í magann af en var þó ágætt svona inn á milli. Feðgarnir urðu að viðurkenna þetta:

„Jæja sonur sæll. Hvernig leggst það í þig að fara í þakjárnaskiptin með mér að morgundeginum liðnum? Ég talaði við nokkra bændur í sveitinni og þeir ætla að mæta og hjálpa til. Verkið ætti því að vinnast bæði hratt og vel með mörgum höndum og klárast á einum, tveim, dögum ef allt gengur upp. Hvaðeina sem þarf til verksins á að vera komið. Eina sem gæti stöðvað verkið er veðrið „, – Úlfar skar sneið af kökunni og setti á disk Kára sem stóð framréttur á miðju borði. Drengurinn studdi hökunni ofan á borðplötunni og tvö mænandi augu sem miðuðu á kökuna. Kári missti út úr sé ropa án þess að segja afsakið á eftir:

„ Örlítið meira. Bara eina sneið í viðbót svo ekki sögunni meir. „ - sagði maginn við drenginn sem eins og oft áður hlýddi þessari rödd og rétti fram diskinn til að fá góðmetið. Hann var jú hjá afa og ömmu í sveitinni þar sem ávalt var nóg til að eta, hvort sem var bakkelsi eða almennilegur mannamat, eins og afi sagði stundum:

„ Afi af hverju bara biðurðu Guð ekki um gott veður. Hann er svo góður við fólk. „ - sagði Eva og skellti upp í sig tertusneið af disknum:

„ Búinn að því Eva mín: „

„ Þá er bara að trúa bæninni og efast ekki Úlfar minn og veðrið verður ákjósanlegt. Ekki satt? „ - Sagði Droplaug við mann sinn.

„ Jess! Þetta er rétti andinn „ - sagði Hannes og skellti saman höndunum með háum hvell.

„ Ætli ekki það „ - bætti Úlfar við.

„ Má ég líka hjálpa til upp á þaki? „ - sagði Eva og stakk upp í sig einni brúnkökusneið til viðbótar öllum hinum:

„ Að skipta um járnplötur er ekkert barnaverk Eva mín. En þegar þú ert orðin stór stelpa skulum við athuga málið. „ - Hulda þurrkaði sér um hendurnar og stóð upp frá borðinu og gekk fram. Salernishurðin heyrðist lokast og svo opnast aftur skömmu síðar með kunnuglegan undirleik vatnsins sem fossaði úr vatnskassa salernisins:

„ En Hannes má það. „ - Eva suðaði og vildi ekki gefa málið alveg strax upp á bátinn:

„ Það er vegna þess að ég er orðin svolítið eldri heldur en þú. Einu sinni var ég sjálfur sex ára og ekki fékk ég þá að fara upp á þakið hérna. „ - Hannes varði mástað sinn:

„Eva! Hjálpaðu mér heldur við að hella upp á könnuna og hafa allt tilbúið fyrir kallanna þegar þeir koma í kaffi leggja á borðið og svoleiðis. „ - Amma kom með sáttatillögu:

„ Það er ekki nærri eins skemmtilegt. „ - Eva setti skeifu á munninn og boraði í tertusneiðina á diskinum sínum með fingrinum.

„ Mér sýnist þú nú ekki vera neitt sérlega sárhent í brúnkökunni og einhverjir verða að vinna þessi verk. „ – sagði Kári og hermdi eftir Úlfari afa sínum sem einhverju sinni talaði svona í áheyrn drengsins. Með þessu þóttist Kári vera eilítið eldri en hann var.

Allt í einu breiddist breitt bros yfir andlit telpunnar:

„ Okei amma. Ég er til, „ - Eva og kláraði úr glasinu og át restina af kökunni með miklum flýti og stóð upp til að taka af borðinu með kinnarnar útataðar í brúnu kremi:

„ Svona svona væna mín! Sestu nú aftur. Verkið er ekki byrjað. „ - Amma hló.

„ Amma! Ég ætla líka að hjálpa til við kaffið. „ - Sagði Kári:

„ Flott! Dugnaðarstrákur ertu Kári minn. „ – Afi fíktaði við falska góminn upp í sér með tungunni án þess að gera sér gerein fyrir að tiltæki hans vakti stundum kátínu þeirra sem sáu. En þetta var orðin hálfgerður kækur hjá honum sem hann sjálfur var hættur að veita eftirtekt.

Málið var leist. Allir inni fengu starf við hæfi og getu.

Hulda kom inn í eldhúsið og settist á sama stað og áður við eldhúsborðið og kláraði brúnan, rjómaþandaðan drykkinn.

Veðrið úti var gott. Sólarlaust þessa stundina og dálítill ský á himnum. Veðurfræðingarnir á bænum átti ekki von á neinum átökum í verðinu. Og sagði ekki veðurstofan í hádeginu að útlit veðursins væri gott?

Hundgá barst inn til fólksins. Bankað var á útidyrnar. Bankið olli dálítilli truflun við borðið:

„ Hver er nú að koma? Best að athuga málið. „ - Úlfar stóð upp frá borðinu, gyrti skyrtuna niður í buxurnar, greiddi hárið aftur á hnakka með fingrunum og hélt til dyra og leit augnablik í spegilinn sem á leið hans var og lagaði til skyrtukragann.

Droplaug leit sem snöggvast út um eldhúsgluggann og horfði niður heimreiðina. Þar var engin á ferli. Aðeins kyrrstæður sendibíl sem stóð við annan hliðstaurinn heim að bænum: „ Amma! Hver er að koma? „ – Eva var eitt spurningamerki í framan.

„ Veit það ekki telja mín fyrr heldur en hann afi þinn hefur lokið upp útidyrnum og aðgæt það. „

Úti stóðu tveir ungur menn og vel hærðir. Sannkallaðir ungir nútímamenn:

„ Góðan daginn. Við lentum í smá veseni á þjóðveginum rétt áðan. Hjólbarði sprakk og ekki vildi betur til en svo að felgulykillin er týndur og hefur líklega gleymst þar sem við vorum síðast. Leiðin liggur til Hvolsvallar til að spila á sveitaballi í kvöld. Við erum komnir í svolítið tímhrak. Hljóðfærin eru í þessum bíl sem þið sjáið standa rétt vestan við hliðstaurinn heim að bænum. „ - Ungi maðurinn benti og ljósleita sendibifreið.

Maður sást á vappi við bílinn og svo annar maður til. Báðir mennirnir staðnæmdust við sprunginn barðann og klóruðu sér til skiptis í kollinum. Báðar skuthurðir bifreiðarinnar stóðu opnar upp á

gátt og sást annar mannanna hverfa hálfur inn í bílinn. Greinilegt var að hann leitaði einhvers og líklega þá felgulykilsins til að afasanna að hann væri í alvöru týndur. Lengi er von á einum. Nokkrum mínútum síðar sást maðurinn ganga fram með bifreiðinni án þess að vera með neitt í hendinni og beygja sig niður og þurrka sér um hendurnar á grasinu í vegkantinum. Lykillin var týndur og tröllum gefinn. Það var orðið dag ljóst.

Sá sem talaði var svolítið órólegur og greinilega í kapp við klukkuna sem hann í sífellu leit á.

Hundarnir þefuðu nokkrum sinnum til viðbótar af fatnaði gestanna og voru á vappi í kringum fólkið:

„Jú, ætli við reynum ekki að hjálpa ykkur. Þið eruð vænti ég með tjakk? „ - Úlfar stakk fótunum í gúmmískó og klæddi sig í gæruna og batt utan sig snærið:

„Jú tjakkurinn er á sínum stað sem betur fer. „

„Hvaðan eruð þið hárprúðu menn? „

„Úr Keflavík og tilheyrum hljómsveit sem við stofnuðum þar á síðasta ári og erum á tónleikaferðalagi um landið og komið að Hvolsvelli að heyra það sem við höfum fram að færa. „ –

„Já! Svo að þið tilheyrði kynslóðinni sem sprengir hljóðhimnur í fólki með hávaða? Hljómsveitum nútímans fylgir víst mikill hljóð. Sumir segja óhljóð. Sjálfur kann ég nú alltaf best við harmónikkuna og allt hófstíllt. „

„Ekki vil ég nú taka undir þetta. „ - Hárprúði maðurinn renndi hárgreiðu í gegnum lubba sinn og stakk henni svo í brjóstvasa sinn:

„Harmónikkan er fin en við spilum á rafmagnsgítara og notum trommusett og mögnum hljóðin upp í magnarakerfi sem við flytjum

með okkur í bílnum þeim arna. Jú viðurkenna skal ég að sumum finnst við vera nokkuð hávaðasamir. Svona bara er tónlistin okkar og svona er tíðarandinn í dag. “ - Maðurinn þurrkaði sér um hendurnar í buxurnar.

Krakkarnir komu út og vildu ólmir fá að fylgja gestunum og hjálpa afa sínum ef mögulegt væri.

„ Hvað! Heyrði ég rétt? Eruð þið í hljómsveit? „ - Orðið kveikti á stöðvum í hjarta bítlóðs Hannesar:

„ Ætli ekki það Sjálfur leik ég á bassa og syng en þessi sem er með mér er á trommunum. Hinir tveir ásamt bílstjóranum bíða í bílnum eftir okkur og eru áreiðalega orðnir óþolinmóðir. Þeir leika líka á gítara nema bílstjórinn sem bara ekur bifreiðinni: „ -

„ Hvað heitir hljómsveitin ykkar? „ - Hannes var orðin svolítið spenntur og vildi vita meira. Ekki var heldur laust við að hann kannaðist við kauða án þess að gera sér alveg grein fyrir hvernig né hvar hann hefði áður séð þetta andlit.

„ Rindlarnir „ - sagði maðurinn sem spilaði á trommurnar og strauk lubbann með flötum lófum aftur á hnakka horfði upp í loftið og hristi svo höfuðið, eins og til að slétta betur úr þessum gríðarlega lubba sínum.

„ Rindlarnir! „ - Málið skírðist. Vá maður. Nú vissi Hannes hverjir mennirnir voru sem stóðu andspænis honum. Hann hafði séð þá á mynd sem birtist í Tímanum í vor.

Ja hérna! Íslensku Bítlarnir bara komnir á Hrafnakot. Nú bar vel í veiði hjá Hannesi og yngri systkinum hans. Vissulega hafði hann haft spurnir af þessum keflvíkingum og lesið um tónleikana sem þér heldu í troðfullu Háskólabíói fyrir skömmu þar sem þakið að sögn blaðsins ætlaði hreinlega að rifna af húsinu af hrifningaröldunni inni og frægdarsól þeirra byrjaði að rísa með eftirminnilegum hætti og

hækka með hverjum deginum sem leið. Og nú voru tveir meðlimir bandsins staddir á hlaðinu hjá afa hans og ömmu með sprunginn hjólbarða niður á vegi þar sem hinir hljómsveitarmeðlimirnir voru og afi að fara að hjálpa þeim við viðgerðina. Krakkarnir ætluðu sko að vera með í þessu ævintýri.

Frímann Áki kom nú út til hinna. Hann var íklæddur gúmmístígvélum og vinnugalla. Hann hafði heyrt um vandræði mannanna og var kominn til að aðstoða föður sinn við verkið.

Hulda og Droplaug komu út á stétt íklæddar svuntum og heilsuðu gestunum:

„ Hvað sé ég! Heilann þingmann hér. Blessaður. Ég hef fylgst svolítið með störfum þínum á Alþingi og líkar við margt sem þú segir. „ - Ungi bassaleikarinn steig fram með útrétta hendi.

Mennirnir tókust í hendur:

“ Ekki vissi ég að þú byggir upp í sveit. „ - sagði bassaleikarinn hress í orðum.

„ Það geri ég heldur ekki heldur foreldrar mínir og þá heimsæki ég og allt mitt fólk á sumrin í nokkrar vikur og hef gert undafarin ár. Núna er Alþingi í fríu eins og alþjóð veit og minn tími til að heimsækja sveitina stundarkorn og get þá hugsað um annað heldur en pólitík. Þannig hlaðast líka batteríin upp og maður kemur endurnærður og þróttmikill til baka. “ - Frímannanna setti upp vinnuvettlinga og rétti Evu sitt þar sem voru á litlum höndum hennar líkastir tveim veglegum snjóskóflum. Stórir vettlingar fara enda ekki sérlega vel á litlum lófum en gera samt sitt gagn:

Sámur gekk til mannanna. Er þeir vildu klappa honum byrjaði hann að urra. Mennirnir kipptu snöggt að sér hendinni og hættu við:

„Er hundurinn grimmur? Hann urrar á okkur. Það brakaði í honum.
„ – trommuleikaranum leist ekki allskostar á blikuna:

„ Sámur greyið gerir engum mein. En við ókunnuga og krakka á hann til að láta svona. Þetta er vitaskuld verstí ósiður í greyinu en lítið við þessu að gera úr því sem komið er. Enda erfitt að kenna gömlum hundi nýja siði. SKAMMASTU ÞÍN, „ - sagði Úlfar hvasst við grey hundinn sem varð skömmustulegur og sneypur og lagðist niður, í meira lagi skúffaður. Já, virkilega spældur.

Glufa þáði strokurnar eftir baki sínu og líka fékk þær:

„ Sámur urrar líka alltaf á mig. Samt er ég ekkert hrædd við hann. Sjáðu bara. „ - Eva sannaði mál sitt með því að ganga ákveðnum skrefum að liggjandi seppanum sem tók til við gamla iðju og færði sig svo fjær og lagðist í grasröndina í jaðri plansins, ennþá sármóðgaður:

„ Viljið þið ekki koma með vini ykkar og þiggja kaffi eða kakó og nýbakaða tertu þegar dekkjaskiptin hafa farið fram? „ - kallaði Droplaug til manna um það bil sem þeir settust inn í Willys jeppann:

„ Ómögulega takk. Tímans vegna getum við ekki þegið gott boð þitt núna og verðum að rjúka undireins og fært er. „

Jeppinn fór af stað og ók niður heimreiðina áleiðis að sendiferðabifreiðinni. Frímanna Áki stökk upp á Deutz dráttavélina og ók á eftir þeim. Með honum á brettinu var Kári. Systkini hans fóru með afa sínum í Willysnum:

„ Jæja Jobbi! Þú kemur með liðsafla með þér sé ég. „ - annar manna sem eftir varð við bílinn talaði: Hann snéri sér að þessari fimm manna hjálparsveit sem mætt var:

„ Mikið erum við fegnir að sjá ykkur og verið vissir um að við erum hjálpinni afskaplega þakklátir. Þegar tímapressan lemur á manni með sinni svipu er öll hjálp notaleg. „ – Maðurinn teygði sig í innri vasa jakkans og tók fram seðlaveski:

„ Hvað eigum við að greiða ykkur fyrir greiðan ágætu menn? „

„ Ekki eyri. Við réttum ykkur hjálparhönd með glöðu geði.

Hvar felið þið tjakkinn?: „ - sagði Fríamann Áki:

„ Hér er hann!“ „ – sagði bílstjórinn sem þegar hafði komið tjaknum fyrir undir bílnum á réttum stað og var byrjaður að snúa sveifinni sem lyfti bílnum upp með öllu sem í honum var. Úlfar var mættur með stjórnuvelgulykillinn tilbúin að losa rærnar. Maðurinn sem kallaður var Jobbi kom með varadekkið:

„ Hverslags jaki hefur eiginlega hert rærnar síðast þegar sprakk á þessum bíl. Þvílík hersla. „ – Úlfar tók á öllu sem hann átti til:

„ Þarna kom það. Fyrsta róin hefur losnaði. „ - Hann strauk svitann af enni sér eftir átökin og setti ósprungið dekkið á. Bílinn seig aftur niður á jörðina og Rindlarnir gátu haldið ferð sinni áfram til Hvolfsvallar.

Áður en þeir yfirgáfu Hrafnakotsbúa við hliðið fór maðurinn sem kallaður var Jobbi inn í bílinn og þar ofan í litla tösku og kom út aftur með þrjár meðalstórar áritaðar myndir af hljómsveitinni og gaf krökkunum hvert sitt eintak. Ferðin var sko til fjár að mati ungu þrímenninganna sem skoðuðu gjöfina með afar miklu stolti og þótti verðmæti mikil. Fullorðna fólkið lét sér fátt um finnast. Bitla... – Bítlastandið talaði ekki til þeirra á sama hátt og ungviðarins.

Mennirnir fóru allir inn í bifreiðina. Ljóni sendibíllinn hrökk í gang og ók af stað. Hendur saúst út um glugga bifreiðarinnar sem veifuðu mönnum fyrir aftan í kveðjuskyni:

„ Við hefðum átta að koma í Bítlavestunum okkar. Það hefði verið skemmtilegt „ – sagði Kári sem skoðaði nöfn manna á þess að geta lesið það sem þeir höfðu skrifað, svona í fyrstu atrennu:

„ Svo það eru líka til íslenskir Bítlar “ - sagði afi:

„ Eins og það sé ekki nóg að hafa eina svona hávaðamaskínu í Bretlandi. Hversvegna þarf hver að aka upp eftir öðrum. Það fæ ég ekki skilið og mun víst seint gera. En Guð blessi þessa ungu íslensku menn og varðveiti á ferðum sínum. „ – afi gekk að jeppanum ásamt Hannesi. Eva og Kári fóru með föður sínum á traktornum og komu sér bæði fyrir á brettinu. Þeim fannst svo skemmtilegt að sitja í brettissætinu.

Sámur og Glóra reyndu að troða sér inn í jeppann en var umsvifalaust skipað út aftur og því ekki um annað fyrir þau að gera en að taka á sprett og hlaupa sömu leið og þau höfðu komið. Þvílíkt hundalíf. Sannkallað hundalíf.

Morgundagurinn rann upp með sínum verkum og svo hinn dagurinn. Bændurnir úr sveitinni mættu á Hrafnkot eftir mjaltir vopnaðir hömrum og kúbeinum og allt gert tilbúið fyrir þakjárnid. Hugur var í fólkinu og veðrið lék við þá.

Pakjárníð neglt á

Sturla Alexandersson í Kúakoti var mættur með hamarinn í hægri hendi sinni. Klár í neglinguna upp á þaki. Sturla var lítill maður vexti og gekk haltur eftir mikið högg frá einum hesta sinna. Vitað var að hesturinn var slægur og í þetta skipti náði hrossið að skella löpp í læri Sturlu fyrir framan fjárhúsið á Kúakoti þar sem handsama átti dýrið. Lærbeinið brotnaði og var Sturla fluttur í skyndi á sjúkrahús þar sem gert var að meiðslunum. Fullorðinn, sparkandi fákur leysir mikinn kraft úr læðingi með sinni sparkandi afturlöpp. Enda öflugt dýr. Hrossið var fellt. Hættulegt er að hafa slægan grip þar sem fólk er, eins og Sturla fékk að reyna er hann eitt lítið augnablik gleymdi sér í námunda við slægt hrossið. Frá þeim degi hefur helltan verið hans fasta fylgimær en þó ekki þannig að hann geti ekki unnið flest störf sem til falla í sveitinni.

Á hlaðinu stóðu Willysjeppar, Landroverjeppi, traktorar, bæði Massey Ferguson og International. Meira segja var þarna aumlegt eintak af - þarna - humm- druslunni Messey Harris og svo fagurblár Deutz. Þessi var árgerð 1952 með 15 hestafla vél sem, eins og Deutz vélum er von og vísa, hafði gengið öll sín ár án þess að eitt einasta verkfæri hafi komið nálægt tækinu. Svo öflugur var Deutsinn sá arna að vélin notaði enn sömu dekk og komu með henni nýrri. Slíkir voru yfirburðir Deutz vélnanna. Að vísu var þessi árgangur svolítið kubbslegur að framan og engu líkara en að höggið hafi verið af honum framanverðum með risastórri exi. En Deutz engu að síður. Öll þessi samankomnu farartæki á hlaði bæjarins bentu eindregið til mannmergðar á Hrafnakoti.

Gamall Farmall Kubbur kom akandi eftir aðalveginum að austanverðu og sveigði til hægri inn heimreiðina. Helgi gamli bóndi, eins og hann var oftast kallaður af sveitungum sínum, var á ferðinni

með derhúfuna á höfðinu. Helgi var íklæddur hnauspykkri ullarpeysu og í gúmmískóm. Á höndunum hafði hann ullarvettlinga með tveim þumlum á hvorri hendi. Ullarflíkurnar voru vel þæfðar og báru þess öll merki að hafa fengið marga handþvotta og að sumra álitu „ skotheldar. „ Peysan var í styttra lagi og nam við belti mannsins að neðanverðu ekki vegna þess að Helgi hefði bætt svona á sig heldur vegna allra þvottanna sem hún hafði gengið í gegnum og hlaupið óþægilega gegnum tíðina. En slíkt gerist með ullarfatnað.

Kerran var tengd í beisli dráttavélarinnar og töldu margir að þessi kerra væri gróin við Farmalinn hans Helga og gott ef ekki Helgi líka við ekilssætið. Í hvert sinn sem þessi traktor sást á hreyfingu hvort sem var við bæinn, á túnnum eða akandi úti á þjóðveginum var Helgi við stjórnvölin og dragandi kerruna með sér hvort sem var að sumri eða vetralagi með hlassi í eða tóm. Alltaf með. Annar sást ekki aka þessari vél, af hvaða ástæðu sem það nú var. Kannski réði þar mestu sérvíska Helga. Kannski þurfti að beita vélna sérstöku lagi til að allt virkaði á akstrinum. Kannski lágu aðrar ástæður að baki. Margt kom til greina.

Eitt sinn er Helgi var spurður hverju því sætti að hann væri með kerruna endalaust í togi sagði hann:

„ Maður veit aldrei hvenær þörf er á að flytja eitthvað. Og þá er nú gott að hafa kerruskömmina meðferðis. „ - Rök Helga voru fullgild og raun engu við þau að bæta. Í þessu var ákveðin fyrirhyggja sem hver maður gat séð og líka viðurkennt. Allir í sveitinni vissu að kerran var þarna mest af gömlum vana.

Ljóst var að sveitungar höfðu tekið beiðni Úlvars vel og að margir vildu hjálpa Hrafnakotsbónda við þakið. Kannski var góð mæting mannanna sú að húsfreyja bakaði afburða bakkelsi. Hitt var líka mögulegt að Flóabændur væru bara hreinlega að springa úr kröftum, áhuga og vinnugleði að engin bönd héldu þeim þegar verk var annars vegar. Enda annálaðir dugnaðarmenn. Þriðja og líklegasta skíringin var að þeir væru bara svona hjálplegir þegar náunginn átti í hlut.

Konurnar sáu um að hafa kaffið og meðlætið til handa körlunum áður en starfið byrjaði.

Eva var á sínum stað með svuntu bundna framan á sér. Ekki vildi Kári vera minni maður og heimtaði sína svuntu líka. Bæði voru klædd Bítlavestunum sem faðir þeirra keypti handa þeim af farandsölumanninum sem renndi í hlaðið á dögnum. Að vísu nutu vestin sín ekki sem skildi innanundir svuntunni, sem var miður, en samt ásættanlegt miðað við verkið sem þau sinntu.

Eva klifraði upp á borðið sem vaskurinn var í og settist þar. Hún leit yfir á borðið sem allir mennirnir sátu við og spurði föður sinn:

„Pabbi? „

„Já væna mín.“

„Hvað heitir sölumaðurinn sem seldi þér Bítlavestin? „ -

„Elskan mín. Hvernig ætt ég að muna eftir því. Og ertu viss um að hann hafi heitið eitthvað. „ – sagði Frímann Áki og kláraði úr bollanum í einum sopa.

„Hahahaha. Allir bera nöfn. Pabbi þú ert stundum svo mikið smábarn. „ - Sagði telpan borubrött og strauk fingrum gegnum hár sitt.

Hlátur kvað við í eldhúsinu:

„Finnst þér það já? Þá er nú gott fyrir pabba að eiga hana Evu litlu að sem þá leiðréttir pabba sinn. „

Glamur í bollum heyrðist í eldhúsinu. Teskeiðar snérust hringi ofan í sumum bollanna og leysti upp sykurinn og gerði kaffið sætt.

„ Hannes var kominn í vinnuföt og búinn að fá sitt par af splunkunýjum tauvinuvettlingum eins og fullorðna fólkíð og sat með öllum körlunum við eldhúsborðið og var engin eftirbátur hinna fullorðnu. Nema kannski í kaffinu en ekki kökunum. Afi hafði úthlutað honum sérstökum hamri og meira að segja sérstakri leðursvuntu sem hann gat spennt á sig og stungið hamrinum í sérstaka lykkju á með vasa framan á sem hægt var að geyma þaksauminn. Þessi búnaður hlífði buxnavösunum við naglahrúgunni sem í flestum tilvikum gáfu eftir og skildu eftir sig mörg göt sem allt smádót sem þangað fór hrundu niður um. Hannes var tilbúinn í neglinguna undir eins og búíð var að fjarlægja allt gamla járníð og búíð að stilla fyrstu járnplötuna af sem allar hinar járnplöturnar miðuðust svo við. Vestíð með verkfærunum hékk á snaga í ganginum á meðan menn kýldu vömbina og spjölluðu saman og skipulögðu verkið.

Inn í herbergi krakkanna héngu uppi myndirnar sem þeim hafði verið gefnar af Rindlunum. Einn veggurinn í herberginu hafði þennan heiður. Myndirnar voru í þrem mismunandi útgáfum af hljómsveitinni sem sprakk á hjá og afi þeirra og faðir hjálpuðu aftur af stað.

Ein myndin var andlitsmynd af þessum mönnum, önnur af hljómsveitinni að spila á sviði og sú þriðja sýndi þá standa við hlið þekktis síldarbáts úr Keflavík. Nöfn manna var undir öllum þessum myndum og var undirskriftin hálfgerð hrafnaspark. Kári var rétt að byrja að lesa og reyndist skriftin honum ofviða. Enda enn ekki almennilega læs á skrifstafi. Eva greyið var með öllu ólæs ennþá. Til að ekkert misskildist kom í hlut Hannesar að segja systkinum sínum hvað staði á myndunum. Yngri krakkarnir linntu ekki látum fyrr heldur en öll nöfnin höfðu verið lesin upphátt fyrir þau. Þá fyrst voru þau ánægð.

Bankað var á útidyrnar. Hulda fór til dýra og lauk þeim upp. Úti stóð Helgi á Farmallinum rjóður í andlitinu og brosandí. Hann var kominn til að hjálpa. Hulda opnaði upp á gátt. Helgi gekk inn.

Glóra vildi nota tækifærið og smeygja sér framhjá manningum og inn en var snúið snarlega við. Sámur sperrti eyrun, dillaði rófunni, stóð á fætur og fylgdist með á lengdar. Er hann sá að hvolpinum varð ekkert ágenzt lagðist hann niður þar sem hann var niðurkominn og dæsti. Staður hundanna á daginn var úti. Á nóttunum og í vondum veðrum og rigningartíð gátu þeir lagst á fleti sitt í forstofunni innanum allt freistandi skótauið sem þar var. Lengra var þeim ekki heimilt að fara innandyra. Ef og þegar slíkt gerðist komu þeir í leyfisleysi og heyrðu orðið „ÚT“ talað háum rómi. Með hangandi haus og skottið á milli lappanna komu þeir sér svo aftur fyrir á sínum gamla stað. Hundalíf er ekkert líf.

Helgi hins vegar var meira en velkominn:

„ Sæll og blessaður Helgi minn. Ekki er að spyrja að því að þú mætir til leiks eins og ávallt áður. Slíkir garpar eru margir hér í sveit. Er enda gott að búa í Flóanum og mannauður þar mikill. „ – Úlfar Eysteinnsson stóð upp frá borðinu og heilsaði manningum með handabandi og bauð honum sæti sitt.

Helgi settist og raðaði bakkelsinu á diskinn sinn. Brak heyrðist í stólnum sem eilítið gekk til undan þunga mannsins. Skrúfa og límdropi á losaralega stóllöppina hefði læknað brakið fullkomlega og gert stólinn aftur heilan og sem nýjan. Droplaug hellti kaffi í bolla og rétti nýkomnum gestinum:

„ Hvað heitir þessi gamli karl „ – hvíslaði Eva að ömmu sinni en þó ekki lægra en svo að Helgi heyrði:

„ Ég heiti Helgi og orðin gamall sem á grönnum má sjá. „ - sagði Helgi hlējandi og setti tertubita á gaffalinn sem honum hafði verið fengin og stakk honum upp sig:

„ En hvað heitir þú telpa mín? „

„Eva. Og pabbi minn er þingmaður fyrir Akurflokkinn og starfar á Alþingi. En nú er Alþingi komið í sumarfrí og við öll hjá afa og ömmu í sveitinni og mamma kominn til okkar af spítalanum. „ – hreinskilni barnsins var í öndvegi og Helgi fékk alla sólaröguna til sín í fáeinum orðum.

„Ja hérna. Ég er orðlaus. Þú hefur málgleði þingmannsins Eva litla. Það heyri ég. Svo að þú ert dóttir Frímanns Áka þingmanns og Huldu. Ég mann eftir bróðir þínum honum Kára og vitaskuld Hannesi og nú hef ég kynnst henni Evu líka. Og þá bara þekki ég alla heilu fjölskylduna. Og ekki er það nú verra. „ – Helgi lék við hvern sinn fingur og var gamansamur eins og honum var tamt. Hlátur kvað við í eldhúsi Hrafnakots:

„Á leiðinni austur þá slitnaði viftureim á jeppanum hans pabba. Og veistu hvað.....? „ -

„Eva mín. Farðu nú ofan af borðinu og taktu diskanna og láttu þá í vaskinn til að hún amma þín getir byrjaða að vaska upp. „ - Frímann Áki stöðvaði tal telpunnar. Var hún að hans álitu kominn inn á varasama braut sem hans satt að segja hafði ekki mikinn áhuga á að yrði rædd neitt frekar né heldur rifjað upp.

„Og hvað gerðist þá? „ - forvitni Helga var vakinn:

„Pabbi tók af sér bindið sitt og bjó til úr því viftureim og við gátum haldið áfram „ - sagði Eva og gekk yfir gólfið í átt að eldhúsvaskinum og lét í hann nokkra diska sem orðinn var fullur af volgu sápuvatni:

„Þetta líkar mér að heyra. Bjarga sér úr erfiðum aðstæðum. Það er málið. Ef flokkurinn minn og kosnir þingmenn á löggjafarvaldinu bregðast ævinlega svona vel við í hverri raun þá er okkur og voru landi ágætlega borgið og það til lengri tíma. „

Þar sem allir við borðið voru stakir Akurflokksmenn hreyfði engin neinum andmælum:

„Og svo sáum við einnig....“ -

„EVA!!! „ – Frímánn Áki talaði til dóttur sinnar í skipandi tón.

„Allt í lagi. Þú segir mér það bara einhvertímánn seinna. Er það ekki?“

„Uhu „ –

„Merkir þetta já.“ – Helgi var ekki alveg með á nótonum:

„Já „ –

„Þetta skil ég betur. „ -

Diskur Helga var orðin tómur og allir við borðið tilbúnir að hefjast handa við þakjárníð. Kári tók diskinn af borðinu og amma hamaðist með uppþvottakústinn og strauk honum eftir leirtaínu ofan í sápuvatninu. Sápufroða myndaðist á yfirborðinu. Kári sótti sér viskastykki og þurrkaði jafnóðum af diskunum sem lágu ofan á öðru viskastykki sem orðið var gegnblautt. Hulda tók borðtusku og strauk af borðinu. Hönd hennar var enn í fatla og hún ekki tilbúinn til allra verka. En það myndi brátt breytast.

Eva fór inn í herbergið sitt. Brátt heyrðist ómur úr kassettutækinu og blístur frá telpunni sem fylgdi laginu eftir og svo söngl. „If a fer ann lof við jú.“ – heyrðist inn til fólksins sem tók til eftir át og drykkju mannanna.

Veðrið úti var ágætt. Skýjað og hitinn svona þægilegur. Karlarnir komu út á hlaðið. Menn snýttu sér, girtu sig, skyrptu á jörðina,

teygðu úr sér, fengu sér í nefið eða pípu, eða bara klóruðu sér í höfðinu. Allt eftir þörfum og löngun hvers og eins.

Sámur og Glóra tipluðu í kringum hópinn alsæl með að vera aftur kominn í félagsskap manna.

Stigar voru sóttir. Nú kom sér vel að hafa Helga og Farmallin og kerruna tengda við traktorsbeislið. Upplagt var að setja gamla járníð beint í hana og fjarlægja draslið strax af svæðinu. Enda engin fegurð af undnum, beygluðum og snúnum járnplötum liggjandi vítt og breytt við íbúðarhúsið.

Stigarnir komu og voru reistir upp með veggnum. Menn stigu í þá og klifruðu upp og komu sér fyrir á bröttu þakinu með klaufhamra og kúbein. Búið var að koma tveim þakstigum fyrir á sjálfu þakinu á sitt hvorum enda sem auðveldaði mönnum að athafna sig þar. Meiningin var að vinna sig inn á miðjuna úr sitt hvorri áttinni. Þannig var skipulagið.

Þrátt fyrir heltu sína fór Sturla upp og byrjaði að losa mænisjárníð af. Kúbein og klaufhamrar rifu upp nagla og járníð losnaði frá og skall til jarðar með skellum. Fleiri stigar voru sóttir og þeim komið fyrir hinum megin við íbúðarhúsið og menn sendir þangað upp. Verkið gekk ótrúlega vel og áður en langur tími leið var þakið strípað og fjalirnar einar blöstu við brosandi og ófúnar og haugur af jární og gömlum tjörupappa á jörðinni. Helgi sótti vélina og bakkaði kerrunni að járnahaugnum og hóf að týna járníð upp á hana með hjálp Hannesar og Úlfars. Frímenn Áki var á þakinu ásamt hinum mönnum vopnaður nauðsýnlegum verkfærum.

Þakpappi var sóttur og hann handlangaður upp stigann ásamt pakka af pappasaumi. Unnið var á báðum þakhelmingum samtímis. Þeir menn öðrum megin og jafn margir hinum megin. Svartir renningarnir voru lagðir á þakið yfir mæninn og skornir við þakröndina hinum megin með vasahníf og öllu tyllt með pappasaum. Með notkuninni varð hnífurinn æ bitminni vegna tjörunnar sem safnaðist á bitið. Terpentínuvætt tuska strokið eftir blaðinu bjargaði

málinu. Tjörulykt lá nösúm manna upp á þakinu. En það varð að hafa. Tjörupappinn var nauðsýnlegt undirlegg fyrir járnplöturnar. Þetta saman bjó til prýðilega vörn gegn regnvatni sem steypist á þakinu í rigningartíð:

„Farðu varlega maður. Gættu þín á að detta ekki. „ – sagði Sturla við manninn við hlið sér sem skrikaði fótur í stiganum.

„Engin hætta. Ég hef áður unnið á þaki húsa. „ – sagði maðurinn og rétti úr sér.

„Ái „ - maðurinn lyfti öðrum fætinum og beygði sig svo niður og aðgæti hvað ylli:

„Lagsmaður! Hér hefur nagli orðið eftir. Ég var heppinn að hann fór ekki alveg í gegnum sólan og styngist upp í illina. Réttu mér kúbeinið þarna. Ég ætla að ráðast gegn þessari ógn og fjarlægja hann. „ - Sagði maðurinn og kominn í svolítinn stríðsham:

Úlfar sá Sturlu rétta manninum kúbeinið og hann nostra eitthvað með það á þakinu og spurði:

„Hvað? Kom eitthvað óvænt í ljós hjá ykkur Sturla minn? „

„Alls ekki. Grétar réðst til atlögu við naglaskömm sem stóð óboðinn og óvænt upp úr timbrinu svo oddhvas og ógnvænlegur og ólmur vildi kitla honum undir iljunum og lýsti því yfir stríði gegn honum: „ -

„Hana! Þar fór hann. Þessi gerir ekki meiri skandall af sér. „ - Grétar veifaði naglanum sigri hrósandi og henti honum svo fram af brúninni. Glóra var í námunda þar sem naglinn lenti hnosandi af allt og engu og dauðbrá er naglinn rétt straukst við rófunu á henni. Hún tók á sprett í hræðslukasti og fór í örugga fjarlægð. Við sprett hvolpsins vaknaði Sámur og reis geltandi á fætur. Hann hélt að önnur ástæða væri fyrir hlaupinu en var. Kannski kind sem hlaupa

þyrfti í veg fyrir. Og þar var hann sko á heimavelli og tilbúinn hvenær sem á þyrfti að halda. Skemmtilegasta sem hann gerði var að hlaupa í veg fyrir fé og reka aftur heim. Þá gat hann teygt úr sér að vild og tekið á öllu sem hann átti til og náð upp miklum hlaupahraða að fáir hundar héldu í við hann þó gamall væri:

„Farið varleg þarna uppi og endilega gáið hvort fleiri naglar standi uppúr timbrinu og takið þá úr. „– Úlfar fylgdist með af jörðunni með báðar hendur í vösunum sem hann gramsaði í og kom upp með miða sem hann hafði skrifað eitthvað á til minnis og las á hann.

Fyrsta járnplatan var rétt upp á þakið. Sá sem kunni til verka stillti hana af og neglingin gat hafist. Fleiri gljáandi plötur voru lagðar á þakið og ekki linnt látum uns annar þakhelmingurinn skein af glænýju járn sem brosti á móti skýjum, sól, vindi og raunar öllu sem búast mátti við af íslenskri veðráttu.

Komið var mjaltatími. Droplaug yrði að sjá ein um hann í þetta skipti.

Kári og Eva sáu stöð rölta í átt að kúnum. Þau voru með lítul prik í höndunum sem þau sveifluðu framundan sér eins og til að reka eitthvað ósýnilegt úr vegi sínum. Amma hafði bannað þeim að taka með sér kassettutækið hans Hannesar vegna þess að Hannes hafði ekki gefið sitt leyfi. Krakkarnir stöðvuðu för og horfðu yfir til íbúðarhús Hrafnakots og skoðuðu verkið úr fjarlægð með tilheyrandi bendingum og pælingum.

Hamarshöggin heyrðust vel þar sem þau voru stödd. Þau héldu ferð sinni í kúahagann áfram og opnuðu hliðið og skildu eftir opið fyrir kýrnar.

Kýrnar voru alveg í hinum enda hagans en ekki við hliðið. Undireins og þær urðu varar mannaferða vissu þær hvað til stóð og röltu hægunum skrefum eftir troðningnum. Hjörðin skildi eftir sig slóð

mykju með reglulegu millibili. Svo langt frá bænum mátti enn greina hamarshögg. En ósköp voru þau veik.

Í fjósinu tók hver kýr sér stöðu á sínum bás. Droplaug gekk á röðina og batt gripina.

Blámi varð glaður er hann sá allar kýrnar stíga inn um dyrnar eftir einveru í marga klukkutíma. Hann rykkti í bandið sem skammtaði honum sitt svæði og baulaði sínu kálfslega bauli en komst ekki lengra en spottinn um háls hans heimilaði.

Hamarshöggin þögnuðu ekki. Hrópin og köllin í mannskapnum ekki heldur.

Helgi, Hannes og Úlfar luku við að týna upp járníð sem áður var á þakinu en var nú orðið verðlaust eins og hvert annað rusl og bara fyrir. Þessu var ekið í átt að heyhlöðunni og komið fyrir á öruggum stað við vesturenda hennar með sínu fargi og tryggum frágangi.

Á þriðja degi var allt afstaðið. Þakið orðið eins og nýtt og búið að ganga frá rennum og köntum.

Hópurinn sem kom fyrsta daginn var með allt til enda verksins. Enda svona biðtími í sveitinni eftir sauðburðinn og grasið að spretta á túnum.

Eva sat í grasinu með Glóru og urrandi Sám sér við hlið sem bara urraði án þess að vilja fara. Hannes gekk til hennar og settist við hlið systur sinnar svolítið dasaður eftir hamaganginn daganna á undan. Kári kom einnig og svo Hulda móðir þeirra og loks Frímann Áki. Kari skropp með afa sínum í smá bæjarferð og Droplaug vann í eldhúsinu.

Slakað á eftir erfiði.

„Æ, mikið er það nú notalegt að sitja hér út í grasinu með sína umhverfis sig og leyfa þreytunni að líða úr líkamanum og getað þaðan horft á spegilgljáandi þakið með öllum sínum glænýju þakplótum á og vita að maður sjálfur var þátttakandi í þessu góða verki. „ – Svona hugsaði Frímann Áki með hendur undir höfðinu og lét sig dreyma.

Sámur lá við hlið hans og fór vel á með þeim. Sámur gerði sér svo sannarlega mannamun. Ávallt hafði þó verið hlýtt á milli þeirra.

Glóra valdi athygli krakkanna og smeygði sér á milli þeirra og færði sig til næsta ef ekkert klór né klapp fékkst á hinum staðnum. Hún lagðist við hlið Hannesar sem klóraði henni á bak við eyrað hugsandi á svip. Hljótt var í hópnum og menn nutu þess að vera þar sem þau voru og öll orð óþörf.

Flugvél flaug yfir og rauf þögnina sem áður umleik allt. Vélarhljóðið var eins og óboðinn gestur í skemmtilegu samkvæmi. Í loftinu var eins hreyfils flugvél líklega á leið til Reykjavíkur.

Eva rauf þögnina:

„ Góði Guð, Verndaði flugmanninn á litlu flugvélinni fyrir ofan okkur. Amen. „

„ Amen. „ - Heyrðist í hópnum.

„ Pappi! Hvert fóru afi og Kári? „ – spurði Eva og fletti í litabókinni og leitaði sér að mynd til að lita.

„ Í bæinn til að kaupa nokkra varahluti í sláttuvélina. Sláttuvélin þarf að vera í góðu lagi er sláttur hefst. „

Frímenn Áki reis upp úr sínum dagdraumum.

Amma kom í dyrnar:

„ Frímenn minn! Síminn til þín! Einhver frá flokkskrifstofunni! „

Amma hvarf aftur inn.

Frímenn stóð á fætur, burstaði af sér grasið og rölti hægum skrefum að húsinu og hvarf inn um dyrnar.

Sámur stóð líka á fætur, teygði úr sér og geispaði ógurlega og gekk svo letilega á eftir honum og lagðist niður við útidyrnar.

Eva gerði sig líklega til að standa á fætur og elta þabba sinn inn en hætti við og tók fram litina og byrjaði að lita teiknaðan dúkkuvagn í litabókina sína.

Hulda var laus við fatlann og höndin öll að styrkjast. Hún sat áfram með börnunum og lét sér vel líka að vera þar sem hún var niðurkominn:

„ Mamma, mamma sjáðu. „ - Eva benti fingri upp í loftið á fugl sem flaug í austurátt:

„ Þetta er uglan sem við sáum um daginn og afi hélt að væri örn. - Uhh. - Minnir mig. „ - Eva var ekki alveg viss hvað afi sagði er hann rak augun í fljúgandi fuglinn daginn sem kúnum var hleypt út.

„ Iii „ – Heyrðist í Hannesi sem setti upp efasemdarsvip og skoðaði fuglinn sem flaug þöndum vængjum yfir bæinn á sinni leið og

horfðist svo í augu við Glóru sem við það dillaði rófunni í undirgefni:

„ Hvað veistu nema þetta sé önnur ugla en við sáum þá. Sagði hún þér kannski hvað hún heitir,ha? „ - Hannes ropaði hátt og karlmannlega máli sínu til undirstrikunnar og áherslu.

„ Svona, svona börn. Ekki rífast. Kannski er þetta sama ugla og um daginn. Kannski ekki. En hvort heldur sem er þá er þetta alltént ugla. „ - Hulda blandaði sér í málefnið og kom inn með sáttatillögu eins og mömmum er títt og fylgdi fuglinum eftir með augunum uns hún breyttist í örlítinn depil sem að lokum hvarf alveg:

„ Ugla sat á kvisti, átti börn og missti, eitt, tvö, þrjú og það varst þú. „ – sönglaði Frímenn Áki sem heyrði orðaskipti fólksins og blandaði sér í þau með sínum hætti.

Hljóð í dráttarvél barst til þeirra. Græna Deutz vélin beygði inn heimreiðina með sláttuvélina uppsetta hægra megin á vélinni. Kári sat á sætisbrettinu og hossaðist til og frá er vélin ók eftir þeim hluta heimreiðarinnar sem allar djúpu holurnar voru á. Sítt hvor megin við þessar holur var vegurinn hinn ljúfasti og rennisléttur. Á þessum kafla vildi hann alltaf síga og búa til allar þessar holur þó oft hafi verið keyrt í þær möl í gegnum tíðina og reynt að slétta þær út eins og kostur var.

Hundarnir á bænum sperrtu eyrun og hlupu svo geltandi af stað og tóku á öllu sem þeir áttu til í átt að vélarhljóðinu. Er þeir þekktu hver þar var á ferð hættu þeir að gelta og fylgdu vélinni sem seiglaðist áfram og staðnæmdist svo við mjólkurhúsið og tveir misjafnlega stíðir menn stigu niður á jörðina. Afi tók nokkrar mjaðmasveigjur til að fá blóðið á örlítið meiri hreyfingu. Drengurinn var brattari og eftir fáein skref fann hann ekki fyrir neinum stíðleika:

„ Hverslags eiginlega er þetta. Liggur allt liðið í leti og baðar sig í góða veðrinu. Má maður ekki orðið bregða sér af bæ án þess að mannskapurinn setji tíu tær upp í loft? „ – Sagði afi:

„ Hannes minn! Átt þú einhvern þátt í þessu? „ –

„ Ég!!! Ég er alsaklaus. Afi við vorum að enda við þriggja daga törn á þakinu og eigum inni svolitla hvíld. „ – sagði Hannes án þess að reisa höfuð frá jörðu:

„ Allt í lagi. Allt í lagi. Enda bara grín hjá mér. „ - Afi klóraði sér í höfðinu og fiktaði við neðri góminn upp í sér með tungunni. Gómurinn birtist augnablik á milli vara hans og hvarf svo aftur á sinn stað upp í honum.

„ Fékkstu varahlutina setta í? „ – spurði Frímenn Áki sem aftur var sestur hjá sínu fólki á grasblettinum.

Sámur kom með lafandi tungu og lagðist við hlið hans eins og áður:

„ Víst er um það. Við skoðun kom í ljós brestur í greiðunni þannig að ekki var um neitt annað að ræða en að skipta henni út fyrir nýja. Ég vissu að ein legan var ónýt en ekki um þetta. Hef sennilega lent á grjóti í lok sláttar í fyrra sem leyndist í öllu grasinu án þess að taka eftir því. Kostnaðurinn var því heldur meiri en í upphafi var áætlaður. En svona er þetta stundum. „ - Afi tyllti sér á tóma 50 lítra olíufötu og sleit upp strá af jörðinni sem hann stakkt upp í sig tuggði endann á. Við þunga mannsins lagðist fatan lítillaga saman í miðjunni án þess þó að trufla ró hans:

„ Guð sér um sína og að hlutir sem þarf að nota séu ávallt í brúklegu ásigkomulagi. „ – Sagði Hulda og strauk um bak Glóru sem kominn var til hennar þeirra erinda:

„ Víst er um það Hulda mín. Þetta eru orð að sönnu. Stundum gleymum við Guði í hita leiks sem þó hefur vakandi auga með öllu

okkar og slær utan um sína verndarvegg sem blessunin ein þrífst inn í: „-

„ Amen „ – heyrðist í Hannesi sem enn flatmagaði á jörðinni og horfði til himins á breytilegar myndir skýjanna fyrir ofan sig. Hann hóf hægri fót sinn á loft í einhverjum leik sem engin nema hann einn vissi um hver var. Öðru hvoru lokaði hann öðru auganu og færði fótinn til eins og til að miða eitthvað út fyrir ofan sig. Ímyndunarafl ungvíðarins leiðir það stundum inn á ýmsar lendum. Og þannig líka þroskast hugurinn. Skýin kalla fram margskonar myndir sem sífellt taka breytingum og fá manninn endrum og sinnum til að gleyma sér stundarkorn:

„ Hvað ertu að gera? „ - sagði Kári við bróðir sinn sem kom gangandi til fólksins. Hann hafði brugðið sér stundarkorn inn í fjósið til að klappa Bláma sem þar var bundinn:

„ Oh. Svo sem ekkert. En með því að setja fótinn svona upp fær maður mið sem getur breytt skýjamyndinni: „

„ Iii.“ „ - Evu leist ekki allskostar á þessa útskýringu stóra bróður og opinberaði skoðun sína með þessum hætti:

„ Jú víst. Prófaðu bara sjálf, – Hannes maldaði í móinn.

Eva lagði frá sér litina, lagðist á bakið og horfði á sama ský og Hannes:

„Sjáðu karlinn þarna í skýinu. Ef þú setur fótinn fyrir og lokar öðru auganu að þá breytist hann. „

Eva rétti upp sinn hægri fót og færði hann fyrst til hægri og svo vinstri með annað augað lokað. Allt samkvæm nákvæmum leiðbeiningum Hannesar. Allt kom fyrir ekki. Myndin var eins fyrir henni.

Kári bættist í hópinn. Hið sama gerðist hjá honum. Hvernig Hannes fékk karlinn sem skýið bjó til til að breytast með því einu að hreyfa fótinn var honum hulin ráðgáta:

„ Iss. Þetta er ekkert skemmtilegt „ - Eva settist aftur upp og tók sér lit í hönd og grúfði sig yfir dúkkuvagninn sem óðum fékk á sig réttu litina. Litirnir þöktu æ meir af honum og um að gera að fara ekki útfyrir strikin sem mynduðu teikninguna. Þetta kallaði á nákvæmni og einbeiti litarans.

„ Þið eruð glötuð og blind „ - sagði Hannes og settist líka upp og strauk eftir bakinu á Glóru. Dagdraumi hans hafði verið spillt:

„ Ég las um það í Alþýðublaðinu sem ég rakst á í bænum áðan að Páll Hannesson flugmaður hefði keypt sér nýja flugvél og að vélin væri kominn til landsins. Einnig kom fram að vélin væri ekki ný heldur nýuppgerð yst sem innst og uppgerð af Bretum og væri árgerð 1957, eitthvað svoléiðis. Karlinn hyggt brúka vélinna meðal annars til sjúkraflugs og farþegaflugs og leiguflugs. Gaman þegar vel gengur hjá mönnum og þeir eru tilbúnir til að sinna störfum sem geta bjargað mannlífum. Eins og sjúkraflug óeitanlega gerir. Eru flugvélar enda fljótar í förum og hraðinn þarna getur skipt sköpum. „ – Úlfar kom með fréttir úr bæjaferðinni sem hann sagði fólkinu sitjandi á beyglaðri olúfötunni sem sífellt gaf meira eftir:

„ Greinilegt að flugútgerð Páls gengur bærilega úr því að hann er kominn með nýja vél. Eru flugvélar hans ekki orðnar samtals fimm. Það þykir nú bara nokkuð gott. „ – Frímenn Áki svaraði liggjandi á jörðinni með hendurnar undir höfðinu og horfði til himins.

„ Fimm. „ - Úlfar og klóraði sér í kollinum:

„ Er þær nema fjórar. Það held ég sé áreiðanlega rétt hjá mér: „ -

„ Páll gerir út fjórar vélar. Ég mann það vegna þess að fréttir í útvarpinu sögðu frá væntanlegri komu nýju vélarinnar hans Páls og að hann ætti þrjár fyrir. Heyrði þetta held ég í fyrradag. „ - Hulda blandaði sér í samræðurnar.

„ Ef allt er fullt hjá karlinum í öllum vélunum eru farþegarnir samtals, hvað skal segja, 36. Og þeir hljóta nú að gefa honum sinn gróða. Er allavega ekki alveg ókeypis að ferðast með þeim. Rándýrt.,,

„ Heldur þú afi minn að það kosti ekki mikla peninga að gera út svona flugvélaflota? „ - spurði Hannes afa sinn:

„ Já afi! Heldurðu það ekki? „ - Eva tók undir með bróðir sínum án þess að líta upp frá litabókinni. Hún var nú á stað í myndinni sem krafðist allrar hennar einbeitingar og nákvæmni:

„ 36 farþega. Er það nú ekki eitthvað ofreiknað faðir minn. Sumar vélar Páls eru pínulitlar Og muni ég þetta rétt er sú minnsta aðeins þriggja sæta. „ – Frímenn Áki var hugsandi á svip.

Háfleygar samræður spunnust um sætafjölda í flugflota nefnds Páls sem engin á staðnum þekkti persónulega en maðurinn var opinber persóna í gegnum flugstarfsemi sína og einkum og sérílagi sjúkraflygið sem þótti oft á tíðum vera djarft hjá þessum manni og hann tilbúinn til að fara í loftið í allskonar veðrum og stundum varasömum. Að ekki sé fastara að orði kveðið. Niðurstaðan eftir allskonar spekulásjónir og útreikninga þeirra sem sátu og lágu á blettinum framan við íbúðarhús Hrafnakots var 34. farþegar ekki 36 væru öll sæti flugvéla fullnýtt. Á þetta sættust feðgarnir.

„ Eitthvað fleira í fréttum sem þú rakst á í bæjarferðinni? „ – þingmaðurinn var vaknaður í Frímenni Áka. Enda mikilvægt fyrir hann að vita hvað væri í gangi.

Afi setti upp skrítn svip eins og stundum áður þegar hann reyndi að muna eitthvað:

„Jaaá. Kannski. Japanir eru að færa út kvíarnar hvað bílaíðnaðinn sinn varðar. Sendinefnd á þeirra vegum fór til Evrópu til að kynna snotran japanskan bíl.... „

„Hvað tekur þessi bíll marga í sæti og hvaða tegund er hann? „ - Kári greip fram í fyrir afa sínum:

„Fimm manns. -

„Hvað tegund já. Skildi ég muna það?

Dodson.

Nei, Dunast. Ekki heldur.

Þarna kom það: “ - Andlitið á afa breytist í eitt breitt bros. Hann smellti fingrum:

„Þessi nýi Japanski bíll heitir Datsun og þykir hafa fagrar línur og rúma vel fimm mannskjur í sæti. Japanir ku gera sér miklar vonir með þessa framleiðslu sína og að Evrópa muni áreiðanlega taka henni vel og gleypa við: „

„Iii. Datsun. Er það nú nafn á bíl. „ - Hannes lýsti skoðun sinni:

„Japanir hafa heldur betur ávaxtað sitt pund vel frá stríðslokum eftir ósigurinn í heimstyrjöldinni. Íðnaðurinn hjá þeim bara veður upp. Bandaríkjamenn þurfa heldur betur að fara að gæta sín á innreið skáeygra með alla sína stóru og hraðskreiðu átta gata bifreiðar. „

„Ætli Bítlarnir keyri um á Datsun? „ - spurði Eva Kára bróðir sinn og gerði stutt hlé á lituninni á meðan hún velti málinu fyrir sér:

„ Það er ekki byrjað að selja bílinn ennþá í Evrópu. Og England er í Evrópu þannig að Bítlarnir geta ekki keypt þennan þarna.... hvað heitir hann aftur? - já Datsun fremur en aðrir Evrópubúar. Ekki enn sem komið er. „ - Hannes afgreiddi málið út af borðinu:

„ Þau hafa mikinn áhuga á Bítlunum, heyri ég. „ - Afi hló:

„ Láttu mig þekkja það „ - Frímenn Áki og stóð upp og burstaði laus strá af fötum sínum.

Amma kom í gættina:

„ Kominn kaffítími. Nýbökun jólakaka og klattar á boðstólnum. Allt rjúkandi heitt. Drífið ykkur inn á meðan enn rýkur úr bakkelsinu. „ –

Krakkarnir stóðu eldsnöggt á fætur og hlupu sem fætur toguðu í átt að útidyrnunum með báða hundana geltandi við hlið sér og hurfu inn. Örskömmu síðar komu þau öll út aftur og drógu skóna af fötum sínum sem gleymdist í kapphlaupinu um hver yrði fyrstur inn.

Fullorðna fólknið fór sér hægar en skilaði sér samt tímanlega við eldhúsbordið þar sem kræsingarnar biðu:

„ Hver hljóp hraðast?“ – spurði Úlfar:

„ Ég „ – Hannes rétti hönd sína á loft:

„ Og síðastur. Hver hefur þann sess? „ -

„ Ég. „ - Hönd Evu fór hægt á lofti:

„ En ég var samt rétt á eftir Kára og hefði farið framúr honum ef vegalengdin væri aðeins lengri. „ - Eva lifnaði öll við:

„ Oh - láttu þig dreyma. „ - sagði Kári með svip sem benti til að honum væri misboðið.

Glamur í bollum barst um eldhúsið og bakkelsið færðist yfir á diska fólksins sem tók hraustlega til matar síns eins og til síðs er á íslenskum sveitaheimilum. Mildur vindurinn hreyfði líftillega við eldhúsgardínunni. Hann vildi minna á sig.

Jarm í lömbum og fullorðnu fé barst inn í þennan glugga og öðru hvoru baul í kúm sem voru á beit handan við bæinn.

Út um eldhúsgluggans sást hluti aðalvegsins sem í þessu hestar hlupu eftir sem líklega höfðu sloppið út úr girðingu. Þeir vildu njóta frelsisins eins lengi og stætt væri á. Hve lengi það yrði átti bara eftir að koma í ljós.

Ljóst var að hestarnir tilheyrðu ekki bústofni Hrafnakots. Úlfari varð nefnilega skömmu áður litið yfir til hrossahagans og sá að hestarnir hans fjórir voru þar sem þar áttu að vera:

„ Á fimmtudaginn kemur ætla fótboltafélögin i sveitinni að efna til kappleiks eins og þau gera alltaf annað veifið. Á ekki að skella sér? „ Úlfar lagði spurningu fyrir hjónin Huldu og Frímann Áka:

„ Ætli það. „ - sagði Frímann og stakk upp í sig vöfflu með vænni slettu af rjóma út á.

„ Við hefðum bara gott af því og krakkarnir sömuleiðis. „ - Sagði Hulda og vildi ekki gefa málið strax frá sér:

„ Gerum það. Gerum það. „ - Kári lifnaði allur við og var þegar byrjaður að hlakka til fimmtudagsins:

„ Ég held með Úlfunum „ - Eva var með og búinn að velja sér lið til að styðja: „

Og ég með Klumbunum. „ - Sagði Kári og nuddaði saman lófunum:

„ En þú Hannes? „ - Kári beið eftir svari:

„ Úlfunum vitaskuld. „ - Hannes var með þetta á hreinu:

„ Ohh. „

„ Ég sé að börnin eru þegar búinn að ákveða sig þannig að þú minn kæri sonur ert kominn í vanda. „ - amma lagði sitt inn í umræðuna.

„ Já! Þið segið nokkuð. Að vísu er ég ekkert yfirmáta spenntur. „ - Frímánn strauk sér hugsandi um hökuna og hélt svo áfram:

„ Nema auðvitað að sjálfur markmaðurinn verði þarna. Það skal breyta afstöðu minni til hins jákvæða. „:

„ Markmaðurinn er nauðsýnlegur á hvern kappleik í fótbolta og dregur fleiri að en margan grunar. Vitaskuld verðu hinn eini sanni markmaður til staðar. Skárri væri það nú. “ - Afí skellti upp úr og hló dátt:

„ Þá er málið leyst og við förum sem einn maður á þennan kappleik og skemmtum okkur þar í sameiningu. „ - Frímánn Áki smurði vöfflu og með sultu og rjóma á og setti á disk sem Eva ýtti að honum: -

„ Jibbí.

„ Má Glóra koma með? „ - Eva horfði með vonarglampa í augum á Úlfar og beið eftir svari:

„ Ef allir sem ætla eru sammála því er það í lagi mín vegna. Hún verður þá að bíða í Willisnum á meðan. „

„Eða Rússanum ef við förum á honum. „ – Hannes skaut inn orði.

„JibbiJey „ - sungu Eva og Kári í samstilltum kór:

„Við erum að fara á fótboltaleik. Við erum að fara á fótboltaleik. „
– Gleði greip um sig hjá yngsta fólkinu.

„Pabbi! Hví spurðir þú áðan um hvort markmaðurinn yrði. Spila menn knattspyrnu öðruvísi en að markmenn séu á staðnum til að verja bolta andstæðingsins? „ – Hannes var ekki alveg með á nótunum:

„Þú sérð það væntanlega á fimmtudaginn hvað ég á við. Þangað til verður málið sveipað þoku sem öndvert eykur bara spenningin. Og það eru bara tveir dagar til fimmtudags. Biðin verður því ekki löng „
– sagði Frímenn Áki leyndardómsfullur á svip.

Afi hló og skellti sér á lær.

Dagur var að kveldi kominn. Hrafnkot komst í ró svefnisins. Um nóttina fór eilítið að hvesa úr suðri með rigningarskúrum.

Kári svaf á sínu græna eyra, bylti sér og hélt svo áfram að hrjóta.

Eva gat ekki sofið og fór framúr og gekk að glugganum og horfði á regnið falla og greinar trésins við húsið svigna lífillega undan vindinum.

Svartenna lá upp við girðinguna næst bænum og jórtraði. Lambið var við hlið hennar. Áhyggjuleysið skein af skepnunum sem treystu skapanum fyrir öllu sínu. Stundarkorn fylgdist Eva með kindinni sinni og lambinu. Og þetta vildi Eva einnig gera. Treysta Drottnei.

Eftir stundarkorn sótti syfjan á hana og hún lagðist aftur upp í rúmið, dró sængina yfir sig og sofnaði.

Á Hrafnakoti. Knattspyrnuleikurinn

10 kafli

Eftir góðan og næringarríkan svefn vaknaði Eva. Sjaldan þessu vant var Kári á undan henni í fötin og að koma sér út úr herberginu. Hannes steinsvaf.

Mjaltirnar voru afstaðnar. Kýrnar gengu rólegum skrefum út úr fjósinu. Haginn beið þeirra, grænn og freistandi. Eins og vanalega gekk elstu kýrin síðust. Á eftir henni kom Hulda. Hennar verk var að fylgja hópnum til beitolandsins. Hún ásamt Frímanni Áka hafði farið í fjósið um morgunninn til að aðstoða við vinnuna þar.

Eva geispaði, settist á rúmið sitt og teygði sig í sokkana sem lágu á gólfinu. Sokkarnir náðu henni uppundir hné. Eftir örskamma stund var hún fullklædd. Hún staldraði stundarkorn við gluggann. Móðir hennar var þar á ferð ásamt kúahjörðinni. Kúamykja var í slóðinni.

Morgunverðurinn sem beið ungvíðarins á borðinu var hefðbundinn. Mjólk í könnu, brauðmeti, smjör, ostur og auðvitað hafragrautur. Á leið sinni út rak Eva litla stóru tána í leikfangabíl í eigu Kára sem við það brunaði eftir gólfinu og rakst á tóma Appelsínflösku svo að í klingdi. Hún gretti sig af sársauka og hoppaði stundarkorn á öðrum fæti og hélt um meidda tána. En hún fór samt ekki að gráta:

„Meiri lætin í þér. Getur þú ekki gengið hljóðlega um: “ - Heyrðist í Hannesi sem lá á milli svefns og vöku og dró sængina yfir höfuðið:

„ Afsakið herra minn. Þetta var alveg óvart. „ - Eva gekk hálfhaltrandi í átt að hurðinni og lokaði varlega á eftir sér svo ekki heyrðist bofs er hurðin small blíðlega að karmi.

Hurðin opnaðist og höfuð hennar birtist í dyrunum:

„ Var þetta nógu hljóðlát, herra minn? „ – sagði hún og lokaði henni snögg á eftir sér áður en bróður hennar gæfist tóm til að svara henni eða henda í hana sokknum sem lá á gólfinu. Til öryggis lagði hún eyrað við hurðina:

„ Æ, góða. „ – heyrðist mæðulega fyrir innan og svo smá brak í rúminu er bróðir hennar snéri sér á hina hliðina og reyndi að sofa örlítið lengur. Hann var fráleitt upplagður í einhvern galsa á þessu augnabliki. Öðru gilti um gærkveldið þegar Bítlamúsíkin ómaði úr hátalara litla kassettutækisins og ýmist söngur eða blístur notað til að fylla upp í.

Eva yfirgaf staðinn. Sársaukinn í tanni leið smá saman hjá og hvarf. Hún tók sér sæti við eldhúsborðið gegnt Kára sem í þann mund smurði sér brauðsneið með osti á. Það rauk úr grautnum á disknum fyrir framan hann:

„ Hannes er stundum svo morgunnfúll „ - sagði Eva og gekk að eldavélinni og skellti einni sleif af rjúkandi grautnum á diskinn sinn:

„ En hann er samt ágætur „ – bætti hún brosandí við.

Útihurðin heyrðist opnast og fullorðna fólkið kom inn eftir morgunmjaltirnar.

„ Svona! Verið úti greyin mín „ – Úlfar rak hundanna aftur út sem reyndu að smeygja sér framhjá honum er hurðin laukst upp. Þeir vildu inn og helst alla leið inn í eldhús.

Amma kom:

„ Sko mitt fólk. Bara vaknað og bjargar sér sjálft. Fáðu þér nú sæti Eva mín og svo færi ég þér grautinn. „ – Amma tók diskinn með rjúkandi hafragrautnum í og setti fyrir framan hana:

„ Góðan daginn ungliðar góðir. „ – afi og pabbi gengu inn. Síðust kom Hulda.

Hannes mætti með stírnar í augunum og geispaði og virtist enn vera á milli svefnis og vöku. Fjölskyldan var nú samankominn á einum stað og tilbúinn í átök dagsins.

Frímann Áki gekk að útvarpstækinu sem staðsett var á borðinu sem vaskurinn var festur í. Hann vildi heyrja hvað um væri að vera. Þingmaðurinn þurfti vitaskuld að fylgjast vel með þjóðmálaumræðunni. Hann hafði jú verið kosinn á þing og tilheyrði nú þeim sem réðu för í landinu. Verk hans og hinna þingmannanna snerti hvert mannsbarn. Ekki lítil völd það.

Í útvarpinu ræddu þrír menn framan við hljóðnema stöðvarinnar um eldsvoðann í farþegaskipinu Gullfossi sem var í veðgerð í Kaupmannahöfn. Fyrir um fjórum dögum á vinnutíma kom upp eldur í skipinu ytra og var talið að olía sem lak úr skipinu og ógætileg meðferð starfmannanna slíppsins með eld hafi orsakað eldsvoðann. Er búið var að slökkva mikla loganna var ljóst að skipið hafði stórskemmt.

Eins og eðlilegt má teljast spunnust um málið fjórlegar umræður á meðan fólkið innbyrti morgunverðinn. Gullfoss hafði sinn ákveðna sess í hjörtum þjóðarinnar hvort sem var við sjávarsíðuna eða til sveita og eina alvöru farþegaskipið í eigu Íslendinga. Og margir höfðu skoðun á Gullfossi. Og hverjum langaði ekki til að sigla með skipinu? Í það minnsta hafði slík sigling lengi verið draumur Úlfars Eysteinsonar og Droplaugar Halldórsdóttur.

Mönnum var ekki sama um þetta fallega skip:

„ Fæðan sem borinn var fram á skipinu er dýrleg. Sagði að minnsta kosti Eykotsbóndinn sem í fyrrahaust fór ferð með skipinu ásamt eiginkonu sinni og elsta barni. „ - Úlfar strauk sér um magann við

tilhugsunina eina. Þetta kallaði á auka brauðsneið með miklu af osti og vænni slettu af Marmelaði ofan á.

En verkin á bænum kölluðu líka eftir athygli íbúanna. Þau gerðu sig ekki sjálf.

Snjóþungi vetrarins hafði lagt girðinguna á landareign Hrafnakots niður á kafla við þjóðveginn og var hún ekki skepnuheld í sínu ásigkomulagi. Girðingin sú arna var viðfangsefni dagsins. Hrafnakotsbónda hafði bæst liðsauki úr höfuðborginni sjálfsgagt að notfæra sér hann:

„ Margar hendur vinna létt verk „ – voru einkunnarorð Úlfars sem hann viðhafði stundum við barnabörnin.

Hannes var fús að sínu leiti og fékk í staðinn að aka Deutz-traktorinum með kerruna tengda í beislið. Við hlöðuveggin lágu nokkrir girðingarstaurar sem fóru upp á kerruna ásamt gaddavír, strekkjara og öðru sem til þurfti. Það var stoltur strákur sem sat sperrtur í ekilssæti vélarinnar og steig á kúplinguna og setti í gir og tók af stað með miklum rykk að við lá að traktorinn risi að framan:

„ Ekki sleppa kúplingunni svona hratt upp drengur. Vertu mjúkur og fæðu tilfinningu fyrir vélinni. „ - Frímann Áki gaf góð ráð:

„ Sorrý pabbi. „ – Hannes leit brosandí til föður síns en áttaði sig fljótt og leit snöggt aftur á veginn og fylgdist með honum fullur ábyrgðar. Hann var nú ökumaður heillar dráttarvélar og ekkert kæruleysi heimilt. Hannes upplifði sig sem aleinan í heiminum með sínum hugsunum og þælingum.

Drengurinn ók eftir heimreiðinni áleiðis niður á veg með Úlfar afa sinn og yngri systkini á eftir í Willisnum.

Vindurinn lék um andlit Hannesar sem fannst sjálfum mikið til koma. Hann hafði að vísu einu sinni eða tvisvar áður ekið þessari

dráttarvél en samt aldrei svona langa vegalengd og aldrei einsamall. Úlfar afi eða faðir hans voru þá með honum til halds og trausts. En nú var hann orðin tólf ára og nokkuð fullorðinslegur að eigin áliti og kominn tími til að aka dráttarvél og vinna þau verk þar sem dráttarvélar þurfti við í sveitinni.

Hann teygði hönd sína í olfugjöfina við hlið stýrisins og færði hana örlítið niður. Dráttarvélin jók hraðan. Hann setti í næsta gangstig og vélin kipptist lítillaga við gírskiptin en samt mjúklega eins og faðir hans kenndi honum. Mikil grip afturdekkjanna sáust ekki af snúningi hjólanna.

Ó hvað hann naut sín.

Eva og Kári vildu ólm fá að vera hjá bróður sínum. En afi þvertók fyrir það. Í Willysinn voru þau hins vegar velkomin.

Græn og gul Skodabifreið með litla kerru í eftirdragi ók eftir þjóðveginum úr vestri og nálgadist afleggjarann heim að Hrafnkoti. Stefnuljós blikkaði. Þau gáfu til kynna að ökumaður ætti erindi þangað.

Hannes ók út í kant og stöðvaði til að hleypa bifreiðinni framhjá sér.

Maðurinn á græna og gula Skódanum var aldraður og kom Hannes honum ekki fyrir sig. Á kerrunni sá hann flakaðan fisk í tveim tágarkörfum. Greinilegt var að Úlfar þekkti kauða því bifreiðin stöðvaðist við jeppann og maðurinn gekk til Úlfars og heilsaði.

Hér var kominn Eyrbekkingurinn Hreinn Valsson á sinni venjubundnu yfirferð með fisk sem bændurnir keyptu af honum. Daginn áður hafði hann brugðið sér út á bát sínum og sett í svolítið af ýsu:

„ Sæll og blessaður Hreinn minn. Þú ert bara á ferðinni með þinn gæðafisk meðferðis. „ - sagði Úlfar og teygði sig eftir vasaklútnum á mælaborði jeppans og þurrkaði sér um nefið.

„ Oh jú. Ég brá mér á sjó og lenti á vænum fiski og náðu mér í slatta á tiltölulega stuttum tíma. Það virðist vera töluvert af ýsu þar sem ég renndi færi: „ -

Hreinn leit á krakkanna í bílnum og á Hannes sem sat á traktorum og beið eftir því að geta haldið ferðinni áfram. Var enda ekkert skemmtilegt að bara sitja á vélinni:

„ Eru þetta þingmannsbörnin? „ - spurði Hreinn og stakk hendi sinni í vasann og gramsaði í honum og tók þaðan upp vasahníf sem hann opnaði og notaði til að skafa undan nöglunum með.

„ Frímann Áki, sonur minn og Hulda Jósefsdóttir, tengdadóttir mín eiga þessi og þau eru í heimsókn hjá afa sínum og ömmu í sveitinni eins og árin á undan. Er það ekki rétt Eva mín?:

„ Uhu „ - Eva kinkaði kolla og horfði stórum forvitnum augum á manninn úti í gegnum opna bílrúðuna hjá afa. Henni fannst hann vera svolítið hrukkóttur í framan og með óskaplega fá hár á höfðinu. Ekkert fór framhjá árvökulum augum telpunnar. Kári sat með bók sem hann fletti í. Áhugi hans var ekki eins mikill og Evu.

Hreinn stakk höfðinu upp að glugganum og spurði:

„ Borðið þið fisk krakkar? „

„ Þau borða allt sem að kjafti kemur og fyrir þau er sett „ - sagði afi og hló:

„ En endilega aktu heim á bæ og þá hittirðu þingmanninn son minn og Huldu og færð að vita hvernig fiskmálin á heimilinu standa. Frúin gefur þér svo kaffisopa þekki ég hana rétt. Við erum á leið í

girðingarvinnu hér skammt frá og því svolítið tímabundnir kæri vinur. „

Sámur og Glóra vöppuðu í kring.

Mennirnir kvöddust og Hreinn settist inn í grænu og gulu bifreiðina. Hundarnir tóku viðbragð og vildu gelta og elta Skódann. Snögg skipun frá Úlfari breytti áætlun dýranna. Hannes var tilbúin og undireins og færi gafst rann vélin mjúklega af stað og ók eftir miðjum vegi. Hann vandaði sig alveg sérstaklega með kúplinguna og tókst bara nokkuð vel upp. Við afleggjarann beygði hann til hægri og ók utanvegar meðfram girðingunni og stöðvaði þar sem hún lá niðri.

Eva og Kári voru spennt og vildu hjálpa til en þeim fór samt að leiðast þegar ljóst var að verkið tæki svolítinn tíma og fór að dragast á langinn:

„ Afi! Hvenær förum við heim?“ –

„ Þegar verkið klárast Eva mín: -

„ En ég er svöng. „ – Kári tók undir þetta hjá systur sinni:

„ Hvenær ertu ekki svöng „ – sagði Hannes og lét sleggjuhausinn sem hann hélt um skaftið á dynja með miklum þunga á staurendanum sem við það þaut ofan í jörðina:

„ Svona! Þessi er orðin vel fastur „ – sagði afi eftir að hafa tekið á staurnum þeim arna:

„ Krakkar mínir! Áður heldur en þið farist hér úr hungri er rétt að þið labbið heim og fáid tertubita og mjólkursopa hjá ömmu ykkar. Þetta er ekki svo langur gangur og þið ratið. „

Eva og Kári tóku afa sinn á orðinu. Glóra og Sámur fylgdu þeim. Voru blessaðar skepnurnar sjálfar orðnar leiðar á öllu þessu gangsi við girðinguna.

Hlátrar og gelt heyrðust frá hópnum sem gekk eftir heimreiðinni og líf komst í tuskurnar hjá krökkunum sem léku sér við hundanna og létu þá elta steina.

Knattspyrnuleikurinn.

Fimmtudagurinn rann upp. Leikur Úlfa og Klumpa var framundan. Sumstaðar í sveitinni lá spenna í loftinu vegna keppninnar. Annarstaðar var dagurinn líkur öðrum dögum og frekar tíðindalítill. Áhugi manna fyrir svona leik var misjafn og einstaklingsbundinn. Samt áttu flestir af þeim sér sitt lið sem þeir héldu með - mest svona til gamans.

Eftir mjaltirnar á Hrafnakoti fóru menn í bað og gerðu sig klára. Fótboltavöllurinn var austanvert við Hrafnakot og í nokkra kílómetra fjarlægð frá bænum. Um tuttugu mínútna akstur var þangað. Von var á töluvert af fólki úr sveitinni sem kom ekki bara til að horfa á leikin og styðja sitt lið heldur líka og ekki síður til að hitta sveitunga sína og ræða málin. Á vellinum fengu menn frétir beint úr æð hvernig gengi og annað álíka. Sem var ekki síður mikilvægt. Knattspyrnuvöllurinn og áhorfendasvæðið í kring var upplagt til að hitta aðra á. Þótt síminn væri kominn á flesta bæi í Flóanum gat hver sem er hlerað hann og menn gátu því ekki verið mjög berorðir. Öðru gildi á knattspyrnuleikvangi. Þar heyrðu þeir einir sem áttu að heyra. Ekkert mál var alltént að koma því svo fyrir.

Hulda og Frímann Áki fóru í Rússanum ásamt Hannesi. Úlfar settist inn í Wyllisinn sinn og með honum Eva og Kári. Glóra og Sámur tróðu sér aftast í jeppa Úlfars og settust þar til að sjá út um gluggann.

Droplaug valdi að vera heima. Hún hafði ekki mikinn áhuga á svona kappleikjum né að horfa á einhverjir karla á stuttbuxum hlupu um

völl á eftir uppblásinni tuðru og baða hvorn annan á milli uppúr óbótaskömmum.

Rússinn sprengdi þrisvar og fór í gang. Willisinn var gangvissari og þurfti bara eitt snögg og stutt start til að vélin gengi.

Fólkið var í skjólgóðum fötum og tók Hulda með sér aukapeysur á krakkanna sem þau gátu nálgast ef á þyrfti að halda. Að standa úti í íslenskri verðáttu var kalsasamt þótt komið væri sumar í heiði. Og krakkar eru stundum ekki með mikla fyrirhyggju í þessum efnum. Og þá er gott að hafa mömmu með sem passar upp á hlutina.

Það small í kassetutækinu er Hannes opnaði sleðann og renndi í kassettu og þrýsti Play-takkanum niður. Bítlatónarnir léku eyru hans mjúklega:

„A vona bjó loving beibí, a vona bjó men „ - ómaði um loftið með tilheyrandi blístri og svo söngli drengsins.

Við hliðið beygðu jepparnir til vinstri og óku holóttann þjóðveginn sem ekki hafði fengið neina heflun um hríð. Droplaug var í gættinni og fylgdist með. Hún snéri aftur inn og lokaði hurðinni á eftir sér:

„Góði Guð. Blessaði þessa ferð og gefðu að hún verði fólkinu og ekki síst börnunum til gleði og ánægju. Í Jesú nafni. Amen. „ -

Svona bað húsfreyjan á Hrafnkoti eins og ævinlega er fólkið fór af bæ og hún ein eftir heima.

Samkomuhúsið í sveitinni blasti við á hægri hönd. Húsið bar nafnið Álborg. Tólf ára strákur stóð í vegkantinum og beið eftir að bílarnir ækju hjá. Hann var á leið niður að á til að vitja um færin sem þar voru fest í litlar spýtur sem reknar voru niður á árbakkanum með línu bundna í sem lá út í straumhæga ána. Stundum veiddist silungur og stundum áll. Fiskurinn var til átu á bænum þeim arna og þótti

herramannsmatur. Stundum voru öll færin nú með fiski á sínum öngli. Þá bar veil í veiði. En stundum var ekkert að hafa.

Frímann Áki sá drenginn og sagði við konu sína:

„Keli bóndi er með sumarstrák hjá sér og annan en var hjá honum í fyrrasumar. Á þessum bæ hafa sumarkrakkar úr borginni verið í áraraðir. Hér býr prýðisfólk og harðduglegt og væsir ekki um neinn hjá Kela bónda og hans fólki. „

Eva og Kári sáu drenginn líka og veifuðu til hans er bifreiðin ók framhjá honum án þess að pilturinn veitti veifi þeirra athygli.

Þau horfðu í gegnum afturrúðuna og sáu hvar borgarstrákurinn hljóp á harðaspretti yfir götuna og klöngraðist yfir girðinguna með gaddavírinum í klofinu og svo áfram niður að á. Á eftir honum kom hundurinn á bænum:

„ Afi! Kemur ekki þessi strákur á kappleikin á eftir. „ – spurði Kári:

„ Við skulum bara sjá til. Aldrei er hægt að vita fyrirfram hverjir koma og hverjir ekki:

„ Biðjum Guð. Hann heyrir bænir „ – Eva kom með snjalla hugmynd:

„ Það líst mér vel á Eva mín“ – sagði Úlfar:

Eva lokaði augunum og spennti greipar:

„ Góði Guð! Leyfðu stráknum sem við sáum áðan að koma á knattspyrnuleikin. Amen. „

„ Amen „ – kvað við í bílnum:

„ Nú er málið í höndum Drottins og ekkert meira sem við getum gert,
 „ – sagði afi:

„ Nema að trúá „ – bætti Kári við og fletti í myndabókinni sem gjarnan fylgdi honum.

Ekið var framhá bæjum. Kýr og kindur ásamt hrossum á beit á túnum og engjum blöstu við á báðar hendur. Hvarvetna var líf. Á sumum túnanna sást maður á vappi.

Við einn afleggjarann var beygt til vinstri og ekið upp brekku og yfir hæð. Efst á hæðinni blasti völlurinn við. Nokkrar bifreiðir og fáeinar dráttarvélar sáust þar og svolítið af fólki. Knattspyrnumennirnir hlupu um á vellinum og spörkuðu knetti til að hita sig upp. Markamaðurinn stóð í markinu og sló sér annað veifið til að fá eilítið meiri hita í kroppinn. Mörkinn voru kominn á sinn stað. Á annað markið ver strengt götött net sem samt gerði sitt gagn. Netið hinum megin var öllu heillegra. Í Flóanum kunnu menn þá list vel að nýta sér það sem var til og að gera sér enga rellu úr því sem ekki var fánlegt.

Er klukkan átti tíu mínútur eftir í 21,00 renndu jeppar Hrafnakotsfeðga inn á svæðið og menn stigu út úr bifreiðum sínum. Hundarnir urðu eftir í bíl Úlfars.

„ Boltaspengir „ - (Sámur) - var ekki vinsæll á svona kappleikjum eftir að hann eitt sinn hljóp út á völinn og læstu tönnum sínum í tuðruna og allt loft lak úr henni og leiknum aflýst. Enginn önnur tuðra var tiltæk og því sjálfhætt.

Margar hendur voru á staðnum sem þurfti að taka í. Mennt sem höfðu ekki sést lengi föðmuðust. Ýmsir töldu sig eiga erindi við þingmann Akurflokksins og leggja eitt og annað til við hann til að flytja á þinginu í haust.

Klukkan var 21,00. Enn dreif að bifreiðar og dráttarvélar einstaka ríðandi maður. Ljóst var að mæting var betri en hjartásýnustu menn þorðu að vona. Kátt var á hjalla og glaðlegt fólk hvert sem litið var.

Dómarinn stakk upp í sig flautunni og leikurinn hófst. Markmaðurinn skyrpti í lófanna og var við öllu búinn. Einbeitingin var alger og hann fylgdist grannt með öllu sem fram fór. Úlfarnir, liðið hans, voru með knöttinn og geystist mennirnir upp hægri kantinn. Mark Klumpanna var framundan og spennan magnaðist. Knötturinn geystist á ægihraða í átt að markinu en snarræði markmannsins þeim megin kom í veg fyrir að úr yrði mark. Hróp og köll bárust frá áhorfendum sem strax voru með á nótonum.

„OHH „ - heyrðist frá hluta hópsins er markmaður Klumpanna varði. Hér létu stuðningsmenn Úlfanna augsjállega í sér heyra.

Markmaður Klumpanna gaf á leikmanninn næst sér sem strax gaf hann á annan og saman hljóp liðið eftir vellinum gefandi knöttinn á milli sín. Markmaðurinn, þessi eini sanni, var við öllu búinn. Þegar boltinn kom að honum svo ógnandi og hraður tókst honum að fleygja sér á hann og grípa. Núll núll.

Í leikhléi var staðan enn jöfn. Ekkert mark hafði verið skorað. Markmaðurinn var byrjaður að ræskja sig og tala hátt til sinna manna og skamma þá eins og hunda vegna lélegra frammistöðu þeirra með sinni skerandi háværú rödd. Hann var að komast í stuð. Áhorfendaskarinn fylgdist mest orðið með honum.

Seinni hálfleikur hófst. Úlfarnir áttu leikinn. En er útherji liðsins missti boltann yfir á hitt liðið var markmanninum nóg boðið og sást hann bera lofanna upp að munninum og hrópa svo að undir tók:

„ Áfram Klumpar! Áfram Klumpar! Niður með Úlfanna! Niður með þá! – (sitt eigið lið)

Og svo:

„ Útaf með dómarann! Útaf með dómarann! Stigið á stubbinn. Drepið í stubbnum. „ – Ein leikmaður Úlfanna var fremur lágvaxinn og stóð sig ekki sem skildi, að mati ágæts markmanns.

Markmaðurinn gekk nú í hringi framan við markið og hristandi höfuð sitt í sífellu. Orðinn verulega æstur.

Hlátrasköll barst um áheyrendasvæðið. Fólkið skemmti sér konunglega. Markmaðurinn brást þeim ekki frekar en í hin skiptinn:

„ Það er greinilega farið að vanta á hann. „ - Heyrðist Helgi gamli á traktornum segja á milli hláturrokanna. En markmaður þessi var talin vínhneigður og uppstökkur þegar langt leið á milli túra hjá honum blessuðum.

Á knattspyrnuleikvellingum.

11 kafli.

Leikurinn hélt áfram. Allt ætlaði um koll að keyra er leikmenn Úlfanna brunuðu fram og skoruðu fyrsta mark leiksins er tíu mínútur voru eftir af leiktímanum.

Þetta var áskorun til Klumpanna sem tóku miðju og vönduðu sig við að gefa knöttinn á milli sín. Þeir færðu sig nær marki Úlfanna og gættu þess að missa ekki knöttinn.

Skyndilega komst einn leikmaðurinn í dauðafæri og spyrti af öllu afli. Knötturinn þaut á leifturhraða í gegnum loftið og í átt að markinu. Ógnandi boltinn nálgadist stöðugt viðbúinn markmanninn sem sló krepptum hægri hnefa í vinstri lófa sinn og steig dansspor. Við öllu viðbúinn. Á hárrétu augnabliki skutlaði hann sér á áttina að knettinum og lá stundarkorn í láréttri stöðu í loftinu og náði að grípa knöttinn báðum höndum. Markmaðurinn rann spölkorn eftir jörðinni og safnaði utan á sig mold og grasi með knöttinn kyrfilega fastan við bringuna. Stuttbuxurnar færðust niður efir honum á rennslinu án þess þó að opinbera það sem buxum almennt er ætlað að hylja af mannslíkamanum. Almennt velsæmi hélt velli.

Minnstu mátti muna að Klumpunum tækist að jafna metin en snjöll markvarsla hins eina sann markvarðar varð að óyfirstíganlegri hindrun fyrir knöttinn sem í stað þess að hafna í netinu lenti í öruggum höndum hans. Hann gaf strax á næsta mann og hysjaði upp um sig brókina og renndi fingrunum í gegnum hár sitt beint aftur og notaði tækifærið til að klóra sér í hnakkannum. Góður íþróttamaður nýtir tímann til hins ýtrasta.

Þótt markmaðurinn væri stundum styggur í skapi og skemmti áhorfendum konunglega með uppátækjum sínum og geðillsku og stundum sjóðheitum fúkyrðum, stóðust honum samt fáir snúning er kom að markvörslunni. Þar var hann á heimavelli og kundi sitt fag betur mörgum öðrum markmönnum landsins. Um þetta atriði voru margir sveitungar hans sammála og líka fleiri utan sveitarinnar.

Spennurinn magnaðist. Nú studdi markmaðurinn og hvatti sína eigin menn í stað andstæðinganna áður á tímabili og alvanalegt var hjá þessum manni á knattspyrnuleikjum í sveitinni. Í fögru umhverfi.

Eva sat á öxlum föður síns og fylgdist með. Hún skildi ekki reglurnar og skoðaði fólkið á vellinum með segjum, takmörkuðum áhuga. Telpa var þó fráleitt aðgerðarlaus. Hún nefnilega notaði tímann vel til að skoða höfuðlag föður síns sem blasti svo vel við henni sitjandi á öxlum hans. Hvirfillinn vakti áhuga hennar og varð henni vettvangur til starfa með því að hún vildi telja öll gráu hárin í kringum hann. Verkið gekk erfiðlega. Höfuð mannsins var á sífelldri hreyfingu. Ýmist til hægri eða vinstri. Eftir því hvar knötturinn var staðsettur á leikvellinum. Inn á milli kváðu við mikil hróp í áhorfendum sem voru með á nótunum. Hrópin fengu telpuna til að líta upp:

„ Pabbi hvers vegna öskra karlarnir svona mikið? „ - spurði hún þegar nokkur veginn hljóð var komið á.

Frímenn Áki horfði upp til dóttur sinnar:

„ Það er vegna þess að fólkið bara skemmtir sér svona vel Eva mín. Finnst þér sjálfri ekki gaman?: „

„ Bara svolítið en samt ekkert sérstaklega. Hvers vegna hvatti kallinn í markinu hitt liðið staðinn fyrir sitt eigið lið?. „ - spurði Eva og fylgdist stundarkorn með því sem fram fór á vellinum. Hún var ekki alveg að skilja þetta:

„ Ýmislegt gerist þegar æsingurinn verður mikill hjá mönnum: „ –

Eva snéri sér aftur að hvirfli föður síns reyndi að einbeita sér að verkinu en gat ekki vegna stöðugs hreyfingar höfuðsins:

„ Pabbi! Getur þú ekki verið kyrr smá stund til að ég geti klárað að telja öll gráu hárin í kringum hvirfilinn á þér? Ég er kominn upp í tuttugu og fimm grá há. „ –

Frímann Áki skellti upp úr við beiðni dóttur sinnar:

„ Jah hérna. Dóttir góð. Þú finnur þér ýmislegt til dundurs verð ég að segja. „ – sagði Frímann Áki án þess að missa taktinn við leikinn:

Hann fór á smá flug af léttum æsingi er boltinn stefndi ógnandi að marki Úlfanna:

„ Hana! Svona já! Það var lagið! Flott hjá þér! „ – sagði hann er markmaðurinn flaug eins og fugl í loftinu og rétt náði að grípa utan um knöttinn á fluginu og forða marki.

Staðan var enn 1 - 0 fyrir Úlfanna. Rúm ein mínúta var eftir af leiktímanum.

Eva gafst upp við talninguna og lagði hökuna á höfuð föður síns og fylgdist með leiknum frekar áhugalausum augum með handleggina krækta utan um hálsinn.

Nú var spurningin hvort Úlfunum tækist að bæta við einu marki og rótbursta Klumpanna.

Er mínútan var liðinn stakk dómariinn upp í sig dómaraflautuna og flautaði leikinn af. Úlfarnir voru sigurvegarar kvöldsins með eitt mark gegn engu.

Engum blöðum var um að fletta að markmaðurinn var maður leiksins. Ekki bara vegna skemmtanagildisins fyrir áhorfendurna heldur líka sína frábæru markvörslu. Ljóst var að góð staða hans í markinu forðaði Úlfunum frá að fá á sig að minnsta kosti tvö mörk.

Leikmenn yfirgáfu leikvöllinn eftir að hafa tekið í hendur hvers annars og þakkað fyrir drengilegt spil og skemmtilegan leik. Svitinn bogaði af þeim. Þar sem aðstaðan á vellinum til sturtu var engin varð hún að bíða þangað til leikmennirnir komu heim til sín. Þurrkun um höfuð og andlit með handklæði og skjólgóðar flíkur á eftir til að forðast ofkælingu svitans varð að nægja í bili.

Frímann Áki tók telpuna af öxlum sér. Axlirnar voru aumar eftir að hafa borið hana svo lengi. Kári stóð við hlið hans og skemmti sér ágætlega og sá ekkert eftir því að hafa komið með.

Hannes hljóp til og hleypti báðum hundunum út úr Willis-bifreið afa síns. Hundarnir urðu frelsi sínu fegnir og dilluðu rófunum hver í kapp við annan og flöðruðu til skiptis upp um drenginn áður en þeir tóku sprettinn í átt að Úlfari sem á sama andartaki var í hrókasamræðum við mann sem óvænt hafði birst á leikvanginn og hann hafði ekki séð árum saman. Þessi maður fluttist af landi brott til Kanada og hafði búið þar undanfarin ár og unnið við fag sitt trésmíðar og húsasmíðar.

Sjá mátti að fótboltaleikur í Flóanum var meira heldur en bara eltingarleikur við knött og hrópandi áhorfendur - og stundum leikmenn á vellinum - heldur var hann kjörin staður til að hitta annað fólk á. Eins og Úlfar upplifði með mannum sem nú bjó í Kanada. Líklegt var að þeir hefðu farið á mis hvorn við annan ef ekki hefði verið efnt til þessa kappleiks. Úlfari var nefnilega ekki kunnugt um að maðurinn væri staddur á landinu bláa í norðri. En maðurinn kom fyrir um hálfum mánuði til landsins og átti eftir um vikutíma áður en hann héldi aftur til síns heima í Kanada. En hér voru þeir og ræddu um liðna tíð, eins og vill verða hjá gömlum vinum.

Strákurinn úr borginni sem Kári og Eva sáu klöngrast yfir girðinguna og hlaupa sem fætur toga í átt að ánni stóð þarna með hendur í vösum og bar þess öll merki að þekkja fáa á staðnum. Hann stóð við hlið Kela bónda og börnum hans tveim sem voru yngri en borgarstrákurinn:

„Kári! Þarna er strákurinn sem við sáum áðan og báðum Guð um að senda á leikinn „ – sagði Eva við bróðir sinn og benti fingri.

Kári kláraði að reima annan strigaskóinn sinn áður en hann rétti sig upp og horfði þangað. Og mikið rétt. Þarna stóð drengurinn horaður og langur og íklæddur yfirflík sem ekki vildi vaxa með honum. Það sást á ermunum sem náðu honum nokkra sentímetra upp fyrir úlnliði.

Úlfar sá að telpan benti í ákveðna átt og horfði fyrir forvitni sakir þangað. Hann benti þumalfingri sínum upp í loftið er hann varð þess áskynja hvað hafði vakið henni áhuga.

Eva brosti. Hún hafði skilið bendingu afa síns og varð glöð í hjarta sínu yfir því að Guð heyrði bæn hennar. Hún og Kári litu svo á að borgarstrákurinn væri bænasvar. Já, þeirra persónulega bænasvar.

Kári fylgdist með manningum og afa sínum sem spjölluðu saman og rifjuðu upp gömul kynni og fengu fréttir um hagi hvors annars eftir öll þessi ár. Hundarnir flöðruðu upp um Úlfar og kepptust við að ná athygli hans. Kári horfði á manninn frá Kanada teygja hendi sína átta að Sámi og líka er hann kippti henni eldsnöggt að sér aftur. Sámur hafði greinilega urrað og manningum brugðið. Engin kærir sig heldur um að verða bitinn af hundi:

„SKAMAMSTU ÞÍN „ - barst frá Úlfari á háværum nótum. Hann hastaði á þennan óróasama hund sinn sem ekki vildi láta af að urra á fólk sem að hans áliti kom of nálægt honum með hönd sína. Hundurinn hrökklaðist eins og vanalega frá og lagðist sármóðgaður í grasið og horfði ásakandi augum á húsbónda sinn. Glóru brá líka og

vissi ekki hvort hún ætti að taka þetta til sín og fannst öruggast að leggjast líka niður.

Frímann Áki leit í sömu andrá til föður síns og sá hundinn hrökklaðist frá og leggjast niður: „Nú hefur Sámur látið til sín taka „ - sagði hann við dóttur sína sem jánkadi með höfuðhreyfingu:

„Hann er alltaf að urra. Samt stríði ég honum aldrei. „ - sagði telpan og setti upp sakleysislegan svip:

„Er það nú alveg rétt hjá þér Eva mín? „ - spurði Frímann Áki.

„Alveg satt. „

„En hvað var það annað en stríðni hjá þér að taka frá honum beinið og fela svo vandlega að blessuð skepnan gat hvergi fundið sitt bein þótt hún snuðraði um allt í leit á þessu beini og þú dróst bróðir þinn með þér í þessa stríðni og þið fylgdust með og hlóguð eins og vitl... hlóguð ykkur máttlausa yfir viðbrögðum og vandræðagangi skepnunnar. „ - Frímann vildi minna hana á og horfði um leið á Kára sem í þessu klóraði sér í bringunni, leit til himins og þóttist ekkert heyra:

„Misstir þú heyrnina Kári minn „ - sagði faðir hans:

„Nei nei. Mér bara klæjar svo í bringunni. Ég ætlaða skreppa aðeins yfir til afa „ - sagði Kári og gekk blístrand í burtu. Satt að segja þá hafði hann lítinn áhuga á þessu umræðuefni. Annað en var á meðan hrekkurinn var upphugsaður, undirbúin og framkvæmdin þaulskipulögð hjá þeim systkinum.

Sámur hafði fært sig til og lá nú við fætur húsbónda síns. Hann vildi ekki flaðra meira upp um hann. Glóra sá ein um það. Og hún meira að segja snéri sér að gestinum í sama tilgangi sem strauk hvolpinum eftir bakinu og tók svo um höfuð hans báðum höndum og nuddaði og

kreisti loðnar kinnarnar eins og ullarvettlingar eru þæfðir ofan í sápuvatni.

Dráttarvél með kerru tengda við beisli vélarinnar var gangsett. Keli sat í ekilsætinu og borgarstrákurinn og börn bóndans sátu í kerrunni og héldu sér í hliðarnar og hossuðust á holóttum veginum sem kerran dróst eftir.

Eva fylgdist með uns vélin hvarf yfir hæðina.

Menn voru byrjaðir að tínast af vellinum á þeim tækjum sem þeir höfðu komið á. Þeir sem voru ríðandi stigu á bak klárum sínum slógu í og heldu sömu leið og þeir komu.

Einhverjir bjuggu búi í Villingaholtshreppi og í fleiri hreppum Árnessýslu. Ekki var gott að segja. Ljóst var að menn fylgdust með hverjir hjá öðrum og notuðu oft tækifærið til að gera sér eilítinn dagamun þótt í öðrum hreppi væri. Enda fátt í boði í sveitinni og um að gera að grípa gæsina er hún gafst þegar kom að dægrastyttingu.

Úlfar kvaddi manninn og tók af honum loforð um að kíkja við í Hrafnakoti áður en hann færi yfir hafið og hitti frú og fjölskyldu. Maðurinn átti pantað far með einum af Fossum Eimskipafélagsins, skipi sem sigldi yfir hafið til Montreal í Kanda með vöru. Þaðan gat hann svo flogið til síns heima.

Sjálfur sagðist hann njóta þess að fara með fragtskipi. Enda fragtskipasjómennirnir um margt fróðir menn með töluverða reynslu af átökum og glímu lífsins sem hann hafði gaman af að hlusta á og um margt líka fróðlegt.

Skódi markmannsins, svokallaður Blöðruskódi, stóð eitthvað á sér og vildi startarinn ekki snúa vélinni. Eina sem heyrðist undir húddinu var - „, klick.“ er lykli var snúið.

Hann steig út úr Skódanum með hamar í hendi, gekk fram fyrir bílinn, opnaði húddið og sló hamrinum létt í startarann og reyndi aftur. Þetta nægði. Eftir nokkra hæga og kraftlausa snúninga gekk vélin eðlilega.

Maðurinn skrúfaði niður hliðarrúðu bifreiðarinnar og sagði við Úlfar sem í þetta mund gekk hjá:

„Skódinn klikkar ekki. Eina sem þarf er að banka svolítið í eitt og annað þegar við á og á réttum stöðum fram í húddi til að allt virki rétt. „

„ Já, eru tékkarnir sleipir í framleiðslu bifreiða „ - Úlfar talaði í glettnum tón við manninn og tók í hönd hans sem stóð framrétt út um gluggann. Voru þeir málkunnugir og sveitungar og báðir fæddir og uppaldir í Flóanum.

„ Skódinn er flottir maður. Og svo er umboðið svo gott. Sama hversu litla skrúfa manni vantar, hún fæst í umboðinu.

Hvernig fannst þér leikurinn? „

Ágætur og sigurinn sætur. Úlfarnir voru betra liðið. Eins og ævinlega þá sigrar betra liðið. –Úlfar og stakk höndunum í buxnavasanna.

„ Já, fannst þér hann góður. Klumparnir komu á óvart og voru mun betri heldur en ég átti von á. Þeir hafa greinileg æft stíft og undirbúið sig vel fyrir leikinn. „ – Markmaðurinn varð hugsandi á svip og bætti svo við:

„ Kannski að Úlfarnir taki hlutverk sitt ekki lengur nægjanlega alvarlega og við sem íþróttamenn ekki heldur. „

„ Þá er bara að biðja Karl minn til Guðs og hann mun sjá til þess að þið haldist vakandi og séuð við hlutverk ykkar bundnir. „

„ Já Úlfar! Endilega biddu fyrir þessu. „

„ Biddu sjálfur minn kæri bró... - Heyri Guð mínar bænir leggur hann einnig við eyrun er þú biður. „ -

„ Guð hjálpi þér maður. Ég að biðja! Ég kann ekki að biðja. „ - sagði Karl markmaður:

„ Iii „ - Eva var kominn til afa síns og stóð við hlið Kára:

„ Allir kunna að biðja. „ – hélt telpan áfram:

„ Sko, svona skaltu gera. Ég skal kenna þér bæn. Heyrðu bara. „ - Telpan fór á hnén, spenniti greipar og bað:

„ Kæri Guð. Ég bið þig um að sýna mér hvernig ég fæ bætt lið mitt Úlfanna og gert þá betri.

Svona getur þú beðið manni minn. „ -

„ Er þetta allt og sumt. „ – sagði Karl og klóraði sér þéttingsfast í höfðinu svolítið vandræðalegur í framan.

„ Allt og sumt „ - Eva horfði hin hróðugasta og með stoltum svip upp til afa síns:

„ Hlustaðu á ungvíðið Karl minn. Það veit hvað það syngur. „ - sagði Úlfar hlæjandi:

„ Já, það er víst eins gott. – Karl brosti og ennþá vandræðalegur, kvaddi, setti í bakkgír og bakkaði Skódanum. Hann heyrðist tuldra með sjalfum sér er hann ók af stað:

„ Jah hérna. Biðja. Fara á hnén. Ég sem kann ekki að biðja. Á hnén skal ég aldrei fara. Hvað halda þau eiginlega að maður sé? Huuh. „ –

Það brakaði í gírkassanum er Karl markmaður skipti bifreiðinni svolítið hrannalega og jók hraðann:

„Ætli hafi fokið í kallinn við það sem við sögðum. „ –sagði Úlfar eins og við sjálfan sig. Hann strauk sér um hökuna:

„Varstu að segja eitthvað afi? „ – spurði Eva.

„Nei nei. Komum okkur nú heim áður en kólnar meira. „ - Hann tók í hönd Evu og leiddi hana sér við hlið í átt að bifreiðunum sem stóðu samhliða á bílastæðinu.

Komið var að brottfarastund hjá Hrafnakotsfólki. Menn settust glaðir inn í farartækin. Hulda skemmti sér vel.

Kári fékk það hlutverk að hleypa Sámi og Glóru inn í Willis- jeppa Úlfars sem ruddust í kapphlaupi inn í gegnum bílhurðina undireins og hurðin opnaðist og tóku sér stöðu aftast í jeppanum með gleðigelti og rófudingli.

Bárður í Keldnakoti ók framhá og veifaði til fólksins. Eins og venjulega var Lappi í framsætinu og fylgdist áhugasamur með öllu sem fram fór með lafandi tungu eins og vanalega.

Fríamann Áki hafði ekki veit honum athygli enda mannmargt á svæðinu og ekki mögulegt að vita um alla sem þar voru. Menn hittust svona meira fyrir tilviljun nema sérstök leit á svæðinu færi fram.

Jeppar feðganna voru með þeim síðustu sem óku burt.

Á leiðinni út á aðalveginn fóru þeir framhá mörgum af þeim sem ýmist voru ríðandi eða akandi á dráttarvélum.

Sumarstrákurinn úr borginni sat og hossaðist á kerrunni og með honum börn bóndans. Eva og Kári notuðu tækifærið er jeppinn rann hjá og veifuðu til þeirra og fengu á móti svar í sömu mynt og bros í kaupbæti.

Hrafnakot blasti við á hægri hönd og var ákveðin friður yfir bæjarstæðinu í kvöldsólinni. Féð var á beit á túninu og dreift út um allt tún. Lömbin ýmist sugu mæður sínar, hlupu í leikjum eða lágu á jörðinni ásamt fullorðnu fé sem hafði étið nægju sína þann daginn.

Til kúnna sást og voru þær komnar í ró á sínu svæði. Var enda komið kvöld og allt sem lífsandi er í um það bil að taka á sig náðir og safna kröftum til átaka nýs dags.

Jepparnir fóru á sína staði á hlaðinu og þreyttar manneskjur stigu út úr þessum bifreiðum og teygði úr stirðum limum. Fólkið var fegið að vera komið heim en samt ánægt með að hafa farið og gert sér svolítinn dagamun.

Dallar hundanna stóðu við dyrnar og í þeim fóður sem skepnurnar hlupu strax í og gleyptu í sig með látum.

Í forstofunni tók fólkið af sér yfirhafnirnar og kom sér fyrir við eldhúsbordið.

Stutt, löng, stutt, stutt hringing kvað við úr símtækinu. Droplaug fór fram:

„ Halló. Já, andartak. Frímenn Áki! Síminn til þín. „ – Droplaug kom aftur inn.

„ Halló. Já komdu blessaður. Á morgunn. Jú, það ætti að vera í lagi. Hverju eru menn að velta fyrir sér. Já svoléiðis. Hittumst þá á morgunn um tvö leitið. Blessaður. „ – Frímenn lagði tækið á og gekk inn í eldhúsið.

Eva var ein augu og forvitnin uppmáluð:

„ Hver var í símanum pabbi? „

„ Bara formaður Akurflokksins sem vill halda stuttan fund með þingmönnum flokksins á morgunn: „

„ Má ég koma með „ - hrópaði Kári með fullan munninn af kökum.

„ Og ég líka „ – hrópaði Eva, bróðir sínum til samlætis:

„ Iii! Hvað ætli hann vilji hafa ykkur með. Alltaf grenjandi „ - sagði Hannes og hellt sér mjólk í glasið, stakk upp í sig smáköku og setti aðra fyrir framan sig á borðinu:

„ Þið verðið hér hjá mömmu ykkar og afa og ömmu. Svona fundir eru ekkert skemmtilegir og ykkur mundi bara leiðast. „ - Frímann Áki afgreiddi málið með snarræði.

Kvöld var komið. Bítlatónar liðuðust í gegnum veggina á herbergi krakkanna frá kassettutækinu. Blístur og lítilsháttar söngl heyrðist með. Svo datt allt inni í dúnalogn. Kyrrðin ein fyllti andrúmið og yfirtók stund og stað.

Jarm í kindum barst yfir túnið og tilheyrir lífinu í sveitinni. Líf hvert sem litið er og Guð yfir og allt um kring.

Fundur framundan.

12 kafli

Morgundagurinn rann upp.

Dropar féllu úr skýjum til jarðar. Dálítill vindur og útlit fyrir vætu- og vindasaman dag. Svona er ýmist svona eða hinn seginn. Þar gilda breytingar og þær margar. Engin regla sem fara mátti eftir og hægt að stóla á. Allt breytingum undirorpið sem viðkom íslenski veðráttu.

Eva vaknaði með fullorðna fólkinu og fór í fjósverkinn með afa sínum og ömmu og Huldu móður sinni. Frímenn Áki varð eftir inni. Hann þurfti að fara yfir skjöl og pappíra fyrir fundin í Reykjavík með flokkssystkinum sínum í Akurflokknum.

Kári og Hannes sváfu áfram. Þeir yrðu ræstir eftir mjaltirnar.

Eva sat hjá kálfinum Bláma og fylgdist úr fóðurganginum með fólkinu eiga við júgur kúnna sem mjólkin streymdi úr og rann svo auðveldlega ofan í mjaltafötu mjaltavélanna tveggja sem notaðar voru. Taktföst soghljóð vélanna tilheyrði verunni í fjósinu á mjaltatímum.

Amma sat á mjaltastól og tuttlaði dreitilinn sem eftir varð í einni kúnni. Hreyturnar runnu í mjólkurfötu. Hali kýrinnar var bundin upp til að hún næði ekki að slá honum beint í andlit mjaltamanneskjunnar.

Blámi var orðin telpunni vanur og kippti sér ekkert upp við það þótt hún settist hjá sér og hrúgaði saman moðinu á gólfinu fyrir framan sig og léki sér með það og jafnvel talaði við. Kálfurinn lét sér brölt telpunnar í léttu rúmi liggja og lá bara og jórtraði, horfandi stórum tómum augum á ekki neitt í svona sofandi ástandi, að því er virtist.

Stór loðin eyrun hreyfðust fram og til baka og námu minnsta hljóð. Eyrun voru vel vakandi og á stöðugri hreyfingu fram og til baka. Allt sem skepnan þekkti ekki fékk dýrið til að horfa í átt að óvæntu hljóðinu athugulum augum. Kannski notaði dýrið eyrun meira þegar augun virtust ekki sjá neitt en sáu þó? Hver veit hvað fram fer í hausnum á kálfi? Alltént ekki Eva sem var bara sex ára og ekki ennþá orðin sæmilega læs og kunni bara að skrifa nafnið sitt stórum barnslegum stöfum.

Inni í íbúðarhúsinu var allt með kyrrum kjörum. Ró var yfir og ekkert hljóð barst inn til Frímanna Áka sem settist við eldhúsbóðið. Hann tók skjalatöskuna upp af gólfinu og lét hana upp á borðið. Áður en skjalaskoðunin fór fram gaf hann sér þó tíma til að rölta yfir að útvarpstækinu við gluggann í eldhúsinu og kveikja á því. Tíu fréttirnar voru um það bil að hefjast og ágætt fyrir kjörin þingmann að hlusta á fréttirnar og vera svona í takti við það sem var að gerast heima og heiman.

Dimm og vel þekkt karlmannsrödd barst úr hátalaranum:

„Útvarp Reykjavík. Klukkan er tíu. Nú verða sagðar fréttir. Í fréttum er þetta helst. „ - heyrðist í viðtækinu. Í fréttatímanum kom fram að ný flugvél í eigu Loftleiða mundi lenda á Keflavíkurflugvelli klukkan fjórtán í dag og að vélin væri stærsta flugvél íslendinga og mikið bákn. Vænghafið 43 metra og lengdin svipuð og hæðin 11 metrar. Tóm vægi hún 49 tonn en fullhlaðinn 95 tonn. Vélin næði 600 kílómetra flughraða á klukkustund og talin vera hagkvæmari í rekstri en eldri vélar félagsins og flytti fleiri farþega í hverri ferð. Sannkölluð búbot að mati rekstraraðilanna sem ekki kviðu áframhaldinu þótt vissulega væri tækið dýrt og verkefnið fjarhagslega stórt og biði upp á viss átök og aðhald stjórnenda. Og það sem betra var, einnig upp á marga möguleika sem opnuðust með þessari nýju og glæsilegu flugvél.

Áfram voru vangaveitur um næsta arftaka Krútsjoff leiðtoga Sovétríkjanna og ýmis nöfn Sovéskra stjórnámálanna nefnd.

Frímann Áki saup á rjúkandi kaffibollanum og fór yfir skýrslur og skjöl og strikaði yfir og bætti inn orðum.

Hann horfði út um eldhúsgluggann. Regndropunum á rúðunni hafði fjölgað og runnu þeir niður glerið í smá hlykkjum, einn á eftir öðrum og stöðvuðust í listanum sem negldur var niður með pinnum og hélt rúðunum þétt upp við karminn. Allt leitar niður og smýgur þangað sem það kemst.

Bassaröðdin í útvarpstækinu hélt áfram. Fram kom að Pólska kirkjan nyti enn mikilla áhrifa í bæði andlegum málum og jafnvel stjórnámálum og að samnborið við önnur kommúnistaríki ákveðinna sérrettinda. Í fréttinni kom fram að Pólsk stjórnvöld forðuðust að ofsækja hana beint þrátt fyrir að vera opinberlega andvíg trúarbrögðum.

Fríamann Áki heyrði allar þessa fréttir. Þær voru svona hluti af þingmannsstarfinu hjá alvöru stjórnámálamanni sem tók sig alvarlega og vildi vera með á nótnum.

Fréttatíma Ríkisútvarpsins lauk. Við tók ljúf kvenmannsrödd sem hóf upptalningu á ýmsum dagskrárliðum sem í boði voru yfir daginn. Þar kenndi ýmsa grasa og margt áhugavert í boði. Næsta sem heyrðist voru ljúfir tónar frá Breskri strengjasveit sem lék þekkt verk eftir Mosart.

Skrjáf í blöðum barst frá eldhúsbordinu. Þingmaðurinn heyrði svona með öðru eyranu það sem fram fór í hátalara viðtækisins.

Honum þótti merkilegt hve vald kirkjunnar í Póllandi væri en mikið þótt honum væri vel kunnugt um að ýmsir steinar hefðu verið lagðir í götu hennar á umliðnum árum í tíð kommúnistanna og að kirkjunni þrengt bæði fjarhagslega og með ýmsu öðru móti. Eitt sem Pólsk stjórnvöld gerðu var að taka starfandi nunnur út úr sjúkrahúsunum og kalla Guðfræðinema í herinn. Allt til þess að minnka áhrif kristninnar á fólk í öllum geirum samfélagsins.

Í fjósinu voru hugðarefnin önnur heldur en gerðist hjá háttvirtum þingmanninum sem sat yfir skjölum við eldhúsoðið og dreypti á milli á rjúkandi kaffibolla og át smurða brauðsneið með alíslenskri og heimagerðri kindakæfu.

Fjósverkin voru enn í gangi. Blámi var staðin á fætur og gerðist er Eva gekk fram í mjólkurhúsið til að fá mjólk í flöskuna sem ætluð var sárþyrstum og svöngum kálfinum sem skynjaði hvað um var að vera frami og gerðist órólegur og strekkti í bandið sem var um háls hans svo fast stundum að grey dýrið náði ekki andnaum og varð að bakka til að súrefnið kæmist aftur ofan í lungun. Óþreyjan var til staðar og halinn fór á hreyfingu. Aumlegt og hlægilegt kálfsbaul heyrðist sem að mörgu leiti minnti á mann sem rembdist uns kinnar og andlit urðu rauðar af áreynslunni.

Eva tók við eins lítra glerflösku hjá móður sinni. Er hún gekk fram sá hún að gúmmítúttuna á stútinn vantaði. Telpan gerði athugasemdir og eftir dálitla leit í hillum mjólkurhússins og bak við mjólkurfötur og mjólkurbrúsa varð niðurstaðan sú að gefa kálfinum mjólkina án túttunnar sem virtist hafa gufað upp og fannst hvergi. Síðar kom í ljós að Úlfar hafði stungið þessari kálfstúttu í buxna vasa sinn og gleymt henni þar í síðustu mjöltum. Allt hefur sínar skíringar sé eftir þeim leitað.

Kálfurinn spenntist allur upp og æstist fram í fjósi og baulaði sínu ámatlega bauli eins og hann vildi segja: - „, Drífa sig! Drífa sig! Og hlaupa svo. „,

Telpan birtist í fóðurganginum með hvíta löginn í flöskunni sem kálfsi þekkti orðið svo vel.

Gjöfin gekk vel þótt túttan væri ekki á sínum stað á flöskunni. Smá vandræðagangur fyrst og svo svolgraði kálfurinn í sig mjólkinni með venjubundnum gleypigangi, mikilli áfergju og galopnu gini. Hausinn vísaði upp á við og tók við innihaldi glerflöskunnar sem helltist úr af fullu afli og rann ofan í kokið á skepnum. Þegar því var lokið heimitaði hann meira en varð ekki að ósk sinni í þetta sinn

frekar en í önnur skipti. Skammtur þessara mjalta var kominn og hann varð að láta sér hann nægja fram að næsta gjafatíma um kvöldið. Matur kvölds og morgna og ekkert þar á milli nema einstaka strá sem hægt var að japla á. Með aldrinum sleppti flöskunni og full fata af mjólk tók við. Fatan jók skammt Bláma stórum. En það myndi gerast síðar og kannski um haustið.

Eva kom fram í mjólkurhúsið með tóma glerflöskuna. Konurnar voru þar báðar og gengu frá eftir fjósverkin. Mjólkurbrúsar voru dregnir eftir steypu gólfinu með viðeigandi ískri og skarkala. Kælibúnaðurinn var færður yfir í annan brúsa og þann síðasti í röðinni.

Afi losaði kýrnar og koma þeim út. Blámi var nú lagstur á nýjan leik. Hann yrði líklega eins síns liðs uns hjörðin kæmi til baka að kveldi að springa af þristingi mjólkurinnar í júgrunum sem vildi leita út.

Eva fylgdi afa sínum og gengu þau saman leið sem kýrnar höfðu gengið í árána rás til hagans neðan við bæinn:

„ Afi „ -

„ Hvað væna mín? „

„ Blámi er alltaf svo gráðugur þegar ég kem til hans með mjólkina. „ – sagði Eva og horfði á klaufir kýrinnar sem aftast gekk og fannst merkilegt hvernig þær glenntust út á göngunni.

„ Svona eru nú dýrin þegar fæðan er annars vegar. „ - Afi tók vasaklút upp úr vasa sínum og snýtti með háum hvelli:

„ Verið ekki of lengi. Þið vitið að Frímann Áki er að fara til borgarinnar! „ - Hrópaði amma sem í sama mund gekk í átt að íbúahúsinu ásamt Huldu.

„Engar áhyggjur! Við verðum snögg: „

„ Bless afi. „ – Telpan gerði sig líklega til að taka sprettinn heim. Hún hafði gleymt að þingmaðurinn faðir hennar væri á förum í bæinn en snérist svo hugur og hélt áfram sömu leið. Faðir hennar myndi ekki fara nema kveðja hana fyrst. Málið var ekki alvarlegt.

Kýrnar gengu í röð eftir slóðanum hver á eftir annarri. Framundan var haginn næringarríkur og yndislegur. Þar voru þær umluktar heilnæmu loftinu, safaríku grasinu, og mjúkri jörðinni þegar þær gátu ekki meira í sig látið og tímabært að leggjast fyrir og góna spekingslega út í loftið og jórtra. Túnið var annað og betra en dimmt og rakt fjósið og básar sem afmarkaði hreyfigetu þeirra allra í bland við marga langa og myrka daga á veturna.

Veðrið úti var hressandi þótt einstaka regndropar skyllu á nefbrodda.

Eins hreyfils flugvél flaug yfir og sást vel í loftinu. Hún stefndi í norður. Hvert flugvélin var að fara var ekki gott að geta sér til um. En þarna var hún með sinn flugmann í flugstjórasætinu.

Eva horfði til himins og fylgdist með vélinni uns hún hvarf henni sjónum.

Vindurinn tók mjúklega á skepnum og fólki en ljóst var að færi vaxandi. Vindurinn bar til fólksins lyktina af kúnum sem fólkið á bænum var orðið vant og kippti sér ekki upp við. Dálitið regn gerði gróðrinum í sveitinni bara gott og engin er verri þótt hann vökni. Gott farg var ofan á öllu útivið á Hrafnakoti og ekkert lauslegt sem gat fokið og vitað var um.

Þegar Úlfar og Eva komu heim var Frímenn Áki ferðbúinn og kominn í þingmannafötin og bindið á sínum stað sem lafði niður eftir honum og neðri hluti jakkans huldi hluta af.

Hannes og Kári voru mættir og sátu við borðið og svolgruðu í sig hafragrautnum sem amma skammtaði þeim á diska. Hulda stóð við eldhúsvaskinn og þvoði leirtauðið:

„ Pabbi gerðu það? Leyfðu mér að koma með til Reykjavíkur? Mér langar svo til að fara með þér? „ - Eva suðaði og vildi reyna til þrautar hvort hægt vær að fá Frímann Áka til að skipta um skoðun.

Þá skyndilega birtist honum bjargvættur sem var þó ekki á staðnum en rödd hans var hjá þeim í gegnum tækjabúnaðinn sem stóð á eldhúsborðinu við gluggann.

Þulurinn kom fram í útvarpinu með þá dagskrárkyrningu að Lög Unga Fólksins væru á dagskrá klukkan tuttugu um kvöldið:

„ Ha! Lög Unga Fólksins. Ég var búinn að steingleyma þeim. Pabbi! Ég er hætt við að fara til Reykjavíkur. „ - Eva ljómaði öll í framan:

„ Kannski fæ ég að heyra nýjasta Bítalagið? Það er æðislega flott. Hvað heitir það aftur? „ - Telpan reyndi að muna:

„ Já. Þarna kom það. This Boy: „

„ Já það lag. Paul Mc Cartney syngur millikaflann í laginu. „ – sagði Hannes og stakk upp sig skeiðinni með restinni af hafragrautnum í:

„ Iii. „ - Paul syngur ekki kaflann heldur John. „ - Kári blandaði sér í umræðurnar og fékk sér aðra brauðsneið af disknum fyrir framan sig. Bítlasérfræðingarnir á bænum voru komnir á rökstóla:

„ Ég ætla að fara inn í herbergið mitt og senda pabba og mömmu, afa og ömmu keðju með þessu óskalagi „ – sagði Eva og skundaði inn í herbergið og sóti pappír og kom til baka að vörmu spori með blað og blýant í hendi og hnipti í Huldu móður sína og bað hana að skrifa

textann fyrir sig og vera fljót að. Hún ætlaði sko að heyra kveðjuna strax um kvöldið:

„Ef þú sendir kveðjuna inn núna kemur hún í fyrsta lagi í næsta þætti í Lögum Unga Fólksins. „ - Hannes leiðrétti yngstu systir sína sem var ekki af baki dottinn og krafðist sinnar kveðju þótt hún yrði að bíða í viku eftir að heyra hana.

Hulda settist við eldhúsborðið og ritaði textann á blaðið.

Telpan krafðist þess að hann yrði lesinn upphátt fyrir sig. Hulda las það sem hún sjálf hafði skrifað:

„Sendi mömmu minni og pappa, afa mínum og ömmu yndislegar kveðjur með laginu This Boy sem Bitlarnir syngja. Kveðjan er frá Evu Frímansdóttur: -

„Mamma! Þú sagði Bitlunum. Þeir heita Bitlarnir með íí. Bí bí - Bitlarnir mamma!“ - Kári áminnti fullorðan fólkið um að bera þetta rétt fram:

Ó! Fyrirgefðu. Hér vantar þá kommu yfir íið. „ -

Hulda snéri sér að Evu:

„Eigum við ekki líka að bæta við þeim Hannesi og Kára? „ - Hulda tók fram blýantinn og leiðrétti villuna sem vakti þessi viðbrögð hjá unga fólkinu og bætti við nöfnunum tveim sem urðu eftir í byrjun og telpan samþykkti að yrðu með.

Amma hafði farið inn í stofu á meðan og sótt umslag ofan í skúffu sem orðsendingunni á eftir var komið fyrir í og allt límt aftur samkvæmt kúnstarinnar reglum með frímerki á.

Frímann Áki tók við merktu umslaginu og gaf loforð um að póstleggja það undireins og hann kæmi í bæinn:

„ Þú mátt ekki gleyma að setja bréfið í póst. „ - sagði Eva ábúðarmikil á svip.

Þingmanninum var ekki lengur til setunnar boðið ætti hann að ná fundinum í Reykjavík tæka tíð.

Fyrir framan biðu hundarnir og dilluðu rófum sínum. Er Frímann opnaði framhurð Gas- jeppans vildi Glóra ólm ryðjast inn og fara með en var samstundis snúið við. Hún yrði eftir heima ásamt öðrum á bænum.

Allt fólkið var á hlaðinu og Hulda kyssti mann sinn kveðjukossi með árnaðaróskum um gott gengi í borginni og góðan fund. Eva var í örmum föður síns og Kári hélt í hönd hans og saknaði hans pínulítið. Hannes bar sig karlmannlegar enda orðin eldri og þroskaðri en yngri systkini sín.

Eftir venjubundnar tvær til þrjár sprengingar í vélinni fór Rússinn í gang og malaði hljóður og öruggur.

Svolítið brakaði í girkassanum er Frímann setti í bakkgríp og hjól Rússans tóku að snúast afturábak.

Undireins og jeppinn fór á hreyfingu fram á við byrjuðu Sámur og Glóra að gelta en var samstundið skipað að hætta þessu gelti og góli.

Framundan hjá þingmanninum var höfuðborgin og yfir Kamparnir að fara sem stundum voru erfiðir. Sérstakleg yfir vetramánuðina.

Hundarnir sperrtu eyrun og risu á fætur er jeppinn ók eftir heimreiðinni albúnir í spretthlaup en lögðust svo aftur á sinn gamla stað og dæstu. Þeir máttu þetta víst ekki. Svipbrigðin á Úlfari gáfu þeim það skírt til kynna:

„ Bless pabbi og mundu eftir bréfinu „ - hrópaði Eva á eftir bifreiðinni. Kári tók undir með systur sinni. Hönd kom út um hliðarrúðu jeppann og veifaði glaðlega til fólksins á hlaðinu sem veifaði á móti.

Fullorðan fólkið fór aftur inn en krakkarnir urðu eftir úti og fylgdust með bifreiðinni uns hún beygði til vinstri við afleggjarann ók eftir aðalveginum og jók hraðann.

Ferðin yfir fjallið var tíðindalaus. Borgin blasti við framundan. Reykvískur togari í eigu Bæjarútgerðar Reykjavíkur sigldi út fjörðinn.

Skip frá Hafskipum lá á ytri höfninni og voru tollverðir að stíga um borð í sama mund og Frímann var þarna. Hann ók að gömlum vana um höfnina og fylgdist með því sem þar var að gerast eins og fjölmargir aðrir gerðu.

Vörubifreið var staðsett við togara frá Siglufirði. Trog fullt af fiski var híft upp úr lest skipsins og úr því sturtað á vörubílspallinn og slakað undireins aftur niður til mannanna í lestinni. Togarinn hafði verið á veiðum fyrir sunnan land og útgerðamaðurinn ákveðið að láta skipið landa í Reykjavík í stað þess að sigla því norður fyrir. Frá Reykjavík var enda styttra á sömu mið þar sem gera átti annan túr.

Steingrímur gamli bryggjukall stóð við vörubifreiðina eins og áður. Neftóbakið lak niður á vörina. Hans hlutverk var að kippa í spottann og losa úr trogunum sem komu full úr lestunum og loka þeim aftur. Steingrímur var þekktur af öllum sem um bryggjuna fóru. Enda gamall í hettunni og hafði lengi starfað við uppskipun.

Við skrifstofu Akurflokksins stóð bifreið Hafsteins Búasonar formanns flokksins. Fleiri bifreiðar voru þarna. Hvort þær tilheyrðu flokksmönnum var Frímann ekki með á hreinu.

Hann ók í eitt stæðanna og steig út úr farartækinu. Þurrt var í borginni þótt smá úði hafi verið á heiðinni og í Flóanum.

Inni var kaffi á hitabrúsum og kökur á borðum.

Hafsteinn sat við enda borðsins. Nokkrir kjörnir þingmenn voru og mættir:

„ Sæll og blessaður Frímann Áki og velkominn hingað til okkar. Er dvölin í foreldrahúsum ekki búinn að vera þér ánægjuleg? „ – sagði formaðurinn hress í bragði. Hann ljómaði í framan:

„ Jú heldur betur. Maður er eins og nýsleginn túskildingur. Alltaf er gaman að koma í sveitina lagsmaður. Sannast sagna þá líður mér hvergi betur en einmitt þar. „ - Fríamann teygði sig í kaffikönnuna og skar sér sneið af brúnkökunni sem stóð gegnt honum á borðinu og krafðist þess að verða etin:

„ Hvernig hefur Hulda það og börnin? Er hún orðin góð af handarmeininu sem hrjáði hana á dögnum og eru foreldrar þínir ekki við góða heilsu? „

„ Hulda er öll að koma til og börnin eru spræk og hress og ólmast eins og barna er siður og eru óþreytandi í sínum leikjum virðist manni. Pabbi og mamma eru eins og þau eiga að sér að vera og sinna enn búinu af sama myndarskap og áður: „ –

„ Það er nú gott. Alltaf gaman að fá góðar fréttir af fólki. „ - Sagði Hafsteinn og brosti.

Eftir venjubundna kurteisiskveðjur og létt, frjálst spjall bauð formaðurinn alla inni velkomna og stuttur fundur hófst. Erindið var að tilkynna mannskapnum að Alþingismönnum hefði verið boðið að taka á móti Loftleiðaflugvélinni sem lent yrði á Keflavíkurflugvelli síðar um daginn ásamt vitaskuld ríkisstjórninni. Hér væri vissulega

um stóran viðburð að ræða fyrir íslenskt samfélag sem þeim væri heiður að vera þátttakendur í.

Í leiðinni baðst hann velvirðingar á að erindið hefði borist sumum þingmönnum svolítið seint og væri ástæðan mistök í boðleiðum sem ekki uppgötvaðist fyrir en í gær:

„ Tíminn sem þið fenguð til undirbúnings var skammarlega skammur. Það get ég vel viðurkennt og líka geri hér með. „ - Greinilegt var að Hafsteinn var leiður yfir mistökunum.

Umræðum um landsins gagn og nauðsynjar hélt áfram enn um stund. Rúta ók upp að húsinu og stöðvaðist. Rútan átti að flytti þingmennina til Keflavíkurflugvallar.

Menn yfirgáfu flokkskrifstofuna og gengu yfir í rútabifreiðina sem þegar ók af stað og hélt sem leið lá til Keflavíkur.

Brynhildur ráðskona uppvartað fundarmenn og tók af borðinu er þeir yfirgáfu fundarherbergið og gekk frá. Þessi skrifstofa hafði verið vinnustaður hennar í allmörg ár.

Móttakan á Keflavíkurflugvelli

13 kafli

Gul rútan með hvítum röndum á hliðunum frá rútfyrtæki í Hveragerði ók út fyrir borgarmörkin í gegnum Kópavog og Hafnarfjörð. Bílstjórinn lagvaxinn, góðlegur karl um sextugt, stýrði bifreiðinni. Maðurinn var með áralanga reynslu af rekstri og akstri stórra bifreiða.

Á Holtinu Hafnarfirði stöðvaðist rútan. Inn steig maður í jakkafötum og með hálstau og hélt á leðurtösku með skjölum í. Maðurinn tilheyrði Landsflokknum sem nú leiddi landsstjórnina og hét Hávarður Helgi og var Jónasson. Borinn og barnfæddur hafnfirðingur. Hvæs heyrðist og hurðin lokaðist að baki mannsins. Stór bifreiðin ók af stað og út á veginn til Keflavíkur í um fimm hundruð metra fjarlægð þaðan sem maðurinn beið. Grár öskubíll af gerðinni Volvo ók á undan fullur af rusli bæjarbúa. Áfangastaður öskubílsins voru öskuhaugarnir við Straumsvík. Nokkrir drengir á reiðhjólum stigu fótstig fáka sinna og viku til hliðar og hjóluðu sem næst vegbrúninni og hleyptu bifreiðinni framhjá sér. Áfangastaður piltanna voru sorphaugarnir. Þar leyndist stundum ýmislegt brúklegt sem nota mátti á reiðhjól. Til dæmis aurhlíf sem eitt hjólanna skorti.

Farþegar rúttunnar blöðuðu í skjölum sínum sem þeir geymdu í skjalatöskunum sem nú stóðu opnar á hnjám manna og hófu penna á loft til að annaðhvort leiðrétta stíl sinn eða skrifa nýja ræðu. Sumir inni notuðu lesgleraugu fremst á nefinu sem þeir gátu horft yfir til að sjá betur í fjarlægð. Þingmenn kunna þá list betur flestum öðrum mönnum að gernýta tíma sinn til allskonar undirbúnings. Gátu enda fundahöld verið stíff og seta í flugvélum, rútum og öðrum bifreiðum algeng í kjördæmunum á fundaherferðum til að heyra hljóðið í kjósendum.

Holóttur Keflavíkurvegurinn lét illa undir hjólum og framkallaði skrölt í bifreiðinni.

Verið var að gera nýjan veg til hliðar við þann gamla og var sá lagður steinsteypu og upphækkaður á köflum. Þessi vegur var bylting í vegagerð á Íslandi. Verkið var mikil og dýr framkvæmd sem margir töldu sóun á almannafé. Ákveðið var að taka veggjald af vegfarendum nýja vegarins og að reisa skýli nálægt Hafnarfirði sem öikumönnum væri gert að stöðva við og greiða uppsett verð. Slíkt veggjald ku hafa reynst vel erlendis en var nýlunda á Íslandi. Áætlanir Vegagerðarinnar gerðu ráð fyrir að veglagningunni lyki 1965. En hvenær hafði áætlun frá Vegagerðinni staðist? (PS: Sagt var að Bandríkjastjórn eða NATÓ hafi mörgum árum fyrr boðist til að leggja veginn landanum að kostnaðarlausu en íslendingar stoltisins vegna afþakkað boð þeirra.)

Hávarður Helgi sat í sætinu til hliðar við Frímenn Áka hinum megin gangvegjarins og spjölludu þeir til að byrja með um allt á milli himins og jarðar.

Er líða tók á samtal manna kom í ljós að Hávarður hafði sent einn sona sinna eftir skólann í sveit um vorið í Flóann á bæ sem stóð gengt samkomustaðnum. En því miður þá bara mundi hann ekki nafn bæjarins en mundi þó að bóndinn væri kallaður Keli og á bænum væru kýr og kindur og að Keli þessi væri mikill ágætismaður, hress og glaðsinna karl sem ætti einkar auðvelt með að hlægja.

Frímenn Áki horfði snöggt á manninn og sagði:

„Ekki vissi ég þetta! Svo þú ert faðir stráksins sem er hjá honum Kela. Bærinn heitir Bleikjukot. Ég sá syni þínum einmitt bregða fyrir á knattspyrnuleik sem fram fór á dögum og er árlegur viðburður í Flóasveit. „ - Frímenni fannst eitt augnablik landið sitt skreppa saman og verða agnar smátt:

„Þetta minnir mig á vískorn sem strákurinn sagði mér í símtali - held ég bara í fyrradag. Vísan er svona. - Hávarður Helgi fór með vísuna fyrir þingmann Akurflokksins:

„ Beljurnar í Bleikjukoti
 baula ekki núna.
 Þær eru allar rólegar
 því enga vantar kúna. „

„ Hann hefur aðeins umorðað þetta heysi ég „ - sagði Frímanni við stoltan faðirinn og strauk fingrunum í gegnum hár sitt frá vinstri til hægri:

„ Heyrðu! „ – Atvik rifjaðist upp fyrir Frímanni sem við það rak aftur upp stór augu og horfði aftur beint á manninn við hlið sér. Margt óvænt rak á fjörur þingmannsins á ferðinni til Keflavíkurflugvallar:

„ Ekki voru það þið sem áðuð í sjoppunni við Hveragerði við afleggjarann til Þorlákshafnar og þömbuðuð Kók fyrir svona tíu dögum!? „ – Kviknað hafði á peru í höfði Frímanns.

Hávarður Helgi nuddaði stundarkorn á sér hökuna hugsandi á svip og reyndi að muna:

„ Ha.... Jú.... Það getur vel passað. Hví spyrðu? -

„ Ég var þarna á ferð á sama tíma á Rússajeppanum með krakkanna. Áfangstaður voru föðurhúsin á Hrafnakoti. „ – Frímanni rak í rokastans:

„ Varst þetta þú og þitt fólk. Ég mann vel eftir Rússajeppanum sem framhjá fór og gónandi telpuandlitinu sem horfði á okkur út um hliðargluggann hjá sér með furðusvip á andlitinu og eitt spurningamerki í framan. „

„ Það hefur þá verið hún Eva mín. Hún blessunin er svo eftirtektarsöm. Ekkert kvikt fer framhjá henni, skal ég segja þér: „ –

„Eftir langa ferð er Kókið gott og ekki skemmir Prins Pólóið heldur. Að vísu fékk ég mér eina pylsu með öllu. Eða voru þær tvær. Ég mann ekki hvort heldur var. „

„Eða kannski þrjár „ - skaut Frímenn inn í og hló og horfði á maga mannsins sem stóð örlítið út í skyrtuna.

Tilviljanirnar riðu auðsjáanlega ekki við einteyming í dag.

Rútan hægði ferðina og stöðvaðist alveg á milli og rétt lullaði áfram á milli. Röð af bílum var fyrir framan þá. Stífla hafði myndast einhvers staðar framan við rúturna sem hindraði, eða alltént hægði verulega á allri umferð til Keflavíkur. Stöðug umferðin á móti hindraði bílstjóra á veginum í að aka framúr.

Og ástæðan kom í ljós.

Lítill fólksbifreið af Fíat gerð hafði lent utan vegar og var lögreglan mætt á svæðið og sjúkraliðar að bera manneskju á börum í átt að blikkandi sjúkrafreið sem lagt hafði verið í veggkantinn í sama mund og rúta þingmannanna ók hjá. Maðurinn var hreyfingarlaus á börnunum og meðvitundarlítill. Verk manna voru fúmlaus og innan tíðar ók sjúkrafreiðin af stað með blikkandi ljós og sírenuna á og flutti særða manneskjuna sem hraðast á sjúkrahús í Reykjavík til aðhlyningar. Í ljós kom í fréttum næsta dag þarna hefði orðið minniháttar slys. Nokkrar skrámur og skurður af högginu. Orsök slyssins var að hjólbarði að framan sprakk og ökumaðurinn, ungur maður nýkominn með bílpróf, missti stjórn á bifreiðinni. Heppni þótti að staðurinn sem bifreiðin lenti á utan vegar var grasbali en ekki grjót eða gjóta sem þarna eru tvíst og bast í hrauninu. Umferðin hafði hægt á sér vegna forvitinna vegfarenda að skoða vegsummerki. Íslensk forvitni. Slys eru þar engin undantekning.

Stór síldarbátur smíðaður úr tré sigldi inn Faxaflóa og var hann lár á sjónum og bar fullfermir af „silfri hafsins.“

„ Þarna siglir Ingvar Guðjónsson „ – sagði Hávarður Helgi og horfði út á flóann og á bátinn og tók skrifblokk upp úr tösku sinni.

„ Sósíalístinn og þingmaðurinn Þorbjörn Einarsson verður þá ekki með okkur við móttöku Loftleiðavélarinnar á eftir. Nema hann sé hættur á bátinum „ – sagði Frímánn Áki og fylgdist með ferð skipsins. Dálítil gára var á sjónum og var vindurinn austanstaður með fjögurra, fimm vindstíga styrk. Maður sást ganga eftir þilfarinu með lunningunni stjórnbórðsmegin og hverfa inn í mannaíbúðirnar afturí:

„ Ég hitt Þorbjörn um daginn er ég var á ferð á Norðurlandi og þá var hann enn á skipinu og sagðist fara nokkra túra í viðbót. Þetta gæti vel verið hans síðasti túr hafi hann ekki breytt áætlun sinni. „ – sagði Hávarður og stríkaði yfir orð í stílabókinni sinni og setti nýtt orð yfir sem passaði betur við það sem á undan kom og eftir fór:

„ Svona! Þetta er skárra. „ – sagði hann eins og við sjálfan sig og stakk pennanum eldsnöggt í blaðið til að gera punkt:

„ Sjáðu til! Formaðurinn okkar og Forsætisráðherra bað mig að vera kláran með nokkur orð ef til kæmi að ég flytti ræðu við komu Loftleiðavélarinnar. Og því eins gott að vera með sitt á hreinu: „

„ Já, það er víst algert lágmark „ – sagði Frímánn Áki og lagðist afturábak í sætið sitt og lét líða úr sér. Hann lokaði augunum og reyndi að sofna. Vélarniðurinn og ruggið í bílnum höfðu róandi áhrif. Aðrir farþegar voru ýmist í afslöppun eins og Frímánn eða með pennanna á lofti eins Hávarður.

Hraunmyndirnar runnu fyrir glugga bifreiðirnar með sínum mosa á og Faxaflóann blasandi við á hægri hönd. Ingvar Guðsónsson var horfin úr augnsýn með sinn síldafarm innanbórðs sem svo mikil áhersla var lögð á í landinu og reyndar allt snérist meira og minna um eins og sumrin á undan. Síld hér. Síld þar. Síldarplön.

Síldarbræðslur. Síld hreinlega allstaðar og allir virtust græða á tá og fingri.

Útvarpið var á og bærust dægurtónarnir um hátalakerfi rúttunnar. Þetta voru mikið lög sem unga fólkið hreyfist af en hinir sem eldri voru létu sér meira svona fátt um finnast. Næsta lag sem heyrðist í kerfinu var með Bítlunum og fékk lagið Frímenn Áka til að hugsa til barnanna sinna heima í Hrafnakoti og vonaði hann innileg að þau væru að hlusta, jafn Bítlaóð og þau nú voru. Lagið var af nýjstu plötu sveitarinnar „ A Hard Days Night „ – „ And I Love Her. “ Lagið hafði hann svo sem heyrt hjá Hannesar bæði heima á Hrafnakoti og sínu eigin heimili í Hlíðunum í Reykjavík, sem hann orðið saknaði svolítið.

Fram kom hjá kynni að búið væri að fullgera kvikmynd með Bítlanna sjálfa í aðalhlutverkum sem þegar hefði farið sigurför um heiminn og til staði að sýna í kvikmyndahúsi í Reykjavík eins fljótt og auðið væri. Frímenn vissi að sýningin gæti ekki farið framhjá honum með þrjú Bítlaóð börn á heimilinu sem öll myndu krefja hann um aura fyrir bíómiða.

Hann heyrði Hávarð Helga blístra lágt með laginu meðfram því sem hann lagfærði stíllinn og gat ekki annað en brosað við tilhugsunina um að við hlið sér sæti enn einn Bítlaóður en nú í svolítið eldri kantinum, sem var þægileg tilbreyting.

Honum rann í brjóst og gleymdi sér stundarkorn en vaknaði við hvæs í hemlunum og leit út um gluggann. Rútan var kyrrestað við varðskýlið inn á sjálfan flugvöllinn. Bandarískur hermaður stóð við glugga bílstjórans sem rétti honum bréfnifsi í gegnum opna framrúðuna hjá sér sem heimilaði farþegum til að fara í gegn án frekari tafa. Hermaðurinn leit á bréfið, kinkaði kolla, heilsaði að hermennasið og bifreiðin hélt ferð sinni áfram. Frímenn Áki leit út um gluggann og sá manninn ganga aftur inn í varðskýklið. Hann horfði til himins og athugaði hvort Loftleiða ferlíkið sæist á himnum. Ekkert bólaði enn á því.

Flugstöðin blasti við og rútan stöðvaðist fyrir framan aðalinnganginn.

Mannskapurinn gekk frá pappírnum og öðru ofan í töskur sínar og stóð á fætur og mjakaðist út úr bifreiðinni.

Ágætis veður var úti og þurrt þótt brugðið gæti til beggja vona. Skyin á himnum sögðu sitt.

Inn í flugstöðinni var fjöldi prúðbúinna manna og kvenna og þingmenn á staðnum hver með sitt boðskort.

Frímenn Áki gekk inn í flugstöðvarbygginguna ásamt föruneyti. Menntókust í hendur og ávörpuðu hvorn annan. Þjónn kom fram og vísaði þeim inn í sal til hliðar við aðalsal flugstöðvarinnar. Þar skildu þeir bíða komu vélarinnar. Flugvélin tafðist um hálf tíma. Ákveðið var að taka sveig og fljúga henni hring yfir Surtsey með farþega og skoða náttúruvundrið í hafinu suður af landinu. Hringssólið var svona bónus fyrir farþeganna á annars þægilega ferð frá Ameríku yfir hafið til Íslands. Þykkur reykjarmökkur var á gossvæðinu og stóð hann marga kílómetra upp í loftið og sást víða á góðviðrisdögum. Stórfengleg sjón blasti við út um glugga flugvélarinnar sem fór hringinn í kringum þykkann og þéttan reykjarmökkinn áður hún tók aftur stefnuna til Keflavíkur.

Þingmannahópnum var þjónað til borðs. Boðið var upp á bakkelsi og kaffi, gos og sterkari drykki fyrir þá sem vildu.

Frímenn Áki skimaði eftir Þorbirni Einarssyni. En hann var hvergi sjáanlegur og ekki á meðal þeirra.

Vélargnýr barst inn til þeirra úr lofti. Menntóku á fætur og hlupu að glugganum til sjá það sem fyrir augun bar. Sumir héldu á glasi eða kaffibolla og góndu til vesturs þaðan sem hljóðið barst. Sumir á staðnum stungu upp í sig tertubita sem þeir gripu með sér á hlaupunum og var hafnfirðingurinn Hávarður einn þeirra.

Og viti menn. Glæsileg fjögurra hreyfla vél sást á lofti í vesturátt og eins og leið áfram og tók hring yfir svæðinu og bjóst til landingar. Ferlíkið lækkaði flugið uns hjólin snertu jörðina og flugvélin rann til að byrja með á ógnarhraða eftir malbikaðri flugbrautinni og hægði svo ferðina og nam staðar við flugstöðina. Í ljós kom að flugtími vélarinnar frá New Yourk var um þremur og hálfum klukkutíma skemmri en gerðist með aðrar vélar félagsins og rúma sex klukkutíma yfir hafið. Sem þótti gott.

Eftir stutt erindi Hreins Ólafssonar Forsætisráðherra Íslands steig allur hópurinn um borð og vélinni flogið lagflug yfir Reykjavík og nágrenni til sýnis íbúum staðanna. Ferðin hafði áður verið auglýst í blöðum og útvarpi og þustu margir út til að líta fagran farkostinn augum undireins og vélargnýrinn barst. Sem var merkið til fólksins um þetta tiltekna flug. Þarna flaug hún tignarleg yfir höfðum þeirra.

Þorbjörn Einarsson sem staddur var í Hafnarfjarðarhöfn, klæddur í klostígvélum og sjóstakk, stóð ofan í miðjum síldarhug á þilfari Ingvars Guðjónssonar með síldarháf í hönd og mokaði „silfrinu „ í löndunartrog ásamt öðrum hásetum. Hann rétti augnablik úr sér og horfði á flugvélinu svífa yfir höfði sér og hverfa í vesturátt. Honum eins og öðrum landsmönnum fannst mikið til vélarinnar koma. Hann valdi fyrir sína parta að fara nokkra túra á síldarbát og afþakkaði því boð Loftleiðamanna um að vera í móttökunefndinni á Keflavíkurflugvelli. Enda ekki hægt að gera tvennt í einu. Og menn velja.

Einni klukkustund síðar lenti vél Loftleiða aftur á Keflavíkurflugvelli.

Blaðmenn voru á staðnum og blaðaljósmyndarar munduðu vélum sínum og smelltu af í gríð og erg og skiptu um filmur í vélum sínum til að eiga nóg efni að móða úr fyrir blað sitt. Blaðaljósmyndari Tímans var og þarna og tók vitaskuld myndir af sínu fólki og blaðamaðurinn sömuleiðis viðtöl við sína menn til birtingar í blaðinu næsta dag. Mest mæddi á formanni Akurflokksins Hafsteini Bóassyni líkt og oftast áður.

Heima í Hlíðunum.

Og tíminn leið. Fjölskyldan fór úr sveitinni og kom sér fyrir í Hlíðunum. Blóminn í gluggunum voru lífleg. Nágrannakonan hafði staðið við sitt og vökvað þessi blóm sem Hulda lagði mikla alúð við. Hannes varð eftir hjá afa sínum og ömmu til haustsins. Eða uns skólinn hæfist. Hann var orðin nógu gamall til að hjálpa til við sveitastörfin og vel brúklegur þar. Eva vildi ólm fá að verða eftir en ekki var við það komandi. Eftir grát og suð var henni lofað að fara aftur seinna um sumarið með þá rútu til Selfoss og afi sækti hana þangað á Willisnum. Þetta mildaði málið og sættir tókust. Kári var sáttur við að fara og var hann svona mesta borgarbarnið af systkinunum og undi sér vel í borginni með vinum sínum.

Er fjölskyldan stóð á hlaði Hrafnakots ásamt heimilisfólki og þau um það bil að aka á brott kom dökkraen sendibifreið akandi eftir heimreiðinni og stansaði á hlaðinu hjá fólkinu. Út steig brosandí maður. Hér var kominn Jóhannes Jensson, Jói sölumaður, á venjubundinni söluferð um sveitir landsins.

Fjölskylda Frímanns Áka settist inn í Gaz- jeppa fjölskyldunnar og mótörinn var gangsettur. Hundarnir vöppuðu í kringum fólkið og dilluðu rófunum í takt og þefuðu eins og hunda er siður. Jói sölumaður varð eftir en kom í humátt á eftir þeim og beygði til vinstri í austurátt öndvert við Frímann sem beygði til hægri áleiðis til Reykjavíkur. Fólkið á Hrafnakoti þarfnadist ekki nýrra flíka eins og á stóð. Aldrei var þó að vita hvað gerðist næst er Jói léti sjá sig á hlaði Hrafnakots. Svona var líf sölumannsins. Stundum seldist eitthvað. Stundum ekkert. Og þeir einir fiska sem róa.

Ferðin yfir fjallið og til Reykjavíkur var tíðindalaus. Bíll á stangli og umferð undir meðallagi.

Heima var allt við sama. Gangstígurinn heim að húsinu var hreinn og snyrtilegur. Frímann Áki og Hulda tóku hvor sína ferðatöskuna og gengu heim að húsinu. Eva og Kári fóru strax að trjánum sem stóðu í garðinum og byrjuðu að klifra upp eftir einum trjábólnum. Er

inn kom tók á móti fólkinu þessi þögli undarlegi friður sem umlykur hús sem ekki hefur verið gengið um í lengi og umfaðmaði íbúana á sinn sérstaka hátt. Þegar allar töskur voru komnar í hús gekk Frímanna Áki inn í eldhús og settist við eldhúsborðið. Dagblaðið Tíminn lá í stafla á eldhúsborðinu. Frúin sem sá um blóminn hafði haldið blöðunum til haga og komið þeim fyrir á öðrum enda borðsins.

Hulda seti ketilinn undir vatnskranana og lét ískalt vatn buna ofan í belginn í kaffi. Frímánn tók nýjasta dagblaðið og fletti blaðinu. Kári og Eva komu inn rjóð í kinnnum og fóru inn sín herbergi og innan tíðar barst tónlist fram til fullorðna fólksins:

„Æi greyin mín lækkið þetta garg „ – Frímánn vildi fá andartaks frið frá þessari endalausú tónlist.

Tónlistin inn í herberginu lækkaði en náði aftur sömu hæðum og áður á meðan lagið Plase Plase Me með the Beatles rann í gegn.

Fyrsta sem mætti augum Frímánn úr Tímanum var frétt um að B.Ú.R væri búin að leggja tveim af togurum sínum um óákveðinn tíma. Togararnir höfðu verið að veiðum fram til þessa og landað afla sínum heima og skaffað fólkinu vinnu. En núna horfði örðuvísi við með ákvörðuninni um að binda þessi miklu skip og jafnvel selja úr landi:

„ Þetta snýst orðið allt um þessa síld og ekki nokkur leið að manna togarana og þeim er barasta lagt. „ – sagði Frímánn við Huldu konu sína sem taldi nokkrar skeiðar af kaffi út í kaffipokann á meðan vatnið í katlinum hamaðist við að ná upp suðu og setti með hálfa köku af Exporti, kaffibætir, til að drýgja með kaffið.

Í sama blaði kom og fram að Gullfoss væri á leið heim til Íslands með forsetahjónin um borð að lokinni þriggja daga opinber heimsókn þeirra til Kaupmannahafnar.

Um miðjan júlí fór faðir Evu með hana í rútuna og sendi aftur í sveitina eins og lofað var og myndi hún vera hjá afa sínum og ömmu í um vikutíma og koma svo til baka með rútu. Að senda svo ungt barn eitt var í lagi. Bílstjórinn lofaði að gæta hennar uns komið væri á áfangastað þar sem Úlfar tæki við henni. Málið allt var í góðum farvegi og með engan óvissuþátt allt til enda.

Alþingi sett.

Um haustið var kallað til þingsetningar og Hæstvirt Alþingi sett með viðeigandi hætti. Kjörnir þingmenn mættu á svæðið og var þeim úthlutað embættum bæði í efri og neðri deildum þingsins.

Þorbjörn Einarsson var og þarna í sínu fínasta pússi og síldveiðarnar ekki lengur hans hlutskipti heldur störf Alþingis. Að veita ríkisstjórninni sitt aðhald var mál stjórnarandstæðingsins á hinu háa Alþingi Íslendinga.

Forseti Alþingis setti þetta þing með stuttri ræðu. Fréttamenn og þeir sem tilheyra fjölmiðlum á Íslandi létu sig ekki vanta og fjöldi ljósmynda teknar sem og viðtöl við kjörna fulltrúa.

Margt lá fyrir þinginu þetta haust og margt sem þurfti að afgreiða.

Vegur Bítlanna og annarra hljómsveita af svipuðum toga óx jafnt og þétt í heiminum og heima. Kvikmyndin sem gerð var um sveitina átti sinn þátt í þessum öra vexti.

Að kvöldi dags kom þreyttur þingmaður heim í Hlíðarnar í Reykjavík eftir erilsaman dag og fjöldann allan af viðtölum bæði við fréttamenn og aðra sem vildu eiga við hann tal og spyrja spjörunum úr. Og sjaldan þessu vant ríkti þögn í húsinu og ekkert Bitla...-Bítlagarg mætti honum.

Endir.